Ekkert skemmtilegra en að leika

Í Kommúnunni skipta fjórir hressir krakkar á aldrinum 12-13 ára með sér hlutverkum og halda brátt utan, meðal annars til Mexíkó með sýningunni.

34

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. apríl 2008 — 92. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Sala á bílum hrunin með falli krónunnar

Gengislækkun krónunnar gerir að verkum að vikuleg sala á nýjum bílum er nú aðeins þriðjungur af því sem hún var allt þetta ár. Verð á bílum hefur hækkað mikið en bílasalar segjast þó halda aftur af hækkunum.

VERSLUN Sala á nýjum bílum er að segja má hrunin eftir gengisfall krónunnar. Í vikunni sem er að líða seldist aðeins þriðjungur þess bílafjölda sem selst hefur vikulega það sem af er árinu.

Bílasalar segjast hafa reynt að halda aftur af sér í verðhækkunum en þær hafa þó verið umtalsverðar.

„Það er engin launung að fólk er miklu minna að skoða nýja bíla," segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri Ingvars Helgasonar, sem kveður stöðuna einkennast af því að menn taki einn dag í einu og bíði átekta. „Við bíðum eftir að sjá hvar þetta endanlega jafnar sig og almenningur gerir það líka."

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar og formaður Bílgreinasambandsins, tekur undir að afar rólegt hafi verið á markaðnum frá því í síðustu viku.

„Þegar krónan veikist svona skarpt finnur bílgreinin mjög hratt fyrir samdrætti í sölu því mjög stór hluti af bílverði er erlendur kostnaður. Þegar umræðan er í hámarki og dýfan er sem dýpst heldur fólk náttúrulega að sér höndum. Síðan fer það að laga sig að aðstæðum og kemur út á markaðinn aftur," segir Egill.

Aðeins var skráður 151 bíll í vikunni eftir páska, samanborið við 281 bíl vikuna á undan og 275 bíla vikuna þar á undan, og í vikunni sem er að líða höfðu aðeins verið skráðir 105 bílar á hádegi á föstudag. Þrátt fyrir þetta bakslag jókst sala nýrra bíla um fjórtán prósent fyrstu þrjá mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. - gar/sjá síðu 4

SMÁATRIÐIN SKIPTA MÁLI

Jóhann Meunier ræðir um tískuheim Parísar, verslunina Liborius og fyrirhugað samstarf við Epal.

30

VEÐRIÐ Í DAG



FLOTT VEÐUR Í dag verða norðan 5-13 m/s allra austast annars hægviðri. Skýjað með köflum á Norðaustur- og Austurlandi annars bjartviðri. Frostlaust syðra að deginum.

VEÐUR 4

DEYR EKKI RÁÐALAUS María Ponce er 76 ára gömul og býr í þorpinu El Borbollon í El Salvador. María lét ekki fátækt sína koma í veg fyrir að hún kæmi sér þaki yfir höfuðið. Þar sem hún hafði ekki efni á hefðbundnum byggingarefnum þá nýtti hún tómar plastflöskur sem féllu til og byggði sér hús úr þeim. NORDICPHOTOS/AFP

Erró á uppboði:

Verkið metið á 47 milljónir

MENNING Stórt málverk eftir Erró, úr Scape-seríu hans frá 1972-1974, er á uppboði í París í kvöld. Verkið er metið á 35-47 milljónir íslenskra króna.

ERRÓ

Verkið heitir Lovescape og er 2x3 metrar. Það er úr sömu seríu og verkið Comicscape, sem metið var á svipuðu verði í desember síðastliðnum. Það verk seldist á 720 þúsund evrur. Má búast við að verkið seljist á mun hærra verði en matsverði. - pbb

Eftirspurn á bítlaslóðir:

Þingmaður á leið í bítlaferð

MENNING „Já, ef Guð lofar. Þá fer ég með," segir Grétar Mar Jónsson alþingismaður. Félag tónskálda og textahöfunda vinnur nú að því að taka saman lista yfir þá hundrað heppnu sem sóttu um að komast með félaginu í afmælis- og pílagrímsför til Liverpool, á bítlaslóðir, 30. maí. Formaður félagsins, Jakob Frímann Magnússon, segir þá sem skráðir eru í félagið sitja fyrir. En þeir félagar sem ætla með ná ekki hundrað og er því biðlisti. - jbg/ sjá síðu 58

Keflavík sigraði í kvennakörfu:

Íslandsmeistari í þrettánda sinn

KÖRFUBOLTI Keflavík tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik kvenna í þrettánda sinn í gær þegar liðið lagði KR að velli með eins stigs mun, 91-90. Keflavík varð fyrsta liðið til að vinna sex leiki í röð í úrslitakeppni kvenna.

- óój / sjá síðu 44

Leiguþota Geirs og Ingibjargar losaði um 11,2 tonn af koltvísýringi:

Áttatíu tré kolefnisjafna flugið

UMHVERFISMÁL Leiguþota Geirs H. Haarde forsætisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra og föruneytis lenti á Reykjavíkurflugvelli um klukkan sex í gær. Voru þau að koma af fundi NATO í Búkarest í Rúmeníu.

Samkvæmt útreikningum á heimasíðu The Carbon Neutral Company má áætla að einkaþotan hafi losað 11,2 tonn af koltvísýringi (CO_2) á leiðinni fram og til baka. Til þess að kolefnisjafna flugferðina þyrftu ráðuneytin að planta tæplega áttatíu trjám.

Um sex klukkustundir tekur að fljúga frá Reykjavík til Búkarest og kom flugvélin við í Stafangri í Noregi þar sem tekið var eldsneyti.

Fréttavefurinn Vísir greindi frá því á þriðjudaginn að kostnaður við leigu á þotunni væri líklega um 60 þúsund evrur eða 7,2 milljónir króna. Daginn eftir var haft eftir Grétu Ingþórsdóttur, aðstoðarmanni forsætisráðherra, að kostnaðarauki við leigu á einkaþotunni, í stað þess að farþegar færu með áætlunarflugi, væri á bilinu 100 til 300 þúsund krónur. - ovd

ESEDRA

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

OPIÐ
til 20
alla daga
í öllum
verslunum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Kjartan, geta Sjálfstæðismenn ekki reynt að fá útrás öðruvísi?

Við ættum kannski að REIna það.

Kjartan Magnússon er stjórnarformaður Orkuveitunnar og REI. Sjálfstæðismenn hafa að undanförnu eytt miklu púðri í að ræða um hlutverk OR á erlendri grund og eru ekki alltaf á eitt sáttir um það.

Annríki hjá lögreglu á höfuðborgarsvæðinu vegna fíkniefnamála:

Tók marijúana og 600 þúsund

LÖGREGLUMÁL Fíkniefni og fjármunir fundust við húsleit lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í Breiðholti í fyrrakvöld. Talið er að um sé að ræða 70 grömm af marijúana. Einnig var lagt hald á rúmlega 600 þúsund krónur í peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Karlmaður og kona á þrítugsaldri voru handtekin vegna rannsóknar málsins. Húsleitin var framkvæmd að undangengnum dómsúrskurði.

Fjögur önnur fíkniefnamál komu til kasta lögreglunnar í fyrradag og fyrrinótt. Tveir karlmenn, annar á fimmtugsaldri en hinn undir tvítugu, voru handteknir í miðborginni síðdegis. Á mönnunum, sem voru báðir í annarlegu ástandi, fundust ætluð fíkniefni. Í fyrrakvöld var tæplega þrítugur karlmaður stöðvaður í Breiðholti en hann var með marijúana í fórum sínum. Nokkru síðar, eða um miðnætti, var karlmaður á líkum aldri stöðvaður í miðborginni en við leit á honum fundust einnig ætluð fíkniefni. Snemma í gærmorgun var rúmlega fertugur karl færður á lögreglustöð. Hann var líka tekinn í miðborginni og var með hass í fórum sínum.

- jss

HASS OG MARIJÚANA Nokkurt magn af hassi og marijúana var tekið víðsvegar um borgina, auk fjármuna.

Hagur bænda vænkast:

Kjarnfóðurtollar felldir niður

LANDBÚNAÐARMÁL **Einar K. Guðfinnsson landbúnaðarráðherra greindi frá því á aðalfundi Landssambands kúabænda í gær að kjarnfóðurtollar verði felldir niður á öllum fóðurblöndum frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins frá og með 1. maí. Óbreytt gjald verður innheimt af fóðurblöndum frá öðrum löndum. Tollurinn er 3,90 krónur á hvert kíló af blönduðu fóðri.**

Breytingin verður tímabundin og ræðst framhaldið af því hvernig samningar um gagnkvæmar tollaívilnanir á landbúnaðarvörum þróast á milli Íslands og Evrópusambandsins.

- shá

REI kannar verkefni í Jemen og Eþíópíu

Stjórnendur REI munu um helgina funda með embættismönnum og forsvarsmönnum fyrirtækja í Jemen og Eþíópíu um aðkomu að orkuverkefnum. Skiptar skoðanir eru innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna um útrásarverkefni.

SVEITASTJÓRNARMÁL Stjórnendur Reykjavík Engergy Invest (REI), útrásararms Orkuveitu Reykjavíkur (OR), munu um helgina funda með embættismönnum og stjórnendum fyrirtækja í Jemen og Eþíópíu um samstarf að orkuverkefnum. Undirbúningi að uppsetningu jarðvarmavirkjunar í Djíbútí verður einnig framhaldið. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa að undanförnu deilt um hverjar áherslur Orkuveitunnar eigi að vera varðandi verkefni á erlendri grundu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Því hafnar Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitunnar og REI.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að ekki sé full sátt innan borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins um útrásarverkefni REI, og um þau hafi verið deilt að undanförnu. Þrátt fyrir virðist þó ekki vera verkefni í Djíbútí, enda hafa þau verið lengi í bígerð. Öðru máli gegni um ný verkefni í Jemen og Eþíópíu. Kjartan Magnússon segir hins vegar að full samstaða sé innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna um málið. Í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær sagði Gísli Marteinn Baldursson að hann hefði ekki áhuga á því að Orkuveitan nýtti skattfé til áhættuverkefna erlendis. Hann hefði jafnframt aldrei legið á þeirri skoðun sinni. Kjartan segir að ekki hafi komið til neinna nýrra fjárskuldbindinga af hálfu fyrirtækisins. Því séu viðræðurnar og hugsanlegt framhald á samstarfi ekki þrætuepli innan borgarstjórnarflokksins.

FRÁ UNDIRRITUN Guðmundur Þóroddsson, forstjóri REI, undirritar samning um jarðhitanýtingu í Djíbútí við Mahmoud Ali Youssouf, utanríkisráðherra landsins, í janúar. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var viðstaddur. MYND/FORSETAEMBÆTTIÐ

Kjartan segir að verkefnið sé að ræða við heimamenn í Jemen og Eþíópíu um mögulega aðkomu fyrirtækisins að orkuverkefnum. „Þetta hefur verið til skoðunar hjá fyrirtækinu í nokkurn tíma en er mun skemmra á veg komið en verkefnin í Djíbútí. Við munum undirrita viljayfirlýsingu um samstarf í Eþíópíu en óvíst er hvort til þess komi í Jemen. Við munum þó ræða við þarlend stjórnvöld og fyrirtæki um þeirra áhuga, sem er mikill að því er ég best veit.“ Spurður hvort vonast sé til að viðræðurnar leiði til svipaðrar niðurstöðu og í Djíbútí, þar sem líklegt er að fyrirtækið standi að uppsetningu 50 til 100 megavatta jarðvarmavirkjunar sem tryggi orkusölusamning við djíbútísk stjórnvöld til tuttugu ára, segir Kjartan að það muni viðræðurnar leiða í ljós. „Ef þetta lítur vel út er freistandi að hefja verkefni í þessum tveimur ríkjum. Svo leiðir tíminn í ljós hvað það yrði og hvernig það yrði fjármagnað, en sérstaka fjármögnun þyrfti í slík verkefni.“

svavar@frettabladid.is

Á FUNDI Sturla Jónsson og félagar funduðu með samgönguráðherra í gær.

Kergja meðal bílstjóra:

Engra breytinga að vænta

MÓTMÆLI Engra breytinga er að vænta í bráð eftir fund Kristjáns L. Möller samgönguráðherra og fulltrúa atvinnubílstjóra sem fram fór í gær.

Sturla Jónsson, talsmaður bílstjóra, sagði að niðurstaðan af fundinum hefði verið lítil. „Ástandið hefur ekkert breyst. Það var í sjálfu sér fínt að hitta ráðherra, en við viljum að menn vinni sína vinnu. Það er kergja í okkur.“

„Að mínu mati var fundurinn ágætur,“ segir Kristján L. Möller. „Við höfum fengið tillögur frá Samtökum atvinnulífsins og ASÍ um undanþáguákvæði sem við hyggjumst fylgja eftir og ætlum að fara með til eftirlitsstofnunar EFTA.“ Kristján segist hafa boðið bílstjórunum að fara yfir tillögurnar og láta þau í ráðuneytinu vita ef þeir hefðu eitthvað meira fram að færa.

- kp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Kastaðist út úr bílnum

Ökumaður bíls með átta farþega innanborðs missti stjórn í hálku og valt út af veginum við bæinn Hóla í Öxnadal í gærmorgun. Farþegi kastaðist út úr bílnum en er ekki talinn alvarlega slasaður.

SJÁVARÚTVEGUR

Mokhumarveiði

Humarvertíðin er hafin og lofar byrjunin mjög góðu. Fyrstu bátarnir héldu út strax eftir páska og hefur aflinn verið afbragðsgóður suðaustanlands, nánar tiltekið í Hornafjarðardýpi. Enn sem komið er hafa aðeins fjórir bátar hafið veiðar, allir frá Þorlákshöfn.

Spenna í Simbabve:

Samþykkja úrslitaumferð

SIMBABVE, AP **Menn í herbúðum Roberts Mugabe, forseta Simbabves, sögðu í gær að þeir hefðu fallist á að efnt yrði til úrslitaumferðar forsetakosninganna sem fram fóru fyrir viku.**

Þetta var fyrsta opinbera viðurkenning stjórnarliðsins á því að hinn 84 ára gamli Mugabe hefði ekki unnið kosningarnar. Hundruð vopnaðra uppgjafahermanna úr sjálfstæðisstríðinu gengu fylktu liði um götur Harare í gær.

Enn er opinberra úrslita beðið.

- aa

Söfnun fyrir Hannes:

Neitar að gefa upp hve mikið hefur safnast

SÖFNUN „Við erum að hjálpa Hannesi að mæta þessum kostnaði og það sér nú ekki fyrir endann á því,“ segir Friðbjörn Orri Ketilsson, forsvarsmaður hóps sem stendur fyrir fjársöfnun fyrir Hannes Hólmstein Gissurarson prófessor. Friðbjörn Orri segir söfnunina ganga vel en vill ekki gefa upp hve mikið hefur safnast. Markmiðið er að safna að minnsta kosti þeim rúmu þremur milljónum króna sem Hannes var dæmdur í Hæstarétti til að greiða Auði, ekkju Halldórs Laxness. „Svo þarf auðvitað að mæta frekari kostnaði í Bretlandi. En við erum ánægðir og þakklátir öllum þeim sem hafa lagt fé til söfnunarinnar.“

FRIÐBJÖRN ORRI KETILSSON

- ovd

Íslendingurinn áfram í einangrun í Færeyjum vegna Pólstjörnumáls:

Ákæruvaldið mun krefjast tíu ára fangelsis að lágmarki

DÓMSMÁL Ákæruvaldið í Færeyjum mun krefjast tíu ára fangelsisvistar að lágmarki yfir Íslendingi sem setið hefur þar í fangelsi og einangrun svo mánuðum skiptir vegna meintrar aðildar að Pólstjörnumálinu. Þetta segir Linda Margarete Hasselberg, saksóknari í málinu, við Fréttablaðið.

Gæsluvarðhald yfir manninum rann út í gær, en hann féllst á að sitja áfram í gæslu og einangrun þar til að réttarhöldum loknum. Hann þurfti því ekki að mæta fyrir dómara, sem ella hefði orðið. Það er hins vegar á valdi saksóknara í málinu hvort honum verður haldið í einangrun til 11. apríl. Þá á að ganga dómur í málinu ef tímasetningar standast.

Á mánudag hefjast réttarhöld í málinu. Þá verður kviðdómur kallaður saman og vitnaleiðslur hefjast. Einn mannanna fjögurra sem sitja í fangelsi á Litla-Hrauni vegna Pólstjörnumálsins mun bera vitni í máli Íslendingsins. Hann fer út í lögreglufylgd eftir helgina til að mæta fyrir dóminn.

Hinn 11. apríl er svo að vænta niðurstöðu kviðdóms um sekt eða sakleysi Íslendingsins. Þeirri niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja, að sögn saksóknara. Verði maðurinn fundinn sekur ákveða dómari og kviðdómur refsingu hans. Þeirri ákvörðun er hægt að áfrýja til æðri dómstóls.

FÆREYJAR Maðurinn situr inni fyrir meinta hlutdeild í einu stærsta fíkniefnasmyglmáli sögunnar.

- jss

Evrópuverð í Blómavali

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

GENGIÐ 04.04.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	74,21	74,57
Sterlingspund	148,44	149,16
Evra	116,70	117,36
Dönsk króna	15,644	15,736
Norsk króna	14,599	14,685
Sænsk króna	12,453	12,525
Japanskt jen	0,7251	0,7293
SDR	121,45	122,17

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
150,3984
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Seta í öryggisráði SÞ kallar á endurskipulagningu íslensku utanríkisþjónustunnar:

Gæti þurft að fjölga starfsfólki

STJÓRNMÁL Fari svo að Ísland nái kjöri í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þarf að endurskipuleggja íslensku utanríkisþjónustuna.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að yrði Ísland kjörið til setu í ráðinu þyrfti hugsanlega að fjölga starfsmönnum utanríkisþjónustunnar. Starfsfólki yrði mögulega fjölgað í ráðuneytinu í Reykjavík sem og í sendiráðum okkar í þeim ríkjum sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu. Þá þyrfti að styrkja fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR utanríkisráðherra.

Kosið verður til öryggisráðsins í október og hefst kjörtímabilið 1. janúar 2009. Innan utanríkisráðuneytisins og á vettvangi ríkisstjórnarinnar hefur framboð Íslands verið kynnt fyrir flestum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Hafa bæði formlegar leiðir og persónuleg tengsl verið nýtt.

Ingibjörg Sólrún segir ómögulegt að segja til um möguleikana á að Ísland nái kjöri, atkvæðagreiðslan sé leynileg, fastafulltrúar ríkja hjá Sameinuðu þjóðunum greiði atkvæði og ekki sé hægt að taka öllum vilyrðum fyrir atkvæðum sem gefnum. „En þetta er vitanlega möguleiki núna, sem það var ekki fyrir ári," segir Ingibjörg Sólrún.

- bþs

Karlmaður í gæsluvarðhaldi:

Meint misnotkun á dætrum

LÖGREGLUMÁL Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú meint kynferðisbrot rúmlega fimmtugs karlmanns gegn tveimur dætrum sínum.

Maðurinn var í fyrradag úrskurðaður í gæsluvarðhald í eina viku vegna rannsóknarinnar. Hann er grunaður um að hafa misnotað tvær dætur sínar, jafnvel um nokkurt skeið. Þær eru átta og þrettán ára.

Rannsókn kynferðisbrotadeildar snýst meðal annars um það hvort fleiri börn kunni að koma við sögu í málinu.

- jss

VIÐ RÆTUR ESJUNNAR Göngumennirnir höfðu samband við Neyðarlínuna og óskuðu aðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Björgunarsveitir kallaðar til:

Bjargað úr sjálfheldu í Esjunni

BJÖRGUN Félagar úr Slysavarnafélaginu Landsbjörg sóttu í gær tvo erlenda ferðamenn sem voru í sjálfheldu í Þverfellshorni í hlíðum Esjunnar.

Um klukkan tvö í gær barst Neyðarlínunni símtal frá mönnunum og voru björgunarsveitir þá sendar á vettvang. Hjálmar Örn Guðmarsson, í svæðisstjórn björgunarsveitanna, segir að mennirnir hafi verið þokkalega búnir en ekki treyst sér niður vegna mikillar hálku. Alls voru 24 björgunarsveitarmenn kallaðir út. Fór hluti þeirra upp til mannanna og liðsinnti þeim niður úr sjálfheldunni og að bílum sem óku þeim niður á bílastæði. Voru mennirnir kaldir en ekkert amaði að þeim að öðru leyti. Aðgerðum lauk um klukkan hálf fimm. **- ovd**

Kópavogur endurfjármagnar:

Erlent lán fyrir fjóra milljarða

SVEITARSTJÓRNIR Kópavogsbær ætlar að taka að láni jafnvirði 4,1 milljarðs króna í erlendri mynt.

Bæjarráð hefur heimilað Gunnari I. Birgissyni bæjarstjóra að ganga frá lántökunni í erlendri mynt sem svari til allt að 35 milljónum evra.

„Lán þetta er ætlað til endurfjármögnunar á óhagstæðum lánum bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt," segir í bókun bæjarráðs um lántökuna. **- gar**

Sala nýrra bíla fraus við hrun krónunnar

Þrefalt færri bílar voru nýskráðir í vikunni sem er að líða en fyrstu þrjár vikurnar í mars. Verðhækkanir og óvissa í kjölfar falls krónunnar eru aðalástæðurnar. Menn sjá fyrir allt að þriðjungs samdrátt í sölunni miðað við áætlanir.

VERSLUN „Við höfum fundið það klárlega síðustu dagana að það er verulegur viðsnúningur," segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri Ingvars Helgasonar, um sölufall á nýjum bílum á síðustu dögum.

Sala á nýjum bílum hrundi eftir páska. Ástæðan er gengisfall krónunnar, hækkun verðs á nýjum bílum í kjölfarið og óvissa um framhaldið. Þannig var aðeins skráður 151 bíll í vikunni eftir páska samanborið við 281 bíl vikuna á undan og 275 bíla vikuna þar á undan. Og í vikunni sem er að líða höfðu aðeins verið skráðir 105 bílar á hádegi á föstudag. Þrátt fyrir þetta bakslag hefur sala nýrra bíla aukist um fjórtán prósent það sem af er árinu miðað við sama tíma í fyrra.

LOFTUR ÁGÚSTSSON

„Það er engin launung að fólk er miklu minna að skoða nýja bíla," segir Loftur Ágústsson, sem kveður stöðuna einkennast af því að menn spili dag frá degi og bíði átekta.

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar og formaður Bílgreinasambandsins, tekur undir að afar rólegt hafi verið á markaðnum frá því í síðustu viku. „Þegar krónan veikist svona skarpt finnur bílgreinin mjög hratt fyrir samdrætti í sölu því mjög stór hluti af bílverði er erlendur kostnaður. Og þegar umræðan er í hámarki og dýfan er sem dýpst heldur fólk náttúrulega að sér höndum. Síðan fer það að laga sig að aðstæðum og kemur út á markaðinn aftur," segir hann.

SALA NÝRRA BÍLA OG GENGI KRÓNUNNAR 2008



ÞRÓUNIN 2008 Gengisvísitalan hefur hækkað um 28 prósent frá því um áramót og krónan fallið sem því nemur. Eins og sjá má fylgdi fall í bílasölu snarpri lækkun krónunnar um miðjan mars.

* MV. HÁDEGI FÖSTUDAGINN 4. APRÍL HEIMILDIR: UMFERÐARSTOFA OG SEÐLABANKI ÍSLANDS

Að sögn Lofts hefur verð á nýjum bílum hjá Ingvari Helgasyni hækkað um allt að fimmtán prósent að undanförnu. „Við höfum reynt að halda aftur af okkur í hækkunum eins og við frekast getum en getum ekki lifað með þessar sveiflur til lengdar," segir hann.

Egill segir að hjá Brimborg hafi hækkunin numið á bilinu níu til tólf prósent, mest eftir páska. „En við höfum ekki sett nema um þriðjung af lækkun krónunnar út í verðið því menn eru að vona að þetta gangi til baka."

Fyrstu þrjá mánuði ársins seldust um fjögur þúsund nýir bílar. Reiknað hefur verið með að salan yrði allt að fimmtán þúsund nýir bílar á árinu öllu. Loftur telur að jafni gengi krónunnar sig ekki muni sala á nýjum bílum verða allt að þriðjungi minni. „Þá verður þetta tæpast nema um tíu þúsund bíla markaður á árinu," segir hann.

gar@frettabladid.is

OPNUN Ledrastrætis fyrir og eftir opnun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nikósía á Kýpur:

Miðborgargata opin eftir 34 ár

KÝPUR, AP Múr sem lokað hafði fyrir umferð um Ledrastræti í miðborg kýpversku höfuðborgarinnar Nikósíu var rifinn í fyrradag, en hann hafði allt frá innrás tyrkneska hersins á eyna fyrir 34 árum verið tákn fyrir skiptingu hennar milli Kýpur-Tyrkja og Kýpur-Grikkja.

Eftir fögnuðinn yfir þessum áfanga kom í gær bakslag vegna deilu sem kom upp er kýpur-tyrkneskir lögreglumenn fóru inn hinn nýopnaða hluta Ledrastrætis á hlutlausa svæðinu. Kýpur-gríski forsetinn Dimitris Christofias hraðaði sér heim af ráðstefnu í Lundúnum vegna málsins.

Opnun Ledrastrætis vekur vonir um að nú kunni að hilla undir endursameiningu eyjarinnar. **- aa**

EYJAFJARÐARSVEIT

Nýr sveitarstjóri

Guðmundur Jóhannsson hefur verið ráðinn sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit og tekur við 1. júní af Bjarna Kristjánssyni. Guðmundur var þjónustustjóri Símans á Norðurlandi á árunum 1998-2006. Guðmundur er kvæntur Evu Ingólfsdóttur og eiga þau fjögur börn.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

HLÝNAR EITTHVAÐ EFTIR HELGI
Sé litið inn í næstu vinnuviku má greina að heldur muni hlýna. Við erum þó fyrst og fremst að tala um mánudag til miðvikudags og þá er um við að tala um að hitinn hlaupi á bilinu 2-8 stig. Hins vegar frystir á ný á fimmtudag einkum nyrðra.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	5°
Billund	9°
Ósló	8°
Stokkhólmur	10°
Gautaborg	11°
London	11°
París	11°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	8°
Berlín	12°
Alicante	20°
Mallorca	19°
Basel	13°
Eindhoven	10°
Las Palmas	21°
New York	14°
Orlando	29°
San Francisco	13°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

OPIÐ Í DAG
11-18

3. - 7. apríl

KAUPHLAUP

í Smáralind

NÝJAR VÖRUR MEÐ 20-50% AFSLÆTTI

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM32895

KJÖRKASSINN

Vilt þú að ríkið ráðstafi hærri upphæðum en nú er gert til öryggis- og löggæslu?

Já	79,4%
Nei	20,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú verið teppt(ur) í umferðinni vegna mótmælaaðgerða atvinnubílstjóra?

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Nýr formaður, Guðmundur Ragnarsson, kjörinn á aðalfundi VM:

Bíðum átekta varðandi kjörin

VINNUMARKAÐUR Guðmundur Ragnarsson var í gær kjörinn formaður VM, félags vélstjóra og málmtæknimanna. Bæði Örn Friðriksson og Helgi Laxdal, sem gegnt hafa formennsku og varaformennsku til skiptis, eru hættir störfum.

Í kjörinu í gær fékk Guðmundur Ragnarsson 34 prósent atkvæða, Gunnar S. Gunnarsson fékk 25 prósent, Valgeir Ómarsson 23 og Guðmundur S. Guðmundsson 18 prósent. Þá er nokkur endurnýjun í stjórninni því þrír frambjóðendanna voru í stjórn og detta nú út úr stjórn og varastjórn.

„Við bíðum átekta eftir hvað gerist á mörkuðum og hvað stjórnvöld ætla að gera í sambandi við það að meta stöðuna og bæta kjör almennings," segir hinn nýi formaður. „Nóg er af verkefnum fram undan, þannig eru til dæmis samningar vélstjóra á fiskiskipum lausir í maí."

NÝR FORMAÐUR Nýr formaður, Guðmundur Ragnarsson, heilsar Helga Laxdal, fráfarandi varaformanni VM. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, ávarpaði aðalfund VM og gerði verkþekkingu, verkmenntun og hugvit að umtalsefni. Forsetinn dró upp mynd af því þegar hann var að alast upp á Þingeyri og smiðja Guðmundar Sigurðssonar var miðjan í lífi þorpsins. Hróður verkþekkingar barst víða um heim.

„Ólafur Ragnar sagði að þetta væri eins í dag. Víða um landið séu starfandi fyrirtæki sem byggi á verkþekkingu sem sé mikilvæg auðlind fyrir Ísland í framtíðinni," segir í tilkynningu frá VM. - ghs

Reykur barst inn í Heklu:

Kviknaði í sígarettustubbum

LÖGREGLUMÁL Töluverður reykur barst inn í húsakynni smurstöðvar Heklu á Laugavegi í gærmorgun þegar kviknaði í hrúgu sígarettustubba undir stétt á bak við húsið. Starfsmenn smurstöðvarinnar og nærliggjandi húsa eru vanir að henda logandi vindlingastubbum niður um brunnlok sem þar er.

Slökkvilið var kvatt á vettvang en engar skemmdir urðu á húsnæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá Heklu voru samstundis pöntuð stubbahús á svæðið til að forða frekari vandræðum sem gætu hlotist af reykingum starfsfólks utandyra. - kg

Sjúkra- og iðjuþjálfarar:

Þykir nóg um sparnaðinn

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfarar Landspítalans skora á heilbrigðisyfirvöld og yfirstjórn Landspítalans að bæta kjör heilbrigðisstétta á spítalanum. Þetta kom fram í yfirlýsingu sem fulltrúar stéttanna tveggja sendu frá sér í gær.

Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að starfsmönnum þyki orðið nóg komið í aðgerðum sem miða að því að ná fram hagræðingu í sparnaði í rekstri Landspítalans.

Telja þeir að sparnaðurinn sé farinn að bitna á þjónustu við sjúklinga. Þeir segja að erfiðlega hafi gengið að manna allar stöður sjúkra- og iðjuþjálfa undanfarin ár á spítalanum vegna lélegra launakjara og miklu vinnuálagi. - kdk

Blaðamenn Vikunnar:

Sýknaðir í meiðyrðamáli

DÓMSMÁL Ritstjóri og blaðamaður Vikunnar voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sýknaðir af kröfu um greiðslu miskabóta.

Ásgeir Davíðsson, Geiri í Goldfinger, stefndi þeim fyrir ærumeiðandi ummæli í viðtali við fyrrverandi dansara. Ásgeir krafðist bóta og að ummælin yrðu dæmd ómerk.

ELÍN ARNAR

„Það er mikill léttir að þessu sé lokið," segir Elín Arnar ritstjóri. „Þetta er líka almennt gott fyrir blaðamenn, þeir hefðu lent í vandræðum með vinnu sína hefði dómafordæmið orðið á hinn veginn." - kp / sjá síðu 58

Ráðherrann svari til um myntsamstarf

Norskur þingmaður hefur sent norska fjármálaráðherranum bréf og beðið um mat á kostum og göllum þess að binda gengi íslensku krónunnar við þá norsku. „Það sem er Íslendingum í hag er líka Norðmönnum í hag," segir þingmaðurinn.

EFNAHAGSMÁL Gjermund Hagesæter, þingmaður Framfaraflokksins í Noregi, hefur sent bréf til Kristinar Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, og óskað eftir mati hennar á því hvaða kosti og galla það hefði í för með sér fyrir Íslendinga og Norðmenn að binda íslensku krónuna við þá norsku ef sú staða kæmi upp. Fjármálaráðherrann verður að gefa skriflegt svar á innan við einni viku.

Hagesæter segir að málið hafi komið til umræðu á þingmannafundi EFTA í Brussel á mánudaginn var. Á fundinum hafi verið sex norskir þingmenn og þrír íslenskir og þar hafi þetta komið til umræðu. Hagesæter telur mikilvægt að Norðmenn ræði málið og taki afstöðu til þess. Hann hefur því óskað eftir afstöðu og rökstuðningi ráðherrans.

Í frétt norska blaðsins Bergens Tidende kemur fram að íslensku þingmennirnir hafi ekki farið leynt með að myntsamstarf með Norðmönnum væri til umræðu til lausnar á efnahagsvanda og gengissveiflum íslensku krónunnar. „Það hefur í för með sér að Noregur og Ísland hafa sama vaxtastig. Í dag er vaxtamunurinn næstum því tíu prósent," segir blaðið.

Bent er á tvo möguleika; að stofna sameiginlega norræna krónu eða að binda gengi íslensku krónunnar við norsku krónuna „án þess að það hafi nokkur sérstök áhrif hér á landi," segir þar.

„Mér finnst skynsamlegt að við Norðmenn myndum okkur skoðun á því hvað nánara samstarf á milli þjóðanna myndi þýða og hvað það myndi þýða fyrir okkur ef nokkurs konar myntbandalag kæmist á milli Íslands og Noregs. Það kemur kannski aldrei neitt opinbert erindi frá Íslandi en mér finnst mikilvægt að við Norðmenn ræðum þetta líka," segir hann.

Hagesæter veltir fyrir sér hvort Íslendingar myndu ekki græða meira á myntsamstarfi. „Norðmenn græða heldur ekkert á því að hafa jafn náinn EES-samstarfsaðila eins og Íslendinga sem hafa gengi sem sveiflast jafn mikið og raunin er. Það sem er Íslendingum í hag er líka Norðmönnum í hag vegna þess að við eigum í miklum viðskiptum og eigum náið samstarf á mörgum sviðum," segir hann og bendir á að myntbandalag myndi styrkja stöðu norsku krónunnar og stækka myntsvæðið sem nemur Íslendingum.

Katrín Júlíusdóttir þingmaður var í Brussel ásamt Illuga Gunnarssyni og Arnbjörgu Sveinsdóttur. Hún segist hafa „farið yfir umræðuna heima" en engin dýpri umfjöllun hafi átt sér stað.

ghs@frettabladid.is

FÓR YFIR UMRÆÐUNA Katrín Júlíusdóttir, fulltrúi Íslendinga í EFTA-nefndinni, „fór yfir umræðuna heima" á þingmannafundi EFTA í Brussel.

BRÉFLEG FYRIRSPURN Þingmaður á norska stórþinginu, Gjermund Hagesæter, fulltrúi Framfaraflokksins, hefur skrifað bréf og óskað eftir afstöðu Kristinar Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, gagnvart þeirri hugmynd að binda norsku krónuna við þá íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Frönsk stjórnvöld gera atlögu að því að fá Ingrid Betancourt leysta úr haldi FARC:

Sarkozy beitir sér í gíslamáli

FRAKKLAND, AP Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti er reiðubúinn að ferðast í félagi við Hugo Chavez, forseta Venesúela, að landamærum Kólumbíu ef það kann að hjálpa til að fá Ingrid Betancourt, fyrrverandi forsetaframbjóðanda í Kólumbíu, lausa úr gíslingu kólumbísku skæruliðahreyfingarinnar FARC. Frá þessu greindi franski utanríkisráðherrann Bernard Kouchner í gær.

Í viðtali við AP-fréttastofuna sagði Kouchner jafnframt að til greina kæmi að fangelsuðum skæruliðum FARC yrði boðið tímabundið hæli á yfirráðasvæðum Frakka í Suður-Ameríku, skyldu þeir verða látnir lausir í tengslum við samninga um lausn Betancourt og fleiri gísla FARC.

Sérstök sendinefnd Frakklandsstjórnar kom til höfuðborgar Kólumbíu, Bogota, á fimmtudag, með umboð til samninga um lausn Betancourt, sem hefur bæði kólumbískt og franskt ríkisfang og hefur verið í gíslingu í sex ár. Talsmenn FARC hafa hins vegar ítrekað að hvorki henni né öðrum gíslum samtakanna yrði sleppt nema liðsmenn þeirra í kólumbískum og bandarískum fangelsum yrðu látnir lausir.

Sonur Betancourt hefur greint frá því að hún sé svo alvarlega veik að fái hún ekki blóðgjöf mjög fljótlega sé henni vart hugað líf. - aa

Í SEX ÁR Í GÍSLINGU Þessa mynd af Ingrid Betancourt birtu skæruliðar FARC í lok nóvember 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Liljur og fjölærir laukar

20% afsláttur um helgina

Kartöfluútsæðið komið!

Hvað er betra en nýuppteknar kartöflur úr eigin garði!

Limgerðisklippur
20% afsláttur

Greinaklippur
20% afsláttur

Handklippur
verð áður 990kr
verð nú 495kr

Úrvalið er í Garðheimum:
15 tegundir af WEBER grillum!

Fyrir vandláta...

Allar afskornar rósir
295kr stk.

Heilsudeildin:
20% afsláttur af völdum vörum um helgina

GARÐRÓSIR OG RUNNAR – 1. Sendingin komin!

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Kartöfluútsæði í boði:

Premier *eru snemmvaxnar kartöflur góðar sem bökunarkartöflur*
Gullauga *eru meðallagi snemmvaxnar, bragðgóðar*
Helga *eru meðallagi snemmvaxnar, heldur bragðmeiri og bragðgóðar*
Rauðar íslenskar *eru seinvaxnar, þola dálítið næturfrost, margar undir, vaxa vel í sandmold*

5 kg. af útsæði duga á 20 – 25 fm. (fer eftir stærð kartaflanna)
Hæfilegur spírunartími eru 4 – 6 vikur við 10 – 14 °C við hæfilega birtu (ekki sólskin)
Hæfilegt bil á milli kartaflnanna þegar sett er niður: 25 – 30 cm.

GARÐHEIMAR

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvar á Norðurlöndum er lítraverðið á bensíni lægst?*

2 *Hverrar þjóðar eru þeir karlmenn sem verða elstir í heimi?*

3 *Hvar á landinu er fyrirhugað að reisa fyrsta álverið í heiminum sem knúið verður áfram með jarðhita eingöngu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Niðurstöður viðhorfskönnunar slæm tíðindi fyrir forsetaframbjóðanda repúblikana:

Telja Bandaríkin á rangri braut

BANDARÍKIN, AP Í niðurstöðum nýrrar könnunar á viðhorfum bandarískra kjósenda kemur fram, að 81 prósent þeirra telur að Bandaríkin séu ekki á réttri leið. Þessi megna óánægja með stefnu núverandi valdhafa boðar ekki gott fyrir John McCain, væntanlegan forsetaframbjóðanda repúblikana, í kosningabaráttunni sem hann á fyrir höndum við frambjóðanda demókrata, hvort sem sá verður Barack Obama eða Hillary Rodham Clinton.

Bæði Clinton og Obama, sem enn eiga í hörðum slag um útnefningu Demókrataflokksins, hafa bæði sagt að það að kjósa McCain til setu í Hvíta húsinu væri ekkert annað en að kjósa framhald þess sem þau kalla gjaldþrota stefnu George W. Bush forseta bæði í efnahags- og utanríkismálum, ekki sízt hvað varðar Írak.

Í könnuninni, sem gerð var á vegum CBS-sjónvarpsstöðvarinnar og The New York Times, segist 81 prósent Bandaríkjamanna telja að „hlutirnir hafi farið alvarlega af leið“ í Bandaríkjunum. Fyrir ári voru 69 prósent aðspurðra í sambærilegri könnun þessa sinnis, og árið 2002 voru það aðeins um 35 prósent.

- aa

Á BRATTANN John McCain mætir á kosningafund í Pensacola á Flórída.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskir múslimar fyrir rétti:

Tóku upp píslarvottamyndbönd

BRETLAND, AP Breskir múslimar, sem vonuðust til að drepa um 1.500 flugfarþega á leið yfir Atlantshaf í samræmdum sprengjutilræðum, sögðu á „píslarvotta-myndbandsupptökum“ að tilræðin yrðu hefnd fyrir hernaðaraðgerðir Breta og Bandaríkjamanna í Írak og Afganistan. Þetta bar saksóknari fyrir rétti í Lundúnum í gær.

Saksóknarinn tjáði kviðdómi að minnst sex manns hefðu tekið upp slík skilaboð.

Hinir ákærðu voru handteknir í ágúst 2006, er rannsóknarlögregla taldi að þeir hygðust brátt láta til skarar skríða. - aa

Skálavíkursöfnun lokið:

Íbúar þakklátir

FÆREYJAR Rúmlega þrjár og hálf milljón króna söfnuðust til handa íbúum Skálavíkur á Sandey í Færeyjum. Er féð ætlað til uppbyggingar vegna skemmda af völdum óveðurs sem gekk yfir byggðarlagið 31. janúar síðastliðinn.

Tjónið er metið á tæpar 180 milljónir íslenskra króna en verst urðu hafnarmannvirki, bátar og kirkjugarðurinn úti í óveðrinu.

Hefur söfnunarfénu verið komið til sveitarstjórnar Skálavíkur og verður fénu varið til viðgerða á höfninni.

Að sögn Palla á Lava, aðstoðarsveitarstjóra Skálavíkur, eru bæjarbúar mjög þakklátir fyrir stuðning og hlýhug Íslendinga sem og annarra sem staðið hafa að sams konar fjársöfnunum í Færeyjum fyrir Skálavík. Segir hann fulla þörf hafa verið á söfnun sem þessari þótt annað hafi komið fram í fréttum. - ovd

Ráðstefna SÞ um loftslagsmál í Bangkok:

Málamiðlun um framhald viðræðna

TAÍLAND, AP Fulltrúar 163 ríkja á framhaldsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem stóð alla þessa viku í Bangkok í Taílandi virtust í gær ætla að ná saman um málamiðlun um það hvernig viðræðunum skyldi haldið áfram. Þær eru undirbúningur að því að ná fyrir lok næsta árs nýju alþjóðlegu samkomulagi um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem tekið geti við að Kýótó-bókuninni sem rennur út árið 2012.

Þegar kom fram á daginn í gær voru viðræður í nokkrum hnút vegna þess að Japanar höfðu farið fram á að strax á þessu stigi yrðu ræddar tillögur þeirra að því að losunarmörk yrðu sett fyrir hverja iðngrein fyrir sig. Því voru fulltrúar þróunarlanda mótfallnir; þeir vilja að fyrst verði losunarkvótar ákveðnir fyrir hvert land.

Áður hafði tillaga sem fulltrúar Noregs og Evrópusambandslandanna 27 lögðu fram á fimmtudag – og gekk út á að strangari hömlur yrðu einnig settar við losun frá skipum og flugvélum – hlotið misjafnar undirtektir. - aa

LOSUN TAKMÖRKUÐ Fulltrúar Evrópulanda leggja til losunarkvóta fyrir flug og siglingar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkið kaupir Geysissvæðið

Samningar landeigenda og ríkisins um kaup á þeim hluta Geysissvæðisins sem er í einkaeigu eru á lokastigi. Líklegt kaupverð er 175 til 200 milljónir króna.

UMHVERFISMÁL Samningaviðræður um kaup ríkisins á hluta Geysissvæðisins eru á lokastigi en viðræðurnar hafa staðið yfir um nokkurt skeið. Landeigendur funda í dag með lögmanni sínum um nýtt tilboð frá ríkinu. Taki þeir jákvætt í það má búast við að málið klárist á næstu dögum.

Kostnaður við samninginn liggur ekki fyrir en samkvæmt heimildum blaðsins verður hann á bilinu 175 til 200 milljónir. Við það bætist kostnaður við mótvægisaðgerðir. Nokkuð hefur borið í milli samningsaðila hingað til. Síðasta skriflega tilboð frá ríkisvaldinu hljóðaði upp á 65 milljónir, en síðan hafa þreifingar átt sér stað.

Samkvæmt samningunum verður landeigendum tryggt heitt vatn, en landið verður friðað fyrir vatnstöku. Reiknað er með að Orkuveita Reykjavíkur komi að þeim hluta. Sú framkvæmd myndi þá nýtast fleirum en landeigendunum. Þá er einnig gert ráð fyrir friðlandi fugla á svæðinu, en ríkisvaldið hefur friðlýst votlendi í eigu sömu landeigenda.

Geysissvæðið er um tuttugu hektarar og af því á ríkið fyrir um sjö, þar á meðal goshverinn sjálfan, en hinn hluti svæðisins er í eigu nokkurra aðila.

Þórður H. Ólafsson, sem fer fyrir Geysisnefnd, segir að málið sé í jákvæðu samningaferli nú. „Menn eru að ræða saman opið núna og við erum bjartsýnir á að ná lendingu. Við förum líklega að sjá til lands.“

GEYSIR Í HAUKADAL Allt Geysissvæðið verður líklega brátt í eigu ríkisins.
MYND/HARPA

Þórður vill ekki nefna neina upphæð í tengslum við samninginn. „Það er verið að ræða um ýmsa hluti í flóknum samningum. Kostnaðurinn ræðst af mörgum þáttum; kaupum á landi, að heitt vatn sé tryggt gegn því að vatnstöku á svæðinu sé hætt og ýmsu fleiru. Hver samtalan verður kemur í ljós eftir því hvernig endanlegir samningar líta út.“

Þeir landeigendur sem rætt var við vildu ekki tjá sig um viðræðurnar. Þær væru á viðkvæmu stigi.

Viðræður um Geysissvæðið hafa staðið yfir í um tíu ár. Framan af var stál í stál; ríkið bauðst til að kaupa landið af eigendum en þeir buðust til að kaupa goshverina af ríkinu. Síðan þá hefur lítið verið framkvæmt á svæðinu. - kp

MEISTARANÁM VIÐ
TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD HR

Tækni- og verkfræðideild HR býður meistaranám í

- Byggingarverkfræði
- Framkvæmdastjórnun
- Umferðar- og skipulagsfræðum
- Steinsteyputækni
- Fjármálaverkfræði
- Véla- og rafmagnsverkfræði
- Heilbrigðisverkfræði
- Heilbrigðisvísindi
- Ákvarðanaverkfræði

Námið er einkum ætlað þeim sem hafa lokið BSc-prófi í verkfræði eða tæknifræði með góðum árangri. Nemendur sem hafa annan bakgrunn úr BSc-námi sínu geta útskrifast með meistarapróf á tilteknum sérsviðum verkfræðinnar s.s. meistarapróf í framkvæmdastjórnun, umferðar- og skipulagsfræðum, heilbrigðisvísindum o.fl.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Kjarvalsstaðir
Laugardaginn 5. apríl
kl. 14 –18

Færeysk menningarveisla

— Færeyskir tónlistarmenn og dansarar
— Leikbrúðuland sýnir brúðuleikhús
— Fróðleikur um Færeyjar
— Leiðsögn og leikir fyrir alla aldurshópa um sýningu Mikinesar
— Einstök matarkynning á færeyskum þjóðarréttum

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum

Aðgangur ókeypis
Free admission

Tónlistarsími sem þú vilt láta sjá þig með

vodafone

Nokia 5310 Express Music
Fullkomin blanda af flottum síma og góðum tónlistarspilara. Örþunnur og einfaldlega töff út í gegn.
Verð: 32.900 kr.

Þráðlaus móttakari
Tengdu móttakarann við hljóm-flutningstækin þín, heima eða í bílnum, og spilaðu tónlistina þráðlaust úr símanum í fullkomnum hljómgæðum!
Verð: 6.900 kr.

Tilboðspakki

35.900 kr.

Komdu í næstu Vodafone verslun og kynntu þér tónlist í símann.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

INDVERSKUR OFURHUGI Indverskur hermaður sýnir ofurhugalistir á mótorhjóli á sýningu í Srinagar, héraðshöfuðborg Jammu og Kasmír. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir karlmenn á fimmtugsaldri dæmdir fyrir húsbrot og líkamsárás:

Beittu rafstuðbyssu á mann

DÓMSMÁL Tveir karlmenn á fimmtugsaldri hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness til fangelsisvistar fyrir húsbrot, líkamsárás og brot á vopnalögum. Þeir brutust inn í bílskúr með sleggju, réðust á mann sem var þar fyrir og beittu að auki rafstuðbyssu á hann.

Árásin átti sér stað í Garðinum í september 2006. Samkvæmt ákæru komu árásarmennirnir að heimili manns sem þeir töldu geyma tvö mótorhjól sem hafði verið stolið. Ruddust þeir inn á heimili hans en þar voru einungis fyrir kona hans og tvær dætur.

HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Árásarmennirnir voru dæmdir í fangelsi, annar alveg á skilorði, en hinn að hluta.

Árásarmennirnir fundu svo manninn í bílskúr við húsið. Þeir réðust á hann og beitti annar árásarmannanna rafstuðbyssu á hann. Maðurinn hlaut nokkra áverka.

Í dómnum segir að ekkert í málinu hafi komið fram sem sýni að maðurinn hafi átt aðild að þjófnaði á mótorhjólunum.

Enn fremur segir í dómnum að árásarmennirnir tveir hafi gengið fram af miklu offorsi og hafi ekki skeytt neitt um það að ung börn húsráðenda yrðu vitni að ófyrirleitinni aðför. Var annar mannanna dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af fjóra skilorðsbundna, en hinn í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

- jss

FreeLotto komið til lögreglu:

Varað við enn einu svindlinu

LÖGREGLUMÁL Ríkislögreglustjórinn varar, að gefnu tilefni, við enn einni útgáfu af tölvubréfum í anda Nígeríubréfa.

Þarna er um að ræða svindl sem heitir FreeLotto þar sem reynt er að hafa fé af fólki, að því er segir í upplýsingum frá embættinu.

Ríkislögreglustjórinn varar fólk eindregið við að svara slíkum bréfum, eða smella á vefslóðir í þessum póstum. Eyða skal þeim óopnuðum. Í þessu tilfelli er um að ræða svindl sem er mjög virkt um þessar mundir og fjöldi fólks hefur tapað fé á þessum viðskiptum.

Meistaranám, MS
Doktorsnám, Ph.D.

- Um 100 námskeið í boði.
- Kennarar í fremstu röð á sínum sviðum.
- Sterk tengsl við atvinnulífið.
- Góð vinnuaðstaða.
- Nálægð stúdenta við kennara auðveldar námið.
- Hægt að taka hluta námsins erlendis hjá virtum samstarfsskólum.
- Ýmsir möguleikar á styrkjum.
- **Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

www.verk.hi.is

Byggingarverkfræði
Fjármálaverkfræði
Hugbúnaðarverkfræði
Iðnaðarverkfræði
Rafmagnsverkfræði
Reikniverkfræði
Tölvunarfræði
Tölvuverkfræði
Umhverfisverkfræði
Vélaverkfræði

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSR 41797 04/08

Skrifstofa verkfræðideildar, opin virka daga frá kl. 10–16, sími 525 4700, verk@hi.is

HALDIÐ TIL FUNDAR Geir H. Haarde forsætisráðherra sat þriggja daga leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins í Búkarest, ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

Lýsti óánægju með Rússaflug

Forsætisráðherra lýsti óánægju með flug rússneskra orrustuþota um íslenska flugumferðarstjórnarsvæðið á fundi með Rússlandsforseta í Búkarest.

BÚKAREST, FRÉTTABLAÐIÐ Geir H. Haarde forsætisráðherra lýsti óánægju íslenskra stjórnvalda með flug rússneskra orrustuþota um íslenskt flugumferðarstjórnarsvæði á fundi Atlantshafsbandalags-Rússlands ráðsins í Búkarest í gær.

Forsetinn Vladimír Pútín og utanríkisráðherrann Sergey Lavrov sátu fundinn fyrir hönd Rússlands.

Rætt var um samskipti Atlantshafsbandalagsins [Nató] og Rússlands á breiðum grunni. Í ávarpi sínu fór Geir almennum orðum um samskiptin við Rússa og sagði ríkin góða granna á norðurslóðum. Vék hann svo að fluginu og sagði áhyggjuefni að Rússar sendu flugvélar inn á íslenskt flugstjórnarsvæði án þess að tilkynna um það. „Við getum ekki sagt að þetta sé stórkostlegt vandamál, þeir eru ekki að brjóta lög, en þetta er skrítið og engin skýring hefur fengist á þessu," sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Rússarnir brugðust ekki við orðum Geirs, sem segir sjálfsagt að koma athugasemdum á framfæri þegar aðgangur fáist að Rússlandsforseta.

Þriggja daga sögulegum leiðtogafundi Nató í Búkarest lauk í gær. Fundurinn ákvað að veita Albaníu og Króatíu aðild að bandalaginu og samþykkti að fyrrverandi Sovétlýðveldin Georgía og Úkraína fengju aðild einhvern tíma í framtíðinni. Þá liggur fyrir að Makedóníumenn fái aðild, að því gefnu að sátt náist milli þeirra og Grikkja í nafnadeilu ríkjanna. Grikkir neita að samþykkja að fyrrverandi Júgóslavíulýðveldið heiti Makedónía enda Makedónía hin forna að stærstum hluta í Grikklandi.

Sérstaklega var fjallað um málefni Afganistan á Búkarestfundinum. Ásamt forystumönnum Natóríkjanna 26 sóttu fulltrúar um

VLADÍMÍR PÚTÍN Forseti Rússlands. NORDICPHOTOS/AFP

> Við getum ekki sagt að þetta sé stórkostlegt vandamál, þeir eru ekki að brjóta lög, en þetta er skrítið og engin skýring hefur fengist á þessu.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

þrjátíu annarra ríkja fundinn, auk framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Sammælst var um að kvika hvergi í aðgerðunum í Afganistan og tilgreindu nokkrar þjóðir áætlanir um aukin framlög til bæði öryggis- og uppbyggingarstarfs. Meðal annars ætla Frakkar að senda 700 manna herlið til austurhluta landsins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir upplýsti að íslensk stjórnvöld ynnu að áætlun til þriggja ára um þátttöku í endurreisnar- og uppbyggingarstarfi í landinu. **bjorn@frettabladid.is**

Kjarnorkumál Írans:

Gögn frá Kína um tilraunir

AUSTURRÍKI, AP Kína hefur bæst í sívaxandi hóp þjóða sem nýlega hafa sent Alþjóða kjarnorkumálastofnuninni, IAEA, gögn sem sýna fram á mögulegar tilraunir Írans til framleiðslu kjarnorkuvopna.

Kínastjórn hefur hingað til verið andstæðingur þeirra refsiaðgerða sem Sameinuðu þjóðirnar hafa beitt Íran vegna kjarnorkustefnu sinnar. Samkvæmt þeim háttsettu erindrekum sem komu upplýsingunum um gögnin á framfæri er Kína óvæntasti meðlimurinn á löngum lista þjóða sem lagt hefur fram gögn sem bent gætu til að Íransstjórn hefði ekki hreint mjöl í pokahorninu í kjarnorkumálum. - kg

Fyrstu réttarhöldin sem haldin hafa verið vegna hryðjuverka í Noregi hafin:

Þrír grunaðir um hryðjuverk

NOREGUR Réttarhöld standa nú yfir í Ósló í Noregi þar sem þrír menn, Arfan Qadeer Bhatti, Andreas Bog Kristiansen og Ibrahim Özbabacan hafa verið ákærðir fyrir að hafa skipulagt eða undirbúið hryðjuverkaárás á bandaríska og ísraelska sendiráðið í Ósló haustið 2006. Bhatti og Özbabacan eru einnig ákærðir fyrir að hafa skotið að bænahúsi gyðinga í Ósló í september í hittiðfyrra.

Yfirheyrslur hafa staðið undanfarna daga. Bhatti, sem er af norskpakistönskum uppruna og talinn forsprakki þremenninganna, hefur langan afbrotaferil að baki og er talinn vera félagi í mótorhjólasamtökum. Hann er ákærður fyrir ýmislegt annað, meðal annars að hafa ætlað að ræna peningum úr peningaflutningabíl og að hafa borið vopn án leyfis.

FRÁ ÓSLÓ Reiknað er með að málið fari fyrir Hæstarétt.

Talið er að þremenningarnir hafi gert með sér samkomulag um að framkvæma eitt eða fleiri hryðjuverk á norskri grund, að sögn Dagbladet.

Réttarhöldin hófust um mánaðamótin og standa fram í miðjan júní. Um áttatíu vitni koma fyrir réttinn. Síðustu daga hefur meðal annars verið hlustað á upptökur lögreglunnar á símtölum milli mannanna og félaga þeirra.

Þetta eru fyrstu réttarhöldin sem haldin eru í Noregi vegna gruns um hryðjuverk eða skipulagningu hryðjuverka. Líklegt þykir að málið fari fyrir Hæstarétt Noregs hvernig svo sem niðurstaðan verður í héraðsdómi í Ósló. - ghs

Almenningsviðhorf:

Treysta Ríkisendurskoðun

SKOÐANAKÖNNUN Ríkisendurskoðun nýtur trausts um 66 prósenta þjóðarinnar samkvæmt nýrri viðhorfskönnun Capacent Gallup sem gerð var í mars.

Niðurstöður úr þjóðarpúlsi Gallup frá sama tímabili sýna meðal annars að 90 prósent þjóðarinnar treysta Háskóla Íslands, 80 prósent treysta lögreglunni, 52 prósent Þjóðkirkjunni og 42 prósent Alþingi.

Könnunin leiddi einnig í ljós að orðið „eftirlit“ kom oftast upp í huga fólks þegar minnst var á Ríkisendurskoðun og 48 prósent telja stofnunina ekki veita stjórnvöldum nægilega mikið aðhald. - kg

Japönsk stjórnvöld:

Styrkja námsmenn til Japans

MENNTUN Japönsk stjórnvöld bjóða íslenskum framhaldsskólanemum á fyrsta og öðru ári að sækja um styrk til námsdvalar í Japan frá ágúst til janúar. Markmiðið er að gefa íslenskum ungmennum kost á því að kynnast japanskri tungu, menningu og lífsháttum.

Styrkurinn hljóðar upp á greiðslu ferðakostnaðar, skólagjalda, húsnæðis og fæðis og verða umsækjendur að búa yfir góðri enskukunnáttu.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl og liggja eyðublöð frammi í sendiráði Japans á Íslandi, Laugavegi 182, eða á síðunni no.emb-japan.go.jp. Allar frekari upplýsingar fást í síma 5108600, eða á japan@itn.is. - kg

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
5.302 **+0,89%**

Fjöldi viðskipta: 565
Velta: 5.278 milljónir

MESTA HÆKKUN

SPRON	6,61%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	4,44%
EXISTA	3,03%

MESTA LÆKKUN

FLAGA	1,25%
LANDSBANKINN	0,49%
ICELANDAIR	0,41%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,46 +0,81% ... Bakkavör 44,30 +0,00% ... Eimskipafélagið 24,70 +4,44% ... Exista 11,90 +3,03% ... FL Group 6,78 +1,35% ... Glitnir 17,85 +0,28% ... Icelandair 24,50 -0,41% ... Kaupþing 849,00 +1,19% ... Landsbankinn 30,20 -0,49% ... Marel 91,40 +0,33% ... SPRON 5,00 +6,61% ... Straumur-Burðarás 12,45 +1,88% ... Teymi 4,32 +0,00% ... Össur 92,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Andrés önd og Eros í Seðlabanka

Þekkt er að í Seðlabankanum tekur fólk störf sín mjög alvarlega, enda eru bankanum falin mikilvæg verkefni. Þar á bæ, eins og annars staðar, getur fólk tekið sumum hlutum létt. Það sést meðal annars í nafngiftum á netþjónum í bankanum. Allir vefþjónar Seðlabankans hafa um nokkurt skeið borið nöfn persóna úr grísku goðafræðinni. Til að mynda ber póstþjónn Seðlabankans hið lostuga heiti Eros. Þar er einnig að finna Seif og Apenu. Þó mun þar hvergi að finna Dýonísos, svallguð þeirra Forn-Grikkja. Svipuð nafngiftahefð var fyrir hendi hjá Lánasýslu ríkisins, sem nú er í Seðlabankanum. Þar eru þjónarnir raunar nefndir eftir Andrési önd og félögum.

Danskir hækkar vexti

Hér hafa bankarnir elt hækkandi stýrivexti og hækkað vexti af fasteignalánum. Frændur vorir í Danmörku bera nú við aukinn tilkostnað í fjármögnun starfsemi banka þar og boða vaxtahækkanir, bæði á út- og innlánum. Berlingske Tidende greina frá því að stærstu bankar Danmerkur, Danske Bank og Nordea, boði vaxtahækkanir upp á allt að hálfu prósentustigi. Breyttir vextir taka almennt gildi 30. þessa mánaðar hjá Danse Bank, en 5. maí hjá Nordea.

MARKAÐSPUNKTAR

Vegna minni umsvifa á fasteignamarkaði en Íbúðalánasjóður hafði gert ráð fyrir hefur sjóðurinn lækkað áætlun sína um endurfjármögnun lána um fjórtán til sextán milljarða króna. Gert er ráð fyrir að heildarútlán lækki um átta til tíu milljarða, verði 49 til 55 milljarðar króna.

Greiningardeild Kaupþings telur að lækkunarferli stýrivaxta Seðlabankans hefjist í september, en spáir stýrivöxtum óbreyttum í fimmtán prósentum á vaxtaákvörðunardegi Seðlabankans næsta fimmtudag.

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði samsvarar því að verðbólga verði að jafnaði sex prósent á ári næstu sjö árin. „Þetta jafngildir því að verðlag á Íslandi hækki um helming til ársins 2015," bendir greiningardeild Landsbankans á.

Icelandic Group íhugar afskráningu

FINNBOGI BALDVINSSON,

Stjórn Icelandic Group ætlar að leggja það til á hluthafafundi félagsins eftir hálfan mánuð að hún fái heimild til að afskrá félagið úr Kauphöll Íslands.

Í tilkynningu frá Icelandic Group segir að stjórn félagsins telji það ekki hafa náð að nýta sér þá kosti að vera skráð félag. Viðskipti með bréfin hafi verið fá, verðmyndun óskilvirk og dreifing hlutafjár lítil og undir viðmiðum Kauphallarinnar.

Afkoma Icelandic Group hefur verið undir væntingum síðustu misseri og gengi hlutabréfa í félaginu fallið um tæp 65 prósent frá áramótum. Unnið hefur verið að endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri félagsins um nokkurt skeið, svo sem með útgáfa skuldabréfs með breytirétti, að því er segir í tilkynningunni.

Enn fremur segir að í ljósi þess að skráning í kauphöll geti verið íþyngjandi geti það skekkt stöðu félagsins gagnvart óskráðum samkeppnisaðilum. Því komi afskráning hluthöfum til góða.

- jab

Hætta við flugvélakaup í bili

„Í ljósi aðstæðna á fjármálamarkaði og óvissu í efnahagsmálum töldum við ráðlegt að setja þessar áætlanir á ís í bili. Við verðum jafnframt tilbúnir að endurmeta stöðuna síðar," segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group. „Þetta hefði orðið of mikil skuldbinding við núverandi aðstæður," segir hann.

Félagið greindi frá því í gær að dótturfélögin Icelandair Cargo og Icelease hefðu fallið frá kaupum og leigu til tólf ára á fjórum A330-200 fraktvélum frá Avion Aircraft Trading. Ákvörðunin er tekin í samráði við Avion Aircraft, líkt og segir í tilkynningu.

Tilkynnt var um samninginn í fyrravor og áttu vélarnar að koma til afhendingar á árabilinu 2010 og 2011.

Stefnt var að gríðarlegum vexti í fraktflugi Icelandair Cargo og stórauknum tekjum félagsins erlendis. Afkoma frakthlutans var undir væntingum í fyrra.

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON Forstjóri Icelandair segir að hætt hafi verið við kaup og leigu á flugvélum vegna of mikilla skuldbindinga við núverandi aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hefði orðið af viðskiptunum má ætla að miklar ábyrgðir og skuldbindingar hefðu lent á herðum Icelandair. Hver flugvél kostar um 130 milljónir Bandaríkjadala og má ætla að heildarkostnaðurinn hefði orðið á bilinu 400-500 milljónir dala, jafnvirði hátt í 37 milljarða íslenskra króna.

- jab

MacBook Air.

Örþunn, fislétt og kann líka Windows.

MacBook Air er komin til landsins.
Komdu og sjáðu með eigin augum í Apple-versluninni á Laugavegi 182.

MacBook Air 1,6 GHz
13,3" hágljáa skjár
Intel Core 2 Duo
80 GB
2 GB
1280 x 800 dílar
Þráðlaust netkort (802.11n)
Bluetooth / iSight
0,4–1,94 cm þunn / 1,36 kg
5 klst. rafhlöðuending
219.990

MacBook Air 1,8 GHz
13,3" hágljáa skjár
Intel Core 2 Duo
80 GB
2 GB
1280 x 800 dílar
Þráðlaust netkort (802.11n)
Bluetooth / iSight
0,4–1,94 cm þunn / 1,36 kg
5 klst. rafhlöðuending
249.990

Apple IMC | Humac ehf.

Sími 534 3400
www.apple.is
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Kringlunni
103 Reykjavík

Apple IMC

Fíton / SÍA

Atvinnulausum fjölgar vestra

Atvinnuleysi mældist 5,1 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. Þetta er 0,3 prósentustiga aukning á milli mánaða og hefur viðlíka tala ekki sést síðan fellibylurinn Katarína olli miklu tjóni vestanhafs í september fyrir tveimur og hálfu ári.

Atvinnulausum fjölgaði um áttatíu þúsund, sem er þrjátíu þúsund fleiri en fjármálaspekúlantar höfðu reiknað með. Þetta er jafnframt þriðji mánuðurinn í röð sem störfum fækkar þar í landi og skiptist á ýmsa geira. Reiknað er með að störfum eigi enn eftir að fækka á árinu og atvinnuleysi verði 5,5 prósent í árslok. - jab

Spá verðbólgunni í átján ára hámark

Haldist krónan veik áfram gæti hér verðbólga farið í 13 prósent, segir greiningardeild Landsbanka Íslands.

Verðbólga nær 18 ára hámarki í sumar gangi eftir ný spá greiningardeildar Landsbankans. Að því gefnu að veiking krónunnar gangi að hluta til baka er í spánni gert ráð fyrir að verðbólga fari hæst í ríflega 10 prósent í sumar. „Haldist krónan áfram veik má reikna með að verðbólgan fari í 13 prósent," segir þar jafnframt.

„Við gerum ráð fyrir að verðbólga frá upphafi til loka þessa árs verði 8,4 prósent," segir í spá bankans og gert er ráð fyrir að verðbólgumarkmið Seðlabankans náist um mitt ár 2009. „En í kjölfarið fer verðbólga þó tímabundið hækkandi á ný." Gert er ráð fyrir að vegna aukinnar verðbólgu verði samið um nokkra viðbótarhækkun launa við endurskoðun kjarasamninga í febrúar á næsta ári.

VERÐBÓLGA INNAN ÁRS:
Spá greiningardeildar Landsbankans

	2007	2008*	2009*
Vísitala neysluverðs	5,8%	8,4%	3,1%
- án húsnæðis	2,3%	10,6%	4,0%

**spá. Heimild: Greiningardeild Landsbanka Íslands, Verðbólguspá 2008-2010, apríl 2008.*

Snarpt fall krónunnar er sagt ráða mestu um vaxandi verðbólgu, en fréttir bendi til að gengislækkunin skili sér hratt í verð á innfluttum vörum. Á móti kemur að hægt hefur á fasteignamarkaði og telur greiningardeildin að á næstu mánuðum muni fasteignaverð draga úr hækkun verðbólguvísitölunnar í stað þess að ýta undir hana líkt og raunin hafi verið síðustu misseri.

Í frávikspá bankans er ráð fyrir því gert að stjórnvöld grípi ekki tímanlega til viðeigandi aðgerða og krónan verði veik áfram. „Slík gengisþróun þýðir mun meiri verðbólgu, eða 13 prósent þegar mest lætur í sumar." - óká

VIÐ MJÓLKURINNKAUPIN Verðbólga á eftir að aukast fram á sumar áður en hún hjaðnar á ný, segir í spá greiningardeildar Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hutchison bíður eftir hagnaði

Asíska samstæðan Hutchison Whampoa hagnaðist um 30,6 milljarða Hong Kong-dala (292 milljarða króna), í fyrra. 50 prósentum meira ein árið áður.

Tekjur jukust um fimmtán prósent milli ára, samkvæmt útreikningum Bloomberg. Mestu munar þar um sölu á farsímarekstri félagsins á Indlandi til fjarskiptarisans Vodafone en þá runnu 35 milljarðar dala í vasa félagsins. Hefði ekki komið til hennar má reikna með tapi vegna rekstrar þriðju kynslóðar farsímakerfis Hutchison. Taprekstur hlutans nam um 18 milljörðum dala.

Að sögn Bloomberg er spáð hagnaði á seinni hluta þessa árs. Gangi það eftir verður þetta í fyrsta sinn í fjögur ár sem farsímahlutinn er í plús. - jab

Krónan svipuð og vextir hækka

Gengi krónunnar verður nálægt núverandi gildi fram að júlí samkvæmt nýrri spá Glitnis. Greining bankans gerir engu að síður ráð fyrir töluverðum sveiflum á gengi hennar innan ársfjórðungsins. Einnig er spáð 50 punkta hækkun stýrivaxta Seðlabankans á vaxtaákvörðunarfundi í næstu viku, en þeir verða þá 15,5 prósent.

„Aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lítil áhættulyst innlendra sem erlendra fjárfesta, skert aðgengi að lánsfé og þrengingar á innlendum gjaldeyrisskiptamarkaði hafa stuðlað að veikingu krónunnar að undanförnu og reiknum við með að þessir þættir verði ráðandi í þróun gengis krónunnar enn um sinn," segir Glitnir, en gerir ráð fyrir að krónan styrkist á sumarmánuðum og að gengisvísitalan verði nærri 135 stigum í árslok. „Bandaríkjadalur í 67 krónum og evran verði komin í 104,5 krónur. Þá spáum við að gengisvísitalan verði í kringum 126 í lok árs 2009, dollarinn í tæpum 63 krónum og evran í 97,5 krónum." - óká

SEÐLABANKINN Greining Glitnis spáir hækkun stýrivaxta næst, en lækkunarferli frá þriðja ársfjórðungi ársins þegar vísbendingar séu fram komnar um meira jafnvægi hagkerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKUR KJÚKLINGUR

40% AFSLÁTTUR
BRINGUR - BITAR - VÆNGIR

Holta ferskar kjúklingabringur
1679 kr./kg. *MERKT VERÐ 2799 KR.*

Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. *MERKT VERÐ 598 KR./KG.*

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*

KRYDDAÐIR KJÚKLINGABITAR

BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR 385 KR./KG.

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar tilbúnir í ofninn
385 kr./kg. *MERKT VERÐ 549 KR./KG.*

ÞÚ SÆKIR, ÞÚ BAKAR OG BORGAR AÐEINS 598 KR.

ChicagoTown
pizzur **635g**
með Pepperoni
eða Blönduðum osti
598 kr

100% ÍSLENSKT OG GOTT

Kjarnafæðis sveitabjúgu
299 kr./kg. *MERKT VERÐ 399 KR.*

KF kofareykt folaldakjöt m/beini
382 kr./kg. *MERKT VERÐ 637 KR./KG.*

KF saltað folaldakjöt með beini
382 kr./kg. *MERKT VERÐ 637 KR./KG.*

Egils orka 250g
49 kr.

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSKT SVÍNAKJÖT

SVÍNAKÓTILETTUR
Ali ferskar svínakótilettur 40% afsláttur
1070 kr./kg. *MERKT VERÐ 1783 KR./KG.*

SVÍNABÓGUR
Ali ferskur svínabógur **498 kr./kg.**

SVÍNAHNAKKI
Ali ferskur svínahnakki í sneiðum.
1259 kr./kg. *MERKT VERÐ 1798 KR.*

NAUTAAT ferskt íslenskt
ungnautahakk **798 kr./kg.**

Nautaat

100%
ÍSLENSKT
UNGNAUTAKJÖT

Nautaat ungnautahamborgarar
4 stk m/brauði **489 kr pakkinn.**

Bónus skúffukaka **400g 198 kr.**

Cheerios 518g **289 kr. pakkinn**

Kelloggs kornfleks **1 kg. 379 kr.**

KS frosin lambasvið
199 kr./kg. *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*

KS frosinn lambabógur 30% afsláttur
489 kr./kg. *MERKT VERÐ 698 KR./KG.*

Norðanfiskur, frosnir ýsubitar.
Roð og beinlausir **595 kr./kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur
og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkissjóður og almannahagsmunir:

Hverjir sofa?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Flutningabílstjórar og eigendur eyðslufrekustu tómstundabíla hafa skipulagt mótmæli að frönskum sið síðustu daga. Enginn hefur komist hjá að taka eftir því. Áhugavert er að greina mismunandi andsvör og viðbrögð við kröfum þeirra og aðgerðum.

Þeir sem ógna öryggishagsmunum með mótmælum er lúta að því að lækka eldsneytisgjöld og nota til þess stórvirk atvinnutæki fá í nefið hjá lögreglunni. Hinir sem á sínum tíma ógnuðu öryggishagsmunum með því að festa sig við slík tæki í mótmælum gegn virkjun endurnýjanlegra orkulinda máttu eðlilega þola viðeigandi og hefðbundin handtök lögreglu og ákæruvalds. Athyglisvert er að á Alþingi hefur enginn kallað eftir skýringum á þessari mismunandi aðferðafræði.

Engu er líkara en ríkisstjórnin reyni að víkja sér hjá því að svara kröfugerð bílstjóranna. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur látið við það sitja að vísa til þeirrar stefnu að haga eigi skattlagningu á eldsneyti með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum. Það er ábyrg afstaða. Framsóknarflokkurinn hefur á hinn bóginn gert kröfur bílstjóranna að einu höfuðatriði í efnahagstillögum sínum sem aukheldur fela í sér annað tekjutap upp á tugi milljarða króna fyrir ríkissjóð.

Flutningabílstjórarnir hafa haft það mikið fyrir að gera málstað sinn heyrinkunnan að segja má að þeir eigi rétt á að rökin með og móti lækkun eldsneytisgjalda séu vegin og metin í opinberri umræðu. Að því leyti er ekki unnt að skella skollaeyrum við mótmælum þeirra.

Rétt er að skattar eru almennt íþyngjandi bæði fyrir atvinnurekendur og launafólk. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hefur hækkað verulega upp á síðkastið og þyngt bílarekstur fyrirtækja og heimila. Fall krónunnar hefur síðan sömu áhrif á þennan innflutning og allan annan. Allt fer þetta á þá vogarskál sem mælir með lækkun eldsneytisgjalda.

Á hina vogarskálina kemur að sams konar rök má færa fyrir lækkun gjalda á flest önnur aðföng. Þar að auki eru eldsneytisgjöld lægri hér en í mörgum grannlöndunum. Ofan á það lóð kemur að flestir þeir sem eru hlynntir lækkun eldsneytisgjalda eru líka áhugamenn um að flýta gerð Sundabrautar og fjórföldun akbrauta austur yfir fjall. Þær framkvæmdir kalla á tekjur.

Þyngstu lóðin á þessari vogarskál eru síðan þeir brýnu og ríku almannahagsmunir að rekstur ríkissjóðs stuðli að því að jafna viðskiptahalla þjóðarbúsins. Kjarni málsins er sá að viðskiptahallinn kallar á mikinn rekstrarafgang ríkissjóðs eigi krónan ekki að veikjast enn frekar. Þeir sem nú leggja til að veikja rekstrarafkomu ríkissjóðs eru þar af leiðandi að vinna almenningi sama ógagn og þeir spákaupmenn sem tóku stöðu gegn krónunni. Ríkisstjórnin sjálf er ekki alsaklaus í því efni.

Formaður Framsóknarflokksins deilir á ríkisstjórnina fyrir sofandahátt. Það er að því leyti réttmæt gagnrýni að hvorki fjármálaráðherra né þingmenn stjórnarflokkanna sýnast nenna að rökræða tillögur hans og sýna fram á að það væri að fljóta sofandi að feigðarósi að gera tekjulækkunarhluta þeirra að veruleika. Vindhani fer oftast nær vel á burst en er að sama skapi ekki góður leiðarvísir í efnahagsmálum.

Það væri ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar að veikja stöðu ríkissjóðs við þessar aðstæður. Fyrir því eru gild rök almannahagsmuna. Það er hins vegar eðlileg krafa að ríkisstjórnin skýri þau út bæði fyrir þrýstihópum utan þings og formanni Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hættulegt ástand

Borgarstjórn boðar sérstaka aðgerðaáætlun til eflingar miðborgarinnar. Stendur meðal annars til að gera skurk í öryggismálum, almenningssamgöngum og hreinsun. Fínt mál, enda má miðbærinn muna sinn fífil fegri. Verra var að heyra hrakspár Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra í fréttum Stöðvar tvö á fimmtudag. Þar sagði hann miðborgina hreinlega vera hættulega fólki sökum aukins sóðaskapar, sprautunála og ofbeldis, og að fólk væri hrætt við að ganga um miðbæinn sinn að næturlagi. Já, það er merkilegt að fólk upplifir sig ekki óhult í miðbænum eftir svona ræður.

Hluti af vandanum

Miðbærinn á við ýmsan vanda að etja – þar á meðal tröllasögur á borð við þær sem borgarstjóri ber á borð og er ef til vill best lýst sem munnlegu veggjakroti. Hvernig væri að borgarstjóri hreinsaði óábyrgan hræðsluáróður úr málflutningi sínum um leið og hann ræðst á veggi miðbæjarins með háþrýstisprautuna að vopni?

Til Kína eða ekki?

Samband ungra sjálfstæðismanna hefur hvatt íslenska stjórnmálamenn til að sniðganga opnunar- og lokahátíð Ólympíuleikanna í Peking til að sýna andstöðu íslenskra stjórnvalda við meðferð kínverskra stjórnvalda á þegnum sínum. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir íslensk stjórnvöld ekki hafa ákveðið hvort þau ætli að gera, en minnir á að leikarnir snúist ekki um pólitík. En felst ekki í þeim orðum einmitt rökssemd fyrir því að íslenskir ráðamenn mæti ekki á Ólympíuleikana í ár; hvaða erindi eiga þeir þangað fyrst þeir snúast ekki um pólitík?

bergsteinn@frettabladid.is

Nelson Obama

HALLGRÍMUR HELGASON

Í DAG | Forsetakosningar

Á regnköldum febrúardegi 1988 tók ég jarðlestina upp í Harlem. Jesse Jackson hélt framboðsfund fyrir utan eina háhýsið í hverfi svartra, á 125. stræti. Forvitinn ungur Íslendingur vildi fylgjast með. Í fyrsta sinn í sögu Bandaríkjanna hafði svartur maður komist í undanúrslit forsetakosninga. Og hér var hann mættur í höfuðborg síns heimafólks, Harlem.

Fundurinn var þó undarlega fámennur. Frambjóðandinn stóð við upphækkað púlt, undir regnhlíf lífvarðarins, og þrumaði út í loftið af þeim alkunna eldmóði sem stundum kom niður á máli hans. (Maður á alltaf dálítið erfitt með að skilja enskuna hjá Séra Jackson.) Skilaboðin voru þó alltaf jafn skýr: Réttlæti. Réttlæti fyrir svarta. Réttlæti fyrir alla.

Loksins-loksins maður

Sem frambjóðandi var Jesse Jackson rödd svarta mannsins. Hann var í raun ekki í forsetaframboði, heldur að vekja athygli á stöðu síns fólks. Um skeið hafði hann þó forystu í forkosningum demókrata, þar til hvítir karlar komu, sáu og sigruðu og settust sem fyrr í sitt hvíta hús (Bush eldri sigraði Dukakis í forsetakosningunum). En Jesse var minn maður. Ég hafði búið nokkur ár í Ameríku og heillast af menningu svartra, allt frá Michael Jackson og Teddy Pendergrass til Grandmaster Flash og Public Enemy, frá Martin Luther King og Malcolm X til Bill Cosby og Eddie Murphy.

Það var eitthvað við þessa menn. Svalir, orðheppnir og glaðsinna. Og framleiddu kynþokkafyllstu tónlistina auk þess að vera heimsmeistarar í húmor á fæti. Á sama tíma var staða þeirra og barna þeirra hinsvegar vonlaus. Önnur hver blökkukona var einstæð móðir og annar hver blökkumaður féll í skotárás. Krakkar reyktu krakk í frímínútum. Við hliðina á Wall Street var land sem hét Rúanda. Og þaðan bárust stöðugt slæmar fréttir en enginn virtist geta fært þeim góðar. Frá 125. stræti í Harlem var Trump-turninn gyllti líkt og Versalir að sjá frá Bastillutorgi, sumarið 1789. Nema hvað hér vantaði fólkið. Þótt ræðumaður væri innblásinn var múgurinn hvorki stór né æstur. Hin svarta þjóð var í böndum dóps og deyfðar.

Ég fór vonsvikinn heim.

Tuttugu árum síðar er svartur maður aftur í forsetaframboði. Barack Obama. Líkastur guði, mælskari en andskotinn og gáfaðri en báðir til samans. Fólk kemur frelsað út af framboðsfundum, slefandi af Obama-æði. Kunningjarnir gleyma sér yfir ræðum hans á Youtube og mæta augnstjarfir á barinn: „Maðurinn er alveg magnaður!“ Og rétt er það. Obama er loksins-loksins maður. Eins og Frelsarinn sjálfur kemur hann gangandi út úr átta ára eyðimörk heimsku og lyga. Eins og Frelsari svartra? Það hélt maður í fyrstu. Að nú fengju þeir loks sinn foringja og það engan venjulegan mann.

Það vakti því óneitanlega athygli að blökkumaðurinn skyldi aldrei minnast á kynþátt sinn eða -þætti yfir höfuð. Þvert á móti gerði hann í því að hefja sig yfir hörundslitinn. „There is no black America and no white America! No Latino America and no Asian America! There is only the United States of America!“ Hann reyndi jafnvel að hefja sig yfir flokkadrætti: „Köllum þau ekki rauðu ríkin og bláu ríkin! Köllum þau Bandaríkin!“

Von og breyting

Þetta var strategían. Að gleyma sárum og skærum, til að geta lært og læknað. Obama kom okkur öllum á óvart. Í opnum skildi hans lá von um nýja tíma. Hinn frægi draumur Kings hafði fundið sinn framkvæmdamann. „Von“ og „breyting“ voru slagorðin sem fengu alhvít ríki til að velja blökkumann sem frambjóðanda sinn. Magnað.

Obama tekur hér við kyndlinum af Nelson Mandela, sem seint á síðustu öld skildi að sáttaleiðin var betri en reiðin. Ekki láta sorgir fortíðar dekkja horfur framtíðar. Til að sameina sundraða þjóð þurfti eitthvað stórt. Og Mandela var maðurinn. Fyrir úrslitaleik heimsmeistaramótsins í ruðningi árið 1995, sem háður var á Ellis Park í Jóhannesarborg, gekk hinn nýkjörni forseti inn á völlinn íklæddur landsliðstreyju Suður-Afríku. Í hugum svartra var búningur þessi, sem svartur maður hafði aldrei klæðst fram að þessu, höfuðtákn Búa-kúgunar. Fyrir blökkumann að klæðast honum var líkt og fyrir gyðing að klæðast SS-búningi. En um leið og Mandela birtist í treyjunni risu áhorfendur á fætur og hylltu hann sem forseta sinn. Meirihluti þeirra var hvítur. Undur og stórmerki höfðu gerst. Svartur maður hafði sameinað svart-hvíta þjóð.

Leiðtoginn skal vera litblindur.

Færeysk menningarveisla

UMRÆÐAN

Menning

KJARTAN MAGNÚSSON

Færeysk menningarveisla verður haldin að Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, í tengslum við lok sýningar á verkum Sámals Joensens Mikiness (1906-1979). Mikines er kunnasti málari Færeyinga og er oft kallaður faðir færeyskrar málaralistar.

Það var svo sannarlega kominn tími til kominn að halda góða Mikines-sýningu hérlendis en það hafði ekki verið gert í næstum hálfa öld. Nú er síðasta sýningarhelgi og ástæða til að hvetja alla, sem enn hafa ekki farið, að drífa sig í Kjarvalsstaði um helgina og kynnast verkum þessa stórkostlega listamanns. Á sýningunni eru um fimmtíu landslagsmyndir, mannamyndir og mannlífsmyndir og spanna allan listamannsferil hans. Margar af bestu myndum Mikiness endurspegla þúsund ára sögu og gætu allt eins hafa verið málaðar í íslenskum sjávarþorpum. Þær lýsa harðri lífsbaráttu og óblíðum náttúruöflum en einnig mannlegri reisn og gleði. Snilld Mikiness nær einna lengst þegar hann lýsir veikindum og dauða og eru sum verka hans á því sviði ógleymanleg.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri mun hefja menningarveisluna klukkan tvö. Dagskráin er fjölbreytt og þar er eitthvað að finna fyrir alla fjölskylduna. Fjölskylduleiðsögn verður um sýninguna í formi leiks, þar sem ljósi verður varpað á málarann á frumlegan og skemmtilegan hátt. Leikbrúðuland mun skemmta yngstu kynslóðinni. Tríó Katrinar Petersen flytur færeysk lög og síðan mun Færeyingafélagið í Reykjavík sýna hinn fræga færeyska dans og jafnvel gefa gestum kost á þátttöku. Síðast en ekki síst verður kynning á færeyskum mat. Þá munu Flugfélag Íslands og fleiri aðilar kynna fjölbreytta ferðamöguleika til Færeyja.

Færeyska menningarveislan í dag er gott tækifæri til að kynnast mörgu hinu besta í færeyskri menningu og hvet ég áhugasama til að láta ekki happ úr hendi sleppa heldur eiga skemmtilegan dag með fjölskyldunni að Kjarvalsstöðum. Vona ég að hin fjölsótta og velheppnaða Mikines-sýning í Reykjavík varði veginn að stórauknum menningarsamskiptum og ferðamannastraumi milli Íslands og Færeyja á næstu árum.

Höfundur er borgarfulltrúi.

80% FJÁRMÖGNUN Á HAGSTÆÐUM VÖXTUM

Í DAG ER SÍÐASTA

HANAGAL!

FRÁBÆR TILBOÐ Á ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM

MYNT-KÖRFU LÁN

80% FJÁRMÖGNUN

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

VETRAR- & SUMARDEKK

Nú borgar sig að vera ekkert að drolla því í dag er **síðasti dagur Hanagals hjá Bílaþingi HEKLU**. Það eru allir bílar á útsölu, á allt að **60% afslætti** og **fjármögnun í innlendri og erlendri mynt**. Notaðu síðasta dag í HANAGALI skynsamlega og skoðaðu góða notaða bíla í Bílaþingi HEKLU. **Það er líka Hanagal hjá umboðsmönnum HEKLU um land allt!**

VERÐDÆMI 24.389 Á MÁNUÐI

Audi A6 Quattro

Nýskráður nóv 2003 / Sjálfskiptur / Ekinn 36.000 km
Ásett verð: 2.950.000,- Tilboðsverð: **2.250.000,-**

Toyota Rav4

Nýskráður júní 2004 / Beinskiptur / Ekinn 67.000 km
Ásett verð: 2.090.000,- Tilboðsverð: **1.650.000,-**

VW Jetta Trendline

Nýskráður sept 2006 / Beinskiptur / Ekinn 33.000 km
Ásett verð: 2.090.000,- Tilboðsverð: **1.590.000,-**

Toyota Avensis

Nýskráður feb 1999 / Beinskiptur / Ekinn 160.000 km
Ásett verð: 650.000,- Tilboðsverð: **390.000,-**

Skoda Octavia

Nýskráður júní 2006 / Beinskiptur / Ekinn 37.000 km
Ásett verð: 2.150.000,- Tilboðsverð: **1.750.000,-**

MM Pajero GLS

Nýskráður jan 2005 / Sjálfskiptur / Ekinn 85.000 km
Ásett verð: 4.590.000,- Tilboðsverð: **3.350.000,-**

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

HEKLA

Opið frá 9 til 16 í dag

Laugavegi 174 | sími 590 5040 | www.bilathing.is
Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Undanþágur og sérlausnir í aðildarviðræðum við ESB

UMRÆÐAN
Evrópumál

Í umræðum um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu er því stundum haldið fram að sameiginleg sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins sé andstæð íslenskum hagsmunum. Látið er fylgja með að ómögulegt sé að finna viðunandi lausn í sjávarútvegsmálinu í aðildarviðræðum og þess vegna sé um tómt mál að tala að hefja aðildarviðræður. Aðildarsamningar að ESB hafa sömu lagastöðu og stofnsamningar ESB. Því er áhugavert að skoða hvort einhver aðildarríki ESB hafi fengið slíkar sérlausnir eða undanþágur í sínum aðildarsamningum.

Undanþágur

Danmörk og Bretland hafa gengið lengst í fyrirvörum og undanþágum frá reglugerðaverki ESB og virðast jafnvel hafa kerfisbundna stefnu þess efnis að taka ekki þátt á öllum samstarfssviðum ESB. Bæði Bretland og Danmörk eru undanþegin þriðja stigi myntbandalags ESB og þar með frá því að taka upp evruna. Bretland og Írland standa fyrir utan Schengen og Danmörk viðurkennir ekki yfirþjóðlegan rétt Evrópusambandsins á sviði innanríkis- og dómsmála. Danir viðurkenna heldur ekki að ríkisborgararéttur ESB taki framar dönskum ríkisborgararétti og eru einnig undanþegnir varnarstefnu ESB.

Þá má nefna að Danmörk fékk ennfremur sérlausn í sínum aðildarsamningi frá árinu 1973 sem kveður á um að Danir mega viðhalda löggjöf sinni á kaupum útlendinga á sumarhúsum í Danmörku. Löggjöfin kveður á um að aðeins þeir sem hafa verið búsettir í Danmörku í fimm ár hið minnsta mega kaupa tiltekin sumarhús á tilteknum stöðum. Malta fékk svipaða undanþágu í sínum aðildarsamningi og fékk að viðhalda löggjöf þess efnis að þeir sem ekki hafa búið í landinu í fimm ár hið minnsta mega ekki kaupa fleiri en eina húseign í landinu.

Þessar bókanir teljast til varanlegra undanþága frá regluverki ESB enda ganga þær gegn frjálsum fjárfestingarrétti sem á að

EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

vera tryggður í stofnsáttmála ESB. Malta fékk einnig eins og Írland heimild til að viðhalda banni við fóstureyðingum. Þegar Suður-Evrópuríkin, Grikkland (1981), Spánn og Portúgal (1986) gengu í ESB fengu þau í aðildarsamningi sérstaka undanþágu í bómullarframleiðslu. Sú undanþága hefur síðan orðið að almennri reglu í landbúnaðarstefnu ESB. Svíþjóð fékk undanþágu frá heilbrigðisreglum ESB og fékk heimild til að selja varatóbakið snus á heimamarkaði. Hér er sem sagt um að ræða klárar undanþágur (e. opt-outs) frá stofnsáttmálum ESB.

Sérlausnir

Fjölmörg aðildarríki hafa einnig fengið fram ýmiskonar sérlausnir sem sniðnar hafa verið inn samhliða aðildarviðræðum. Hér má nefna ákvæði um sérstakan stuðning við harðbýl svæði sem varð til í tengslum við inngöngu Bretlands og Írlands í ESB árið 1973. Annað dæmi um sérsniðna lausn sem varð til í aðildarviðræðum má finna í aðildarsamningum Svíþjóðar, Finnlands og Noregs (aðildarsamningur Noregs var svo felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu). Sérstök grein um heimskautalandbúnað heimilar sænskum og finnskum stjórnvöldum að styðja landbúnað norðan 62. breiddargráðu allt að 35 prósent umfram það sem er heimilað annars staðar í ESB. Finnar fengu einnig heimild til að styrkja enn frekar svæði sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að aðlagast landbúnaðarstefnu ESB. Í aðildarsamningi sínum fengu Finnar því framgengt að 85 prósent af landsvæði Finnlands eru skilgreind sem harðbýlt svæði.

Sjávarútvegur á Möltu

Malta hefur haft nokkra sérstöðu í sjávarútvegi og því er áhugavert að skoða aðildarsamning þeirra á því sviði sérstaklega. Snemma á áttunda áratugnum lýsti Malta yfir 25 mílna efnahagslögsögu en erfiðlega hefur

FRÁ AUSTURVELLI „Sjávarútvegsstefnu ESB var í raun aldrei ætlað að ná yfir svæði þar sem ekki eru sameiginlegar auðlindir og því tekur stefnan, eðli málsins samkvæmt, ekki tillit til aðstæðna á Íslandi," segir meðal annars í greininni.

gengið að fá hana viðurkennda á alþjóðavettvangi. Undanfarin 30 ár hefur Malta þó að mestu stjórnað veiðum innan þeirrar lögsögu. Möltubúum hefur þó reynst erfitt að fá ESB og alþjóðasamfélagið til að virða lögsöguna og erlend fiskiskip hafa alla tíð stundað veiðar að einhverju leyti innan hennar.

Aðstæður á Möltu eru æði ólíkar þeim sem þekkjast á Íslandi, til að mynda að því leyti að á Möltu er lítið um staðbundna fiskistofna. Meirihluti stofna er því sameiginlegur með ríkjum ESB og Norður-Afríku. Í reglum ESB eru ríki aðeins einráð um fiskveiðar innan tólf mílna lögsögu. Utan hennar er óheimilt að mismuna sjómönnum eftir þjóðerni. Því þurfti að semja um lögsöguna milli tólf og 25 mílur frá eyjunni. Í samningaviðræðunum gerði Malta þá kröfu að halda 25 mílna lögsögunni. Niðurstaðan varð sú að stjórnvöld á Möltu munu eftir sem áður stjórna veiðum innan 25 mílna lögsögunnar. Samningamenn ESB féllust á þetta á grundvelli þess sjónarmiðs að aðildin verði ekki til að draga úr verndaraðgerðum innan svæðisins.

Þótt stjórnvöld á Möltu haldi stjórn á veiðum í lögsögunni er þeim formlega séð hins vegar ekki heimilt að meina öðrum en maltneskum sjómönnum að veiða milli tólf og 25 mílnanna. Til að girða fyrir útgerð frá öðrum ríkjum var því sett inn sú regla að veiðar á svæðinu takmarkist við skip undir tólf metrum að lengd, en langflest fiskiskip á Möltu eru undir þeirri stærð. Þetta fyrirkomulag gerir það að verkum að maltneskir sjómenn munu eftir sem áður sitja einir að veiðum á svæðinu því ekki er talið svara kostnaði fyrir aðrar þjóðir að senda svo lítil fiskiskip svo langa leið til veiða við Möltu.[7] Lettland fékk einnig álíka undanþágu í sjávarútvegi hvað varðar veiðar í Eystrasalti.

Malta fékk því líka framgengt að öll eyjan er skilgreind sem harðbýlt svæði. Malta fékk enn frekari undanþágur fyrir eyjunni Gozo, sem tilheyrir Möltu. Til að mynda má selja þar vöru án þess að innheimta virðisaukaskatt.

Sérlausnir innan ESB

Til viðbótar við undanþágur og sérlausnir sem ríki hafa fengið í aðildarsamningum er einnig nokkuð um að aðildarríki ESB hafi einnig náð að semja um undanþágur og sérlausnir eftir að inn í ESB er komið, sérstaklega í tengslum við endurskoðun á stofnsáttmála ESB. Danir, Bretar og Írar hafa til að mynda náð fram slíkum samningum. Eins og greint hefur verið frá standa Bretland og Írland til að mynda fyrir utan Schengen-samstarfið og hafa undanþágu frá stefnumálum á sviði innflytjendamála, löggæslu og landamæraeftirlits.

Þessi undanþága eða sérlausn er á grundvelli sérstakrar bókunnar við Amsterdam-samninginn frá árinu 1997. Danskir kjósendur höfnuðu Maastricht-sáttmálanum frá árinu 1992 í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í sérstöku samkomulagi sem undirritað var í Edinborg árið 1994 náðu Danir fram ýmsum sérákvæðum, til að mynda um veitingu ríkisborgararéttar og undanþágu frá þátttöku í myntbandalagi ESB. Eins og Bretar og Írar náðu Danir einnig fram sérstakri bókun við Amsterdam-samninginn. Í henni fengu Danir einnig undanþágu frá ýmsum þáttum í samstarfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála þótt Danmörk sé vissulega fullgildur aðili að Schengen. Danmörk fékk að auki sérstaka heimild til að standa fyrir utan varnarsamstarf ESB.

Undanþágur og sérlausnir verða raunar ekki aðeins til í aðildarsamningum eða við endurskoðun á stofnsamningum ESB. Nokkuð er um að einstaka ríki hafi náð að semja sig frá einstaka tilskipunum og reglugerðum sem eru í undirbúningi og önnur ESB-ríki vilja setja. Slíkar undanþágur eru gjarnan veittar á svæðum sem búa við sérstakar aðstæður og þar sem viðkomandi reglugerð gengur gegn hagsmunum þess svæðis. Nokkuð er um slíkar undanþágur í sjávarútvegi. Til að mynda við Hjaltlandseyjar og Orkneyjar auk sérreglna í Miðjarðarhafi og Eystrasalti.

Staða Íslands í aðildarviðræðum

Framangreindar bókanir hafa sömu lagastöðu og aðildarsamningarnir sjálfir. Í 174. gr. aðildarsamnings Austurríkis og Finnlands, Svíþjóðar og Noregs er til að mynda sagt að þær séu óaðskiljanlegur hluti af samningnum. Aðildarsamningar ríkja hafa svo einnig sömu stöðu og stofnsamningar ESB.

Í tengslum við hugsanlega aðild Íslands að ESB má nefna að í 299. grein Rómarsáttmálans er kveðið á um sérstaka stöðu um fjarlægar eyjar og héruð innan ESB. Í ákvæðinu er viðurkennt að sérstaða slíkra svæða geti kallað á ýmsar sérlausnir. Í skýrslu sem starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins tók saman árið 2004 undir heitinu Fiskveiðiauðlindin – Ísland og Evrópusambandið, er bent á að Ísland gæti nýtt þessa grein í samningum við ESB um sérlausn í sjávarútvegi en í ákvæðinu felst sú regla að „heimamönnum er tryggður víðtækur forgangur til hagnýtingar náttúruauðlinda á hafsvæðum eyjanna sem um ræðir." Í skýrslunni kemur einnig fram að heimamenn geti krafist „einkaréttar til veiða, vinnslu og markaðssóknar, en mega hins vegar t.d. ekki sækja inn á meginlandsmarkað Evrópu með þeim hætti að skekki markaðsaðstæður þar." Í ákvæðinu felast einnig möguleikar um „margvíslega styrki, m.a. til þróunar og ráðgjafar, veiðarfæra og annarrar vélvæðingar, starfsþjálfunar, vöruþróunar og sölumála." Þá gilda sérstök ákvæði um skattamál, tollamál, innflutningshöft á þessum svæðum, og um stuðning vegna flutningskostnaðar, efnivörukostnaðar og fjármögnunar.

Kjósi Íslendingar á annað borð að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið ætti samkvæmt þessari upptalningu hér að framan vel að vera gerlegt að ná viðunandi lausn í sjávarútvegsmálinu. Komi til aðildarviðræðna ættu íslensk stjórnvöld að fara fram á sérstaka aðlögun á sjávarútvegsstefnu ESB svo hún falli að aðstæðum á Íslandi. Baráttan um yfirráð yfir auðlindum landsins er nátengd sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og beintengd hugmyndum um fullveldi Íslands. Sjávarafurðir telja enn góðan meirihluta í vöruútflutningi Íslands. Yfirráð yfir fisknum snýst því með beinum hætti um yfirráð yfir eigin örlögum. Ekki síst þess vegna er mikilvægt að sérstaða svæðisins umhverfis Íslands sé áréttuð með óyggjandi hætti. Þetta væri til að mynda hægt að tryggja með því að gera fiskveiðilögsögu Íslands að sérstöku stjórnsýslusvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu ESB. Ekki væri um að ræða almenna undanþágu frá sjávarútvegsstefnunni heldur um sértæka beitingu hennar á ákveðnu svæði á grundvelli nálægðarreglu þannig að ákvarðanir um nýtingu á auðlind Íslands sem ekki er sameiginleg með öðrum aðildarríkjum ESB yrðu teknar á Íslandi. Í rökstuðningi fyrir sérstakri beitingu sjávarútvegsstefnunnar á Íslandi má beina sjónum að ólíkum aðstæðum á Norðvestur-Atlantshafssvæðinu annars vegar og hafsvæðum innan ESB hins vegar, líkt og Halldór Ásgrímsson gerði í Berlínarræðu sinni árið 2002. Við skoðun á landakorti Evrópu sjá menn það í hendi sér að þörf er á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu á meginlandi Evrópu þar sem um sameiginlega nýtingu er að ræða úr sameiginlegum auðlindum. Fiskistofnar við meginland Evrópu virða ekki landamæri og eru veiddir af fjölda ríkja. Því er augljóst að sameiginleg stjórn þarf að vera á slíkum veiðum.

Þessu er hins vegar ólíkt farið á Íslandsmiðum og raunar á öllu Norðvestur-Atlantshafi. Fiskistofnar Íslands eru að mestu staðbundnir og því er ekki um sameiginlega auðlind að ræða, ekki frekar en á við um skóga í Finnlandi eða olíu við strendur Bretlands. Sjávarútvegsstefnu ESB var í raun aldrei ætlað að ná yfir svæði þar sem ekki eru sameiginlegar auðlindir og því tekur stefnan, eðli málsins samkvæmt, ekki tillit til aðstæðna á Íslandi. Í hugsanlegum aðildarviðræðum þarf því að skoða með hvað hætti unnt er að laga stefnuna að aðstæðum á Íslandi. Í því sambandi er unnt að beita nálægðarreglu Evrópusambandsins sem kveður á um að ákvarðanir skulu teknar sem næst þeim er ákvörðunin snertir. Svör við því hvort unnt sé að ná viðunandi aðildarsamningi við Evrópusambandið, til að mynda á borð við þá sem hér eru nefndir, fást hins vegar ekki fyrr en í aðildarviðræðum.

Höfundur er stjórnmálafræðingur.
Greinin birtist með tilvísun í heimildir á Vísi.

Komdu og upplifðu veröld hvíldar

Fermingartilboð
Chiro Standard
120 x 200 cm
82.900 kr.
Dýna, leðurklæddur botn og lappir

Rúmumgjörð
Super Z TM-Line
180 x 200 cm
152.800 kr.
Gafl og rammi í svörtum ask

Stillanlegt rúm
Gravity Zero PT
2 x 90 x 200 cm
693.910 kr.
Aukahlutir á mynd: náttborð og heilsukoddar

Svefnsófatilboð
Senseo - svefnsófi
Dýna: 140 x 200 cm
179.900 kr.
Mikið úrval

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

Láttu töfrana tala við þig í Brimborg í dag

Prófaðu sparneytinn og umhverfishæfan Ford Focus

Finndu hvernig töfrarnir tóna í Brimborg í dag. Töfraðu til þín söluráðgjafa. Töfraðu fram einn glæsilegasta bíl ársins. Töfraðu fram sérstakt kynningarverð á nýjum Ford Focus. Nýttu þér töfrana. Þú og Ford. Keyrð'einn.

Töfrandi kynningarverð: 2.690.000 kr.*

Ford Focus Trend
1,6i 100 hö 150 Nm
5 dyra 5 gíra beinskiptur
CO2 losun 159 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Nýr Ford Focus er kostum prýddur. Nýtt og glæsilegt útlit, framúrskarandi tækni og ríkulegur útbúnaður eru örfá dæmi af mörgum sem mæla með Focus. Frábær fjölskyldubíll sem er gaman að eiga, gott að keyra og hagkvæmt að reka. Svo er hann líka vænni fyrir umhverfið.

Settu fókus á Ford

Focus hefur verið mest seldi bíllinn frá Ford í þessum vinsæla flokki fjölskyldubíla í Evrópu. Þetta er fjórða kynslóðin, sú öruggasta og umhverfishæfasta til þessa. Hönnun hennar hefur verið felld að ávölum línum nýja útlitsins frá Ford. Þessum breyttu áherslum að utanverðu hefur síðan verið fylgt þétt eftir í hönnun bílsins að innanverðu með vandaðra efnisvali og nýrri sætagerð. Útkoman er enn stílhreinni Focus, endurhannaður frá grunni með hliðsjón af þeim sem vilja aðeins það besta.

Meiri búnaður í Focus

Sem fyrr einkennist búnaðarstig Focus af metnaði, eins og sjá má á því að ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, EBD hemlajöfnun og EBA hjálparhemlun er meðal staðalbúnaðar. Alltaf er þó rúm fyrir áhugaverðar nýjungar og hefur Ford gætt Focus ýmsum nýjum hæfileikum, eins og Easy Fuel búnaðinum, sem kemur í veg fyrir að röngu eldsneyti sé dælt á bílinn, hvort heldur bensín- eða dísilútgáfan á í hlut. Þú þarft því ekki að hafa stórar áhyggjur af því að fara eldsneytisvillt með tilheyrandi tjóni, þó að þú skiptir yfir í enn umhverfisvænni Ford Focus TDCI. Þá er Focus kominn með LED dióðuljós að aftan, nýtt EHPAS rafstýri með þremur þyngdarstillingum í aksturstölvunni, bremsuljós í afturrúðuna og Isofix barnastólafestingar í aftursæti.

Betri aksturseiginleikar

Nýr Focus er þýður og skemmtilegur í akstri. Þegar í fyrstu kynslóðinni af Focus setti Ford metnaðarfullar kröfur um aksturseiginleika með Control Blade fjölfjöðrunarkerfinu og breitt hjólhafið gerir hann einstaklega stöðugan. Að viðbættri nýju PowerShift skiptingunni frá Ford og EHPAS rafstýrinu sem er með þrjár þyngdarstillingar eða standard, comfort og sport, má segja að allt leggist á eitt um að veita Focus framúrskarandi aksturseiginleika.

Komdu **í dag**

frumsýning

Kaffi og kleinur

frá kl. 12 til 16, í Brimborg

Akureyri, Reykjavík

Öruggari Focus

Nýr Focus flaug í gegnum öryggisprófun EuroNCAP með 5 stjörnu toppeinkunn, enda ríkulega búinn öryggisbúnaði. Öryggispúðarnir eru fjórir og öryggispúðatjöld eru til beggja hliða. Skynvætt IPS öryggiskerfi (Intelligent Protection System) stýrir af stærðfræðilegri nákvæmni passífum öryggisbúnaði á borð við öryggispúða og – belti allt eftir tildrögum. Allt ferlið fer fram á sekúndubrotum og byggir í grófum dráttum á því, að þróaður hugbúnaður metur í samspili við þéttriðið net skynjara hvernig öryggisbúnaður bílsins geti sem best varið þá sem í honum eru gegn alvarlegum áverkum, ef slys ber að höndum. Þá er Focus búinn hálkuviðvörun, þriggja punkta öryggisbeltum í öllum sætum og rafstýrðum bílbeltastrekkjurum ásamt háls- og bakhnykksvörn í framsætum.

Þægilegri Focus

Í þægindum er Focus í sérflokki. Má þar nefna sem dæmi enn betri hljóðeinangrun sem heldur veg- og vélarhljóði í lágmarki, rafdrifna hæðarstillingu á ökumannssæti og hæðarstillingu á farþegasæti frammi í ásamt mjóbaks- og hitastillingu á báðum framsætum. Þá er Focus búinn vönduðum hljómflutningstækjum, fjarstýrðum samlæsingum, ræsivörn og þremur þyngdarstillingum og aðdrætti á stýri. Þá er Focus enn fremur með heilhitun á framrúðu og hliðarspeglum, búnaður sem kemur sér afar vel á frostköldum vetrarmorgnum. Valbúnaðurinn er einnig ríkulegur og má þar nefna loftþrýstingsnema í hjólbörðum (sem er einnig fyrirtaks öryggisbúnaður), 230 v innstungu fyrir fartölvuna, leikjatölvuna eða DVD spilarann, lyklalaust aðgengi og margt, margt fleira.

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com

Hagkvæmari Focus

Ford hefur líkt og aðrir bílaframleiðendur lagt mikla áherslu á að þróa nýja og betri vélartækni með tilliti til bæði eldsneytisnotkunar og mengunar, án þess þó að það dragi úr aksturseiginleikum eða – ánægju. Nýr Focus er hér engin undantekning og eru CO2 gildi í útblæstri 1,6 TDCI vélarinnar með þeim lægstu sem hafa sést. Í m.a. breskum bíladómum hefur verið farið lofsamlegum orðum um Focus í þessu tilliti, sem bæði sparneytinn og umhverfishæfari kost.

Frábærir dómar

Dómar evrópskra bílablaðamanna hafa nánast allir sem einn verið afar jákvæðir. Nýja kynslóðin er að þeim eldri ólöstuðum m.a. sögð bæði fallegri og betur búin. Þá sé hún vandaðri að allri gerð og augljóslega klár í þann harða slag sem stendur um toppsætin í flokki fjölskyldubíla.

visthæf skref með Brimborg

Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Láttu töfrana tala. Spurðu um verð og gæði. Spurðu um fjármögnun. Ford. Keyrð'einn.

brimborg

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Eina blaðið á sunnudegi

Hassnýlendan fyrir bí?
Í rúmlega þrjátíu ár hefur staðið styrr um friríkið Kristjaníu í Kaupmannahöfn.

Aprílgöbb og mótmæli
Sigmar Guðmundsson myndi treysta ömmu sinni til að skandalísera ekki sem forseti og Nanna Rögnvaldar hrífst af flottum fótboltamönnum.

Sport

Í Sportinu á sunnudag:
Greint frá því hvaða handboltamenn þykja þeir kynþokkafyllstu á Íslandi; einnig er opinskátt viðtal við Brasilíumennina hjá Þrótti um handtökuna á Vegamótum og lífið á Íslandi. Sautján ára risi í körfuboltanum er einnig í viðtali, sem og efnilegasti handboltamaður landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Aldrei nein lognmolla kringum hann

STURLA JÓNSSON



Hann er ákaflega fylginn sér, ef hann tekur sér eitthvað fyrir hendur þá framfylgir hann því mjög vel. Hann er maður orða sinna og afskaplega vinnusamur," segir Aldís Erna Helgadóttir um eiginmann sinn, Sturlu Jónsson, forsvarsmann atvinnubílstjóranna sem hafa vakið athygli fyrir mótmæli sín síðustu daga. Bílstjórarnir hafa þeytt horn sín og teppt umferð til að mótmæla vökulögum og háu eldsneytisverði. Með þessu vilja þeir hvetja ríkisstjórnina til að grípa til aðgerða.

„Hann er hörkuduglegur maður sem virðist geta hvað sem er. Það er ekkert sem vefst fyrir honum," segir Aldís. „Þó að hann virðist vera með ansi harðan skráp þá er hann líka viðkvæmur inn við beinið og mikil tilfinningavera þótt sumir haldi kannski annað."

Mótmæli atvinnubílstjóranna eiga sér forsögu því fyrir þremur árum reyndu atvinnubílstjórar að efna til mótmæla gegn olíugjaldi og kílómetragjaldi en þá reyndist ekki vera jafn mikil samstaða meðal bílstjóranna og nú og því fjöruðu mótmælin út eftir skamman tíma. Á þessum tíma var Sturla forsvarsmaður fyrir hópnum og hitti meðal annars Geir H. Haarde í fjármálaráðuneytinu og ræddi þessi mál við hann.

Á fimmtudaginn fyrir rúmri viku hringdi félagi Sturlu svo í hann og kvartaði yfir olíuverðinu. Sturla hvatti hann til að hætta röflinu og gera frekar eitthvað í því, hringja í menn og kanna samstöðuna. Hann kvaðst sjálfur skyldu hringja í sína kunningja. Þeir fóru svo báðir af stað og innan nokkurra tíma voru hafin mótmæli hundruða manna sem síðan hafa vakið athygli um allt land. Mótmælin hafa fengið meiri stuðning en nokkur hefði getað ímyndað sér.

Fyrir tilviljun hefur Sturla lent í því að vera í forystu fyrir hópnum og kannski er það líka vegna þess að hann talaði fyrir hópinn fyrir þremur árum.

Sturla hefur gríðarlega réttlætiskennd og orð eins og framtakssemi, elja, vinnusemi og kraftur virðast eiga vel við hann. Sturla er maður framkvæmdanna, ef hann ákveður eitthvað kemur hann því í verk og það strax. Hann þarf alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni og það er aldrei nein lognmolla í kringum hann, að sögn Aldísar. „Eftir honum er tekið hvert sem hann fer. Hann læðist ekkert með veggjum."

Davíð Eyjólfsson atvinnubílstjóri hefur þekkt Sturlu í nokkur ár. „Hann er mjög skipulagður, þrælsnöggur og vinnur mikið, er í vinnunni meirihluta sólarhringsins. Þetta er nagli enda þýðir ekkert annað í þessum jarðvinnubransa," segir hann.

„Þetta er frábær náungi, nákvæmur og með allt sitt á hreinu. Hann borgar alltaf allt á réttum tíma og spáir í alla hluti. Hann lætur heyra í sér, vill oft leiða hópinn og hefur sínar hugmyndir. Hann þorir að stíga fram frekar en margur annar og er óhræddur við að segja skoðanir sínar umbúðalaust," segir Davíð.

Aldís tekur undir þetta. „Hann er hreinn og beinn og segir meiningu sína hreint út," segir hún.

Fyrir utan bíla- og tækjaáhugann hefur Sturla áhuga á útiveru og alls kyns ferðalögum og fer mikið upp um fjöll og firnindi. Hann er ekki flokkspólitískur en tekur afstöðu með litla manninum. Hann hefur ekkert á móti því að menn græði peninga ef þeir gera það án þess að ganga á hlut annarra eða græða á öðrum. Sturla hefur átt ýmis áhugamál en stærst er torfæran sem hann stundaði fyrir nokkrum árum. „Hann var mjög áberandi í henni," segir Aldís.

Þegar spurt er um galla segir hún að fyrst komi upp í hugann fljótfærni. „Hann fer stundum fram úr sér. Hann er líka skapmikill en þótt hann rífist og skammist er sanngirnin ekki langt undan."

Sturla er ekki jafn mikið með strákunum sínum þremur, sjö, þrettán og sautján ára, og hann hefði viljað en þeir eru góðir vinir og hann nýtur þess að vera með þeim þegar hann getur.

ÆVIÁGRIP

Sturla Jónsson, eigandi Smágröfuleigunnar ehf. vélaleigu, fæddist í Reykjavík 4. nóvember 1966. Foreldrar hans eru Ólafía Kristín Kristófersdóttir húsmóðir og Jón Hannesson bílstjóri. Stjúpi Sturlu er Sigurður Pétursson rafvirki. Sturla á sjö hálfsystkini og tvö stjúpsystkini og er þeirra elstur. Sturla er alinn upp í Breiðholtinu.

Í æsku var hópurinn á heimilinu stór og mikil samkeppni. Krakkarnir lærðu að drífa sig að matarborðinu þegar kallað var því að sá sem kom seinastur fékk minnst. Margar fjölskyldur höfðu ekki úr miklu að moða í Breiðholtinu 1970 til 1985. Fjölskylda Sturlu var í þeim hópi.

Sturla var einn vetur í Langholtsskóla og gekk svo í Fellaskóla en lauk ekki grunnskólaprófi. Til þess var hann of lítið fyrir bókina og mikið fyrir vinnuna.

Sturla byrjaði ungur að vinna, hefur alltaf unnið mikið og starfað við margt. Hann var sendur ungur í sveit, fyrst að Brandsstöðum í Blöndudal, síðan í Munaðarnes og svo á Skarðsströnd. Eftir það starfaði hann við margt, var til að mynda kominn í vinnu í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi sextán ára gamall, var til sjós, vann á járnsmíðaverkstæði og starfaði sem aðstoðarmaður rafvirkja og bifvélavirki. Hann hefur unnið á gröfum og síðustu árin hefur hann rekið eigið fyrirtæki með stóra beltagröfu og vörubíl.

Sturla er kvæntur Aldísi Ernu Helgadóttur hundasnyrti og eiga þau þrjá stráka, Helga Júlíus Sævarsson Verslunarskólanema og grunnskólanemana Kristófer og Elvar Þór Sturlusyni.

Sturla hefur alltaf haft áhuga á vélum og farartækjum. Á fullorðinsárum hefur hann verið í akstursíþróttum, sérstaklega á árunum 1989-1991 og svo með hléum fram til 2001. Sturla var keppandi í fremstu röð. Á þessum tíma var hann byrjaður að reka fyrirtæki sitt og var í vinnunni fram til sex á daginn og svo í torfærunni fram til klukkan eitt eða tvö á nóttunni. Tímaleysið varð til þess að hann hætti.

Síðustu tíu árin hefur Sturla sest við kaffiborðið á morgnana um helgar með félögum sínum á járnsmíðaverkstæðinu Factoria. Þar ræða menn samfélagsmál, fjárfestingar, stjórnmál og lífið eins og það leggur sig.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Sturla hefur verið mikið í fjölmiðlum upp á síðkastið sem forsvarsmaður atvinnubílstjóra. Bílstjórarnir hafa þeytt horn og teppt umferð til að mótmæla vökulögum og háu eldsneytisverði.

HVAÐ SEGIR HANN?

„Við viljum afnema vökulögin fyrir bílstjóra. Þau eru mölbrotin í allar áttir. Við verðum að átta okkur á því að við búum á eyju. Vegagerðin skaffar hvergi klósett eða sturtu við þjóðvegina og ætlast til að menn geri þarfir sínar í móunum. Það virkar ekki þannig."

VISSIR ÞÚ ...

Að það kostar 160 þúsund krónur tæpar að fylla tankinn á vörubíl Sturlu þegar hann er tómur.

SJÓNVÖRP TILBOÐ

Dantax

Dantax 40LCDV7
40" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 2.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 149.990

enox.

Enox LTV7315HD
15" LCD SJÓNVARP me› 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 500:1 skerpu, 12V og 220V, 12w Nicam Stereó hljóðkerfi, Scart, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 29.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

UNITED

United LTV20L42
20" LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Digital Comb Filter, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), Component, SVHS, CVBS, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 49.990

MIRAI

Mirai DTL522P201
22" LCD BREIÐTJALD með 1680x1050 punkta upplausn, ChroMAX, Progressive Scan, HD Ready,700:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

UNITED

United LTW27W63
27" LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP me› 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam Stereó hljó›kerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr.109.990

JVC

JVC LT26A61SV
26" HD LCD BREIÐTJALD me› Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w Nicam stereó hljó›kerfi, textavarpi, 2 Scart (me› RGB), SVHS, CVBS, Component og PC tengi (DVI), heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 89.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

DynaPiX 3D Cinema Sound

JVC LT32A80ZU
32" LCD BREI‹TJALD með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix myndtækni, HD Ready, 1.200:1 skerpu, fullkomnum litstýringum, 24w Nicam Stereó hljóðkerfi með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr.129.990

JVC DynaPiX 3D Cinema Sound

JVC LT42A80ZU
42" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., DynaPix HD, 100 Hz Clear Motion Drive, HD Ready, 1.500:1 skerpu, 20w RMS MaxxAudio Nicam Stereó hljóðk., 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

TILBOÐ 169.990
FULLT VERÐ kr. 189.990

GRUNDIG

Grundig LXW1178735REF
46" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, Nicam Stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

TILBOÐ 199.990
FULLT VERÐ kr. 349.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjar›ar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfiringabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

Ástarjátning, framhjáhald og hugsanleg hrossakaup

Í dagbók Þráins Bertelssonar er birt hugljúf ástarjátning til Fréttablaðsins, en einnig er vikið að saklausu framhjáhaldi. Þá er birtur matseðill vikunnar hjá manni sem fastar sér til heilsubótar. Einnig er minnst á Darwin, stjórnmálamenn, Mannaveiðar og Heilsudrekann.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 28. MARS.

Smáframhjáhald og ástarjátning til Fréttablaðsins

Pétur Gunnarsson redaktör á Eyjunni.is sem mér finnst skemmtilegasti vefmiðillinn kom að máli við mig og gerði mér tilboð sem ég gat ekki hafnað.

Á Eyjunni.is sem er vaxandi vefmiðill handa fólki með greindarvísitölu sem er hærri en skónúmerið þess getur að líta fréttir, fréttayfirlit og umfram allt mörg skemmtileg blogg, eina vitrænustu umræðuna sem fer fram á Íslandi í dag meðal almennings. Pétur bauð mér að vera með og prófa að blogga þarna soldið og gá hvort það gæti orðið mér til skemmtunar. Ókeypis.

Blogg er sérstakur hlutur. Ekkert getur komið í staðinn fyrir mína Kæru Dagbók! sem ég skrifa í Fréttablaðið vikulega og hefur verið partur af lífi mínu og blaðsins síðustu 130 vikur án þess að nokkurn tímann hafi fallið út dagur.

Kæra Dagbók! er sambland af persónulegu veraldarstússi mínu og þeirra sem mér tengjast í mínu daglega umhverfi. En til að hin persónulegu og ómerkilegu mál sem að mér snúa verði síður uppáþrengjandi og til leiðinda fyrir lesendur blanda ég þau með viðbrögðum mínum og hugsunum um atburði líðandi stundar.

Grundvallarhugmyndin að dagbókarskrifum í dagblaði var sú að birta í Fréttablaðinu eitthvað persónulegt og hvunndagslegt, nokkurs konar mótvægi við ópersónulegar fréttir sem erfitt er að tengja sig við – margar hverjar.

Nú langar mig til að prófa að blogga á Eyjunni.is og hlífa lesendum mínum þar algerlega fyrir frásögnum af mínu daglega lífi, ástamálum, matseld í Norska bakaríinu og sögum af hestamennsku.

Á Eyjunni langar mig til að bregðast við atburðum dagsins. Jafnvel með því að tengja saman gamalt og nýtt.

Þetta er ekki framhjáhald með mínu elskaða Fréttablaði. Og vel gæti verið að eitthvað af Eyjublogginu ratað í Fréttablaðið á endanum – ef Fréttablaðsstjórum ofbýður ekki þeim mun meir sýn mín á veruleikann. Mér þykir vænt um Fréttablaðið og hef það eftir góðum heimildum að Fréttablaðinu þyki vænt um mig. Sumir lesendur virðast hafa ánægju af því gagnkvæma ástarsambandi. En ég er alltaf skíthræddur um að ofbjóða fólki með því að tala of mikið um fjölskyldulífið í Fischerssundi – og upp á hverju barnabörnin mín geta fundið.

LAUGARDAGUR, 29. MARS.

Victor Hugo

Til að undirbúa mig fyrir næsta áfanga í frönskunáminu er ég að lesa ágæta ævisögu Victors Hugos. Hún er á ensku, eftir enskan höfund. Hún er samt soldið tyrfin á köflum en mér hrýs hugur við að byrja á hinum endanum með því að lesa verk þessa andlega risa, kvennabósa, stjórnmálamanns og rithöfundar.

Ég hef sérstakan áhuga á góðum rithöfundum sem skrifuðu fyrir stóran markað, það er að segja lesendur úr ýmsum stéttum og af mismunandi menntunarstigi.

Og ég er að reyna að afsanna þá kenningu að rithöfundar sem stundum skrifa sakamálasögur séu fábjánar að skrifa handa öðrum fábjánum. Persónuleg reynsla mín bendir til þess að hærra hlutfall flóna finnist meðal þeirra sem skrifa bækur en þeirra sem lesa þær.

SUNNUDAGUR, 30. MARS.

Matseld og Mannaveiðar

Hápunktur dagsins var beinlaus eldislax sem ég skar í smábita og eldaði í maríneringu af hnetusmjöri og sojasósu með fersku engifer og furuhnetum.

Horfði á annan þáttinn af íslensku seríunni „Mannaveiðum“. Þetta er miklu skárra en „Pressan“. Það gera fyrst og fremst leikararnir og handrit sem er ekki alveg áttavillt.

Um íslenskt sjónvarpsefni gegnir sama máli og knattspyrnu.

Ég mundi aldrei í lífinu horfa á landslið Slóvakíu leika knattspyrnu – nema hinn keppandinn væri íslenska landsliðið. Ég er stuðningsmaður íslenska landsliðsins í öllum greinum. Líka í sjónvarpsmyndagerð.

MÁNUDAGUR, 31. MARS.

Nálarstungur í Heilsudrekanum

Loksins, loksins er ég aftur kominn í nálarstungur í Heilsudrekanum undir handleiðslu hennar Qing sem ætti að fá margfalda fálkaorðu fyrir að halda Íslendingum vinnufærum og jafnvel heilbrigðum án þess að leggjast upp á heilbrigðiskerfið.



Þetta kostar ekki mikið. Það er vit í kínverskri læknisfræði. Annars væru Kínverjar varla svona margir. Ekki hafa þeir haft það svo gott gegnum tíðina.

Góðu fréttirnar við þessa gigt sem ég geng með eru þær að mér er sagt að hún læknist yfirleitt á sex til tólf mánuðum. Nú er ég búinn að vera undirlagður af þessum fjanda í níu mánuði. Vondu fréttirnar eru þær að ef hún hverfur ekki á sex til tólf mánuðum hverfur hún sennilega aldrei. Það eru líka vondar fréttir að lyfin sem ég þarf að taka eru eiginlega verri en sjúkdómarnir: þunglyndi og fjölvöðvagigt.

Frá og með í dag ætla ég að fasta til föstudagskvölds eða lengur. Þetta er reyndar ekki ströng fasta því að daglegur matseðill er svona: tveir lítrar af vatni, grænt te eftir þörfum, tvö epli á dag, tveir bananar og ein appelsína. Einn bolli af kaffi þegar ég fer á fætur, annar kaffibolli fyrir svefninn og svo aukabolli ef ég vakna um miðja nótt og verð andvaka. Annars get ég ekki sofnað aftur.

Það skal tekið fram að þessi matarkúr er uppfundinn af sjálfum mér án samráðs við lækna og tryggingafélög og ég tek enga ábyrgð á þeim sem ákveða að reyna þetta mér til samlætis.

Sigrid vinkona mín hefur mikið álit á föstum. Og þá er hún að tala um alvöruföstur. Maður lætur ekkert í sig nema vatn eða grænt te. Ég væri alveg til í að prófa þetta, en Sigrid segir að manni fari ekki að líða verulega vel fyrr en eftir fjórtán daga. Það finnst mér dáldið bratt.

ÞRIÐJUDAGUR, 1. APRÍL.

Apríl velkominn

Ég er feginn því að apríl skuli vera genginn í garð. Ég hefði gjarna viljað fá að eiga afmæli í apríl en ekki í nóvember.

MIÐVIKUDAGUR, 2 APRÍL.

Mér hlýtur að vera að skána gigtin. Sólveig heimtaði að við færum austur í Landeyjar að skoða reiðhest sem Viðar vinur minn á Kaldbak heldur að sé eins- og skapaður fyrir mig. Stór og fallegur og ákaflega sérvitur.

Ég prófaði hestinn. Hann var alveg yndislegur. En þrátt fyrir stærðina og sérviskuna var eins og hann væri soldið einn í heiminum og gæti ekki orðið hamingjusamur nema hann eignaðist góðan vin.

Það varð úr að Viðar ætlar að senda mér klárinn í bæinn til að gefa okkur kost á að kynnast og athuga hvort við getum orðið vinir. Hver veit. En þegar maður er kominn á minn aldur er það alvörumál að finna sér reiðhest sem gæti orðið besti vinur manns - og sá síðasti. Hérna megin.

FIMMTUDAGUR, 4. APRÍL.

Fasta á fimmtudegi

Þessi fimmtudagur ætti eiginlega að vera föstudagur því að nú er ég orðinn soldið leiður á föstunni. Leiður, en ósveigjanlegur. Alla vega verður mér þó ekki kennt um að hafa ekki hert sultarólina þegar þjóðarbúið þurfti að draga saman seglin. Var soldið eftir mig eftir reiðtúrinn. Hvað hef ég að gera við gæðing sem þarf að svífa um veröldina daglega ef ég er kraftlaus og næ ekki upp í ístaðið? En sennilega er það fastan sem gerir mig svona svartsýnan. Fasta er nefnilega ekki skemmtileg meðan á henni stendur frekar en svo margt annað.

En það er gaman þegar hún er búin. Þá tekur hófsemin við.

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:
Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Ljósmynd: Agnes Geirdal

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun býr nemendur undir að takast á við eitt af mest knýjandi viðfangsefnum framtíðarinnar, nýtingu og stjórnun auðlinda.

Kennsla fer fram á Ísafirði við Háskólasetur Vestfjarða en námsleiðin er í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Nánari upplýsingar: www.hsvest.is

Umsóknarfrestur: 5. júní 2008

heima

HEIMA ER BEST!

200X80X80

FIORI
3JA SÆTA: 124.800
STÓLL: 68.000
Hvítt, og svart

80X80X80

LEÐURSTÓLL
15.900
Hvítt, svart og brúnt

TV SKENKUR
84.900
Hvítt og svart
210x57x49

SÓFABORÐ
49.800
Hvítt og eik
70x130

FIORI
TUNGUSÓFI
199.800
Hvítt og svart
250x160x80

Opið í dag 11-16

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242
www.heimahusid.is - heimahusid@heimahusid.is
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 LAUGARDAGA 11-16

HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
Ondvegi

Er pallurinn klár fyrir vorið?

Hnífabrýni
2999496-7
3.399

Grillsett
stál, 6 stk
2999162
990
~~1.590~~

BANDRÍSK GÆÐAVARA
GENESIS S310

3 ryðfríir brennarar:
12,3 kW/h - 42.000 BTU
Rafstýrður kveikjari
Ryðfríar 7mm stál grindur
Postulín - glerungshúðað lok
Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki
Hurðir á skáp, úr stáli
Innfeldur gráðuhitamælir
Grillflötur: 66x49,5 sm
Efri grind: 60x13 sm
Heildar utanmál með lok opið:
163x150x83,5 sm
Gaskútur fylgir ekki
Afhent ósamsett
3000258
129.900

Gagnvarin fura

Algengasta pallaefni á Íslandi.

21 x 95 mm	28 x 95 mm	98 x 98 mm
0.9 - 4.5 m	0.9 - 4.5 m	698600
621601	628601	
139 kr/m	**199** kr/m	**499** kr/m

Lerki

Umhverfisvænt pallaefni án allra aukaefna. Fúavarið frá náttúrunnar hendi, harðgert og með mikla endingu. Mjög vinsælt pallaefni á Norðurlöndum.

21 x 90 mm	28 x 95 mm
721600	728600
219 kr/m	**269** kr/m

BANDRÍSK GÆÐAVARA
SPIRIT E310

3 ryðfríir brennarar:
11,0 kW/h - 36.000 BTU
Samhæfður kveikjari
Grillgrindur og lok
postulín-glerungshúðað
Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki
Skápur með ryðfríum hurðum
Grillflötur: 61x44 sm
Heildar utanmál með lok opið:
160x137x76 sm
Þrýsti-uppkveikjurofi
Gaskútur fylgir ekki
Afhent ósamsett
3000256
73.990

Verkfærataska
B&D, opin með hliðarvösum, 560 x 270 x 260 mm
5024789
4.999
~~6.998~~

Hægt er að bera á pallinn við lágt hitastig.

Kuldi þarf ekki að koma í veg fyrir að bera á pallinn því JOTUN TREOLJE má nota við hitastig niður í - 5°C.

Pallaolía
3 ltr
7049123-37
1.799
~~2.629~~

Trooper EX OUTBACK

7.87Kw
Grillflötur 48x50 sm
Tveir brennarar úr steypujárni
Hjálmur með postulínsemeleringu
Grillið og grillgrindin er húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði
Auðþrífanlegur lekabakki
Hitamælir á hlíf
Hraunsteinar
Aðfellanleg hitagrind
Innbyggð snúningskveikja
Grillvagninn er úr vönduðum harðviði
3000236
31.990

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavixl

Hjólahjálmar
Disney
5872012-9

2.999

Unica 26”
EVRÓPSK GÆÐAVARA

21 gira **Shimano Revoshift** skipting

AUTHOR

Afturskipting **Shimano TX-31**

Álgrind

Framskipting **Shimano C050**

V Alloy bremsur

3899978

22.995

Impulse 26”
EVRÓPSK GÆÐAVARA

21 gira **Shimano Revoshift** skipting

AUTHOR

Afturskipting **Shimano TX-30**

Demparar að framan

Álgjarðir

Heavy duty álgrind

Artek “V” bremsur

3899973

26.995

Reiðhjóla-grindur

4.899
~~6.999~~

2.589
~~3.699~~

Melody 20”
EVRÓPSK GÆÐAVARA

6 gira **Shimano Revoshift** skipting

AUTHOR

Afturskipting **Shimano TY-18**

Handbremsur **Tektro** plast/ál

Álgjarðir

Artek “V” bremsur

3899971

14.595

Energy 20”
EVRÓPSK GÆÐAVARA

6 gira **Shimano Revoshift** skipting

AUTHOR

Afturskipting **Shimano TY-18**

Handbremsur **Tektro** plast/ál

Álgjarðir

Artek “V” bremsur

3899969

12.995

19.995

Keðjusög
IKRA, tvígengismótor, 39CC, 2,3 Hp, 40 sm blað

5083546

Hekkklippur
IKRA, rafmagns, 550W, 60 cm blað, klippigeta 18 mm

5083540

5.999

Hekkklippur
Texas, tvígengismótor, 22,6CC, 60 sm blað, klippigeta 27 mm, þyngd 5,4 kg

5083584

16.995

Hleðsluborvél
14,4V, 2 rafhlöður, taska

5245006

3.995
~~5.999~~

Verkfærasett
Cosmos, 100 stk

5052775

5.899
~~9.997~~

3.995
~~5.499~~

Hjólbörur
80 ltr

5080038

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Eiríkur Júlíus Sigurðsson

vélstjóri,
Smáratúni 12, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 3. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

Anna Vernharðsdóttir

Leifur Eiríksson — **Hildur Ingvarsdóttir**
Guðbjörg Hrefna Blanar — **Richard Blanar**
Örn Sævar Eiríksson — **Guðlaug Hulda Halldórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir sendum við til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar sambýliskonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Hólmfríðar Davíðsdóttur

Hlíðarhjalla 69.

Kærar þakkir til allra sem önnuðust hana í veikindunum, sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

Gunnar Ásmundsson
Davíð Guðmundsson — **Hulddís Guðbrandsdóttir**
Ásgeir Sigurðsson — **Arndís Kristjánsdóttir**
Kolbrún Marín og Róbert Dagur.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Kvaran

Sóleyjargötu 9, Reykjavík.

Guðrún Kvaran — **Jakob Yngvason**
Vilhjálmur B. Kvaran — **Helga Pála Elíasdóttir**
Einar B. Kvaran
Böðvar B. Kvaran — **Ásta Árnadóttir**
Hjörleifur B. Kvaran — **Anna Kristín Ólafsdóttir**
Gísli B. Kvaran — **Anna Alfreðsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn

Einar Guðlaugsson

lést af slysförum þriðjudaginn 2. apríl.
Jarðarförin auglýst síðar.
Fyrir hönd fjölskyldunnar

Ingibjörg Þ. Jónsdóttir

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónínu Helgu Guðmundsdóttur

Austurbyggð 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins í Víðihlíð á dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun.

Guðrún Sigríður Stefánsdóttir
Sigurjón Eðvaldsdóttir
Guðmundur A. Stefánsson
Anna Lilja Valdemarsdóttir
Kristín Helga Stefánsdóttir
Kolbrún Stefánsdóttir
Friðrik Adolfsson
Ómar Þór Stefánsson
Hulda Vigfúsdóttir
Stefán Heimir Stefánsson
Anna Halldórsdóttir
ömmu- og langömmubörn.

LEIKKONAN BETTE DAVIS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1908

„Forboðin ástarævintýri gera hjónabandi gott. Þau krydda hjónalífið og koma í veg fyrir að hjúskapur verði leiðinlegur. Ég ætti að vita það.“

Bette Davis hefur oft verið nefnd drottning kvikmyndasögunnar. Hún hlaut Óskarinn fyrir Jezebel 1939 og Dangerous 1935. Bette lést úr brjóstakrabbameini í Frakklandi árið 1989.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 5. APRÍL 1986

Flugslys í Ljósufjöllum

Í dag eru 22 ár síðan flugvél á vegum flugfélagsins Ernis fórst í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi. Flugvélin TF-ORM, af gerðinni Piper Aztec, lagði upp í vondu veðri frá Ísafirði um hádegisbil með flugmann og sex farþega um borð. Framan af gekk flugið vel en veðrið versnaði stöðugt. Yfir Stykkishólmi tilkynnti flugmaður um ferðir vélarinnar yfir Ljósufjöll sem alræmd voru fyrir mikið niðurstreymi við þessar veðuraðstæður. Urðu farþegar þó einskis varir fyrr en vélin tók skyndilega mikla dýfu og skall utan í fjallshlíð, en við það létust tveir menn samstundis.

Um leið og vélin hvarf af ratsjá var farið að óttast um hana, en fljótlega tókst að staðsetja TF-ORM í 600 metra hæð.

Aðstæður til björgunar voru afar slæmar, þyrlur gátu ekkert aðhafst og björgunarsveitum sóttist ferðin seint landleiðina. Ellefu tímum eftir slysið tókst snjóbíl Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík að brjótast á slysstað, en þá voru þrír til viðbótar látnir. Tveir farþeganna lifðu af.

SKERPUKJÖT OG FÆREYSKUR DANS
Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, með eitt málverka færeyska meistarans Mikines í bakgrunni, en Íslendingum er boðið til færeyskrar menningarveislu á Kjarvalsstöðum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LISTASAFN REYKJAVÍKUR: FÆREYSK MENNINGARHÁTÍÐ Á KJARVALSSTÖÐUM

Dynur í danssólum Færeyinga

Í dag gefst tilefni til spennandi ferðalags yfir til íðilfagurra Færeyja þegar blásið verður til fjölbreyttrar og einkar glæsilegrar færeyskrar menningarhátíðar á Kjarvalsstöðum.

„Hátíðina höldum við í tengslum við myndlistarsýningu færeyska listmálarans Mikines sem lýkur á sunnudag,“ segir Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, um veisluhöldin í dag. „Mikines var mestur færeyskra málara og hefur sess á sama stalli meðal færeysku þjóðarinnar og Kjarval hjá okkur Íslendingum. Þegar við unnum að sýningunni urðu til góð og dýrmæt tengsl við frændur okkar í Færeyjum. Báðar þjóðir langaði að gera meira og þá kom upp hugmynd að menningarveislu, en í millitíðinni hafa Íslendingar sent bestu verk Kjarvals yfir til Færeyja,“ segir Soffía þar sem hún gæðir sér á dýrindis skerpukjöti og ljúffengu hvalspiki.

„Íslendingar búa við bæði frumlegar og fornar hefðir í mat, en Færeyingar luma líka á ýmsu sem forvitnilegt er fyrir bragðlaukana og hrein áskorun fyrir Íslendinga að smakka. Við verðum því með lystilegt hlaðborð þjóðlegra færeyskra rétta, eins og skerpukjöt, rastakjöt, hvalkjöt og hvalspik, sem við skolum vitaskuld niður með færeyskum bjór. Þá fáum við notið færeyskra tóna Tríós Katrinar Petersen en tríóið er skipað hinni kunnu söngkonu Katrinu Petersen, Leivi Thomsen sem er einn þekktasti gítarleikari Færeyinga og bassaleikaranum snjalla Bjarka Meitel,“ segir Soffía, en til Íslands kemur gagngert úrval færeyskra listamanna til að skemmta á menningarhátíðinni. „Færeyingar eiga margar hefðir sem Íslendingar hafa glatað niður, eins og færeyska dansinn sem stiginn var hérlendis á öldum áður en svo bannfærður í kjölfar kristnitöku. Færeyingar sátu við sinn keip og héldu áfram að dansa. Hingað koma mjög þekktir færeyskir þjóðdansarar og gestum verður boðið að stíga dansinn með þeim. Því er víst að dynja muni í danssólum þessara góðu frændþjóða í sölum Kjarvals,“ segir Soffía full tilhlökkunar.

„Hér verður vitaskuld veisla fyrir yngstu kynslóðirnar líka, þar á meðal skemmtileg verkefni fyrir alla fjölskylduna að leysa í tengslum við verk Mikines. Brúðuleikhús Helgu Steffensen mun sýna brúðuleikritið Vináttu og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur fylgja gestum um sýninguna og segja frá meistara Mikines,“ segir Soffía en þess má geta að skemmtilegur fróðleikur um Færeyjar í máli og myndum verður í boði allan daginn.

Færeyska menningarhátíðin stendur frá 14 til 18. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis. **thordis@frettabladid.is**

†

Elskulegur eiginmaður og vinur, faðir, tengdafaðir og afi,

Gunnar Örn Gunnarsson

myndlistarmaður, Kambi, Holtum,

lést að kvöldi 28. mars á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut.

Þórdís Ingólfsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir — **Rúnar V. Þórmundsson**
Vilhjálmur Jón Gunnarsson
Gunnar Guðsteinn Gunnarsson — **Hafdís Sigurjónsdóttir**
Rósalind María Gunnarsdóttir
María Björk Gunnarsdóttir — **Rasmus W. Johansen**
Snæbjörg Guðmunda Gunnarsdóttir
og barnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdadóttir, systir og mágkona,

Bára Traustadóttir

frá Fáskrúðsfirði, Kjarrhólma 20, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 2. apríl. Útförin fer fram frá Hjallakirkju miðvikudaginn 9. apríl kl. 15.00.

Guðbjartur Guðbjartsson
Ívar Örn Róbertsson
Sigurvin Guðbjartsson — **María Jóhannesdóttir**
Ottó Valur Kristjánsson — **Margrét Samsonardóttir**
Sjöfn Traustadóttir — **Eysteinn Stefánsson**
Óðinn Traustason — **Guðrún Erlendsdóttir**
Þórir Traustason — **Aðalheiður Sigurbjörnsdóttir**
Björg Traustadóttir

20%

til 50%

afsláttur

af öllum húsgögnum frá fimmtudegi
til sunnudags 3. - 6. apríl

the PIER

Full búð af freistandi tilboðum

Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | sími: 522 7860 | mánudagar til föstudagar 11:00 til 19:00 | laugardagar 10:00 til 18:00 | sunnudagar 12:00 til 18:00

Að taka eftir smáatriðunum

Jóhann Meunier er oft kallaður Jói franski enda rekur hann föðurætt sína til Frakklands. Í spjalli við *Önnu Margréti Björnsson* ræðir hann um uppvöxt sinn í tveimur löndum, skrautlegan tískuheim Parísarborgar og hugsjónina sem nefnist Liborius.

Jóhann Meunier ber franskt eftirnafn en því fylgir óhjákvæmilega hin franska fágun sem erfitt er að læra sé hún ekki meðfædd. Í verslun hans, Liborius á Laugavegi, eru nokkrir hlutir sem minna strax á Frakkland. Á antíkskenki er koparstytta af Eiffelturninum og bunkar af Minnisbók Sigurðar Pálssonar. Sigurður skrifaði hana sem endurminningar frá Parísarborg sjöunda áratugarins sem skáldið hefur einnig ætíð verið tengdur. Þeir Jói eru góðir vinir. Hvor af sinni kynslóð Íslands-Frakka en minna óneitanlega hvor á annan. Báðir með spjátrungslegt og kurteist yfirbragð sem er sjaldgæft hjá Íslendingum. „Ég er fæddur og uppalinn í Suður-Frakklandi, þar sem faðir minn er franskur, og þar á ég enn fjölskyldu sem ég hitti að minnsta kosti tvisvar á ári. Faðir minn er frá litlu þorpi sem liggur mitt á milli Aix-en-Provence og Marseille. Ef fólk kannast við fjallið Saint-Victoire sem Cézanne málaði þá býr fjölskyldan mín í næsta bæ sem heitir Le Plan D'Aups við fjallið Saint-Baume. Þetta er svona hefðbundið franskt þorp þar sem villisvín eru veidd í skógunum og þar er eitt bakarí fyrir fimm hundruð manns. Stórkostlegur staður." Þegar hann er spurður hvort hann sé meiri Frakki en Íslendingur segir hann það nokkurn veginn jafnt. „Þetta er dálítið ruglingslegt í endurminningunni en mér finnst ég hafa eytt jafnmiklum tíma á báðum stöðum. Þó var öll skólaganga mín heima á Íslandi og nánustu vinir mínir eru íslenskir."

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓHANN MEUNIER Í LIBORIUS „Þetta er ekki lokaður heimur fyrir fólk með gull- og platínukort."

Herskólaþjálfun í tísku hjá Colette

Eftir menntaskólanámið ákvað Jói að snúa sér að leiklistinni og sótti um í leiklistarskóla í París. „Það gekk ekki í fyrstu tilraun. Þá var ég fátækur flottræfill sem eyddi síðustu krónunum mínum í dýra skó og föt en átti ekki fyrir mat. Einn dag var ég hálfpartinn „pikkaður upp" af götunni fyrir tilviljun. Það gengur að mér einhver maður sem segist vera frá Colette, en ég hafði þá aldrei heyrt um verslunina. Hann spurði mig hvort ég gæti þjónað í veislu um kvöldið fyrir sirka fimmtán þúsund kall. Þetta hljómaði ansi „dúbíus" en ég þurfti á peningunum að halda þannig að nokkrum tímum síðar var ég kominn á heimilisfangið sem hann rétti mér. Það reyndist vera sjálft Óperuhúsið í París og veislan var haldin af hátískuhönnuðinum Yves St. Laurent ásamt Colette og var sú stórfenglegasta sem ég hef nokkurn tíma séð, fyrr eða síðar. Ég stóð mig ágætlega í þjónshlutverkinu enda vanur alls kyns vinnu heima á Íslandi og næsta dag buðu þeir mér fulla vinnu sem sölumaður í versluninni. Eftir tvo mánuði við að selja smávörur á jarðhæðinni þar réðu þau mig svo, af einhverjum furðulegum ástæðum, til þess að verða aðstoðarmaður Söru, dóttur Colette, en hún er listrænn stjórnandi búðarinnar. Við tók herskólaþjálfun í tískuhönnun næstu átján mánuðina. Ég varð hálfgerður þræll þessarar konu. Hún átti sér lítið sem ekkert félagslíf og vann allan sólarhringinn. Colette er svo ótrúlegur staður og hefur svo mikil áhrif á svo marga hluti; grafíska hönnun, útstillingar, vöruhönnun og tísku. En á þessum tíma var ég sennilega svo hrokafullur að ég ákvað að hætta. Mig langaði frekar til þess að fara út í listnám en að lifa sem vinnuþræll og endaði sem sagt í leiklistinni eins og ég hafði áður ætlað mér. En samhliða því vann ég svo sem blaðafulltrúi ýmissa hönnuða, þar á meðal Gaspard Yurkevich og Eley Kishimoto, sem Íslendingar þekkja úr versluninni KronKron. Þetta var allt mjög skemmtilegt fólk og góður tími, ég öðlaðist reynslu við að setja upp tískusýningar, bóka fatnað í tímarit og meira að segja málaði á skó fyrir einn hönnuð." En hvað með ímyndina um að tískuliðið sé allt snargeggjað? „Ég persónulega sé þetta fólk aðeins sem fólk sem vinnur hörðum höndum. Ég fann aldrei fyrir endalausu kampavíns- eða fíkniefnaflæði, allt næturbrölt fór fram hjá mér. Það er ekki tími til þess þegar það þarf að vinna allan sólarhringinn til ná árangri."

Að gleyma sér ekki í hversdagsleikanum

Ákvörðun um að snúa svo aftur til Íslands var tekin þegar móðir Jóa, Dóra Kondrup, lést af illvígu krabbameini. „Ég var hjá henni alveg þar til hún lést. Þá tók við erfitt sorgarferli. Á þeim tíma átti ég spjall við vin minn Jón Sæmund Auðarson um mögulega aðkomu mína að Liborius að einhverju leyti. Jón stofnaði Liborius ásamt Hrafnhildi og Báru Hólmgeirsdætrum og var þá eigandi búðarinnar sem á þessum tíma var til húsa á Mýrargötunni. Þetta þróaðist allt saman upphaflega frá þeim tímapunkti og eins og ég segi gjarnan, allar leiðir mínar lágu til Liborius. Þegar mér hafði svo loks tekist að byggja upp einhverja jákvæðni í lífi mínu aftur eftir móðurmissinn þá leist mér frábærlega á að taka við búðinni og ég er viss um að ef mamma sæi búðina yrði hún mjög stolt af henni." Jói segir báða foreldra sína hafa haft tilhneigingu til lista og skáldskapar. „Mamma þótti alltaf mjög sérvitringsleg í útliti. Sneri til dæmis öllum peysum öfugt sem hún gekk í og þar fram eftir götunum. Hún var einstaklega glæsileg og þokkafull kona. Ljóðræn og listræn. Pabbi minn er fyrrverandi kommúnisti og skrifar enn í kommúnistablað. Hann er svona ekta blóðheitur franskur sósíalisti og ævintýragjarn en fyrirmyndarmaður. Ég hugsa að það sem ég hef erft frá þeim báðum sé áhuginn á því sem á frönsku kallast „raffiné", eða fágun. Lífið er mjög stutt. Maður hefur ekki efni á að gleyma sér í hversdagsleikanum og láta lífið fram hjá sér fara heldur er svo skemmtilegt að taka eftir smáatriðunum."

> Ég hugsa að það sem ég hafi erft frá foreldrum mínum sé áhuginn á því sem á frönsku kallast „ raffiné" eða fágun

Spennandi samstarf við Epal

„Nú er nákvæmlega ár síðan við keyptum þessa búð og höfum verið að stefna að því að breyta henni hægt og rólega," útskýrir Jói með breiðu brosi. „Fyrst á dagskrá var að leita að hentugu húsnæði og við vorum svo heppnir að finna þennan frábæra stað hér í hjarta tískunýlendu borgarinnar, við hliðina á Trilogiu og Kisunni. Ég var mjög ánægður með þau merki sem fyrri eigendur voru með og höfðu lagt inn pantanir fyrir, en þar má nefna Ann Demeulemeester, Christian Dior og Number Nine. Margir voru himinlifandi að slík tískubúð hefði loks verið opnuð á Íslandi. Hins vegar sáum við fljótlega að magnið af dýrum vörum fór hreinlega fyrir brjóstið á sumum. Við urðum því að gera búðina aðgengilegri og okkur vantaði yngri hönnuði, óþekkt nöfn og lægra verð. Vissulega er ákveðinn fastakúnnahópur sem verslar í áþekkum búðum, til dæmis Kisunni, Þremur hæðum, KronKron og Trilogiu en margir bjuggust við því að hreinlega hrökklast aftur á bak út úr Liborius ef þeir hefðu ekki efni á klæðum fyrir tugi þúsunda. En Liborius á auðvitað alls ekki að vera lokaður heimur fyrir fólk sem á gull- og platínukort, né fyrir sérvitra tískuspekúlanta." Jói sér um öll innkaup í verslunina sjálfur en þar er, auk fatnaðar fyrir dömur og herra, að finna ilmvötn, skartgripi, bækur, tónlist og meira að segja reiðhjól. „Það er mjög mikið af sjálfum mér í þessari búð. Hér er til dæmis að finna vörur eftir vini mína og kunningja, til að mynda bók Sigurðar Pálssonar, fylgihlutir eftir Þórunni Sveinsdóttur búningahönnuð, en hún er hvíta nornin í lífi mínu, skartgripirnir hér eru eftir japanskan vin minn og þar fram eftir götunum. Ég er í sífelldri leit að frumleika, fantasíu og gæðum. Liborius á að vera og er byrjaður að vera skemmtilegur staður sem fylgir straumum að ákveðnu leyti, en svarar ekki endilega eftirspurn á vinsælum flíkum. Verslunin er meira að kynna eitthvað sem er andsvar við það. Það mun engin tískubylgja myndast í kringum merkin sem við seljum, heldur frekar að fólk verður ástfangið af merkjunum og vill ganga í fötunum.

Ein af þeim spennandi breytingum sem Liborius er að taka er samstarf við hönnunarverslunina Epal sem er Íslendingum að góðu kunn. „Það er virkilega ánægjulegt að fara út í þetta samstarf og hér verður sem sagt bráðlega einnig að finna íslenska hönnun, smávörur og jafnvel húsgögn ásamt tískuvörunum frá mér. Eigendur Epals voru mjög hrifnir af hugmyndinni og þetta smellpassaði inn í okkar „konsept". Liborius mun því taka stakkaskiptum á þriggja mánaða fresti og ég get ekki upplýst meira um hvernig það lýsir sér, það er enn leyndarmál en þetta verður umfram allt frumlegt og skemmtilegt." Óhætt er að segja að einhverra áhrifa frá Colette gæti í versluninni. „Jú, auðvitað hafði reynsla mín hjá Colette mikil áhrif á mig og með samstarfinu við Epal eykst sá vinkill alverulega."

▲ **COLETTE Í PARÍS** Verslunin Colette á Faubourg St. Honoré er heimsþekkt fyrir að vera eins konar musteri tískuspekúlanta um heim allan, en hún kaupir aðeins inn lítið magn af sérvalinni vöru og hvert það merki sem hlýtur þann heiður að vera valið til sölu í Colette getur búist við því að skjótast ört upp á stjörnuhimininn.

■ **JUN OKAMOTO** „Dæmi um hönnun sem ég elska. Hann er lítt þekktur, lærði í Japan og gerir til dæmis svona hluti eins og að nota eldhúsviskustykki sem pils. Hönnunin liggur öll í smáatriðunum og svona frjálsleiki og kímni höfða mikið til mín fyrir komandi vor og sumar. Dýrasta flíkin hans hér er á rúm fjörutíu þúsund sem ég kalla gott miðað við að þetta fæst á þremur stöðum í heiminum.

● **BIOMEGA-REIÐHJÓLIN** Þessi hjól eru stolt Danmerkur. Mark Newson hannaði fyrsta hjólið þeirra sem er til sýnis í MOMA í New York. Hugmyndin var að búa til klassísk reiðhjól sem eru eins stílhrein og tæknileg og mögulegt er. Til dæmis eru engar keðjur á þeim þannig að föt flækjast ekki í þeim og maður situr á þeim teinréttur

★ **ANN DEMEULEMEESTER** Hönnun hennar passer norrænu fólki einkar vel og hún á sér ótal aðdáendur. Ég hef nýverið tekið til sölu skartgripi hennar, þar á meðal forláta hálsmen sem er silfurkeðja með gleriláti sem er fyllt svörtum tíu karata demöntum.

VARAHLUTIR
AUKAHLUTIR

VIÐ SÉRPÖNTUM Í ALLAR GERÐIR AF
AMERÍSKUM BÍLUM

LÁTTU OKKUR UM AÐ
ÞJÓNUSTA BÍLINN ÞINN...

YFIR 30 ÁRA REYNSLA
Í SÉRPÖNTUNUM...

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 www.benni.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þorvaldur sem gegnir gælunafninu Þorri segir Skódann hafa reynst sér afskaplega vel.

Góður í dýrtíðinni

Söngneminn Þorvaldur Þorvaldsson var á ferðalagi austur á fjörðum í fyrrasumar er hann fann eigulega bifreið. Hann kom akandi á Skoda Oktavia í bæinn og sá reynist honum vel.

„Ég hafði verið á útkikki eftir bíl þegar ég rakst á þennan Skóda hjá útibúi Heklu á Reyðarfirði og ákvað að slengja mér á hann. Hann var keyrður 44 þúsund kílómetra og það telst ekki mikið," segir Þorvaldur og sýnir stoltur sinn dökkgráa Skóda, módel 2005. Honum er varfærnislega bent á að fyrr á árum hafi verið talið að Skódi væri bara fyrir gamla karla með hatta. Nú hafi það augljóslega breyst. „Já, þetta eru breyttir tímar og breyttir bílar," segir hann og er ekkert nema öryggið. „Þessi bíll hafði verið í rekstrarleigu frá því hann var skráður þannig að ég er fyrsti eigandi hans fyrir utan umboðið. Sem er gæðastimpill því það sá um viðhaldið og hélt honum í toppstandi. Svo er hann eyðslugrannur og það er mikill kostur í dýrtíðinni."

Þorvaldur kveðst aldrei hafa verið með sérstakt pjatt í sambandi við bíla heldur bara viljað hafa þá í lagi. „Skódi er sterkur bíll sem bilar lítið. Aðalatriðið er að hann endist og ég komist á honum frá A til B," segir hann.

Síðasta setning er vel skiljanleg þegar haft er í huga að Þorvaldur hefur í mörg horn að líta þessa dagana. Hann er að ljúka námi við söngdeild Listaháskóla Íslands, skrifa BA-ritgerð og æfa fyrir lokatónleika auk þess að syngja eitt aðalhlutverkið í óperunni Così fan tutte eftir W. A. Mozart sem frumsýnd verður í Íslensku óperunni annað kvöld. Hann hefur áður stigið á svið óperunnar, meðal annars í sýningu Óperustúdíósins í fyrra er hann kveðst hafa leikið gamlan skarf. „Ég er með þannig raddtýpu að ég lendi yfirleitt í því að leika einhverja ógeðfellda náunga," segir hann hlæjandi. „Hlutverkið í Così fan tutte er þar engin undantekning. Ég veld miklum vandræðum í þeirri sögu og hef afskaplega gaman af því.

gun@frettabladid.is

Alvöru dísil jeppi
fyrir íslenskar aðstæður...

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar

ÖRFÁ EINTÖK Á GAMLA GENGINU
3.990.000
DÍSIL - SJÁLFSKIPTUR

Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr á 100 km.

SSANGYONG
ACTYON SPORTS KYRON REXTON II

Reykjavík
Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

Bílabúð Benna
www.benni.is - 590 2000

Bílaþrif eru skemmtileg svona á vordögum. Ryksugið mottur og sæti vel og bónið innréttinguna með þar til gerðum efnum. Rennið svo í gegnum bílaþvottastöð eða hamist með þvottakústinn.

Fólk tekur þátt í ævintýrinu

Fyrirtækin Ísafold og Sigfús G Sigfússon stofnuðu saman bílaleigu sem býður hópum og fyrirtækjum í jeppaferðir á nýjum Land Rover-jeppum.

Jón Baldur Þorbjörnsson leiðir hópana sem eiga þess kost að geta stýrt þessum jeppum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Í hópferðum geta allt að sextíu og þrír farið með á níu glænýjum Land Rover-jeppum. Það er enginn smá floti," segir Jón Baldur Þorbjörnsson sem sér um að leiða hópana í þessum jeppaferðum.

Það er því stór hópur sem getur lagt í jeppaferð og komast sjö manns í hvern jeppa. Bílarnir fara saman í einni lest og eru talstöðvar í hverjum bíl. Jepparnir eru útbúnir til að geta tekist á við erfiðar aðstæður og hver jeppi er með leiðsögutæki, kapal, skóflu og kastara.

„Í öllum ferðum fer fyrir hópnum starfsmaður sem leiðir bílalestina og stjórnar hópnum í gegnum talstöð. Það er mikið öryggisatriði og veitir öryggistilfinningu," segir Jón Baldur. Þessar jeppaferðir eru að hans sögn tilvaldar fyrir hópa úr fyrirtækjum og einnig henta þær vel fyrir óvissuferðir. Jón Baldur bendir á að margar ferðir séu í boði fyrir hópa og í raun geti hópar komið með hugmynd að ferðum sjálfir.

„Við sérsníðum hugmyndina fyrir hópinn og þá er bara eftir að leggja í hann. Einnig er boðið upp á ferð sem nefnist „Frábært fundarhlé" og er farin part úr degi. Í lengri ferðum er gjarnan gist í skálum eða á Hótel Rangá og Hótel Heklu. Það má því segja að það sé allur gangur á því hvert er farið. Fólki þykir gaman að upplifa nýjar slóðir og fá að keyra sjálft."

Á heimasíðunni www.isafoldtravel.is fá finna allar upplýsingar um ferðirnar.

mikael@frettabladid.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

STÝRISENDAR,
SPINDILKÚLUR
OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Aukin ökuréttind - Meirapróf
Nýlegir kennslubílar
ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Næsta námskeið hefst
9.apríl
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Flton/SÍA
N1
BÍLAVARAHLUTIR
N1 VERSLANIR
SÍMI 440 1200
WWW.N1.IS
Hjá N1 finnur þú landsins mesta úrval af bílavarahlutum frá viðurkenndum framleiðendum. Í verslunum okkar um land allt er fagfólk reiðubúið að veita þér alla þá aðstoð og ráðgjöf sem þú þarfnast. **N1 - Meira í leiðinni.**

Lesefni er nauðsynlegt á langferðum. Gríptu með þér góða bók í flugið eða í rútuferðina til að stytta þér stundir þegar rignir og ekkert sést út um gluggann.

Afríka og Indland varasöm

Senn bresta á sumarfrí og margir sem hyggja á ferðalög utan landsteina. Lystisemdir heimsins eru óþrjótandi, en margt að varast og mikilvægt að bólusetja kroppinn áður en haldið er utan.

„Bólusetningu þarf að fá með minnst mánaðar fyrirvara því ónæmiskerfið myndar ekki mótefni fyrr en að þremur vikum liðnum," segir Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir hjá Miðstöð sóttvarna á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

„Varasömustu lönd og heimsálfur nú eru Afríka og Indland. Þar er hætta á fjölda sjúkdóma en vatn og matur er einnig svo mengað að niðurgangur getur hæglega eyðilagt ferðalagið. Því er mikilvægt að drekka aldrei ósoðið vatn og gæta sín á grænmeti og ávöxtum sem þvegið er með menguðu vatni, eða hreinlega ekkert þvegið. Og þótt allt líti vel út í matsal veitingastaða getur aðstaða baka til og þá salernisaðstaða starfsfólks verið með miklum ósköpum," segir Þorsteinn, sem minnir íslenska ferðalanga á mikilvægi notkun flugnafælna.

„Í flugnafæluáburði felst veruleg hjálp gagnvart sjúkdómum sem dreifast með moskítóflugum. Malaría er þar skæðust, en einnig beinbrunasótt, mýgulusótt og svefnsýki," segir Þorsteinn.

„Vel heppnuð bólusetning varnar veikindum. Gengið er út frá að allir hafi fengið almennar bólusetningar, en gott þykir að auka mótefni við barnaveiki, stífkrampa og lömunarveiki. Þá er bólusett gegn taugaveiki, salmonellu-typhi, lifrarbólgu A sem smitast út frá saurgerlum í menguðu vatni og lifrarbólgu B sem smitast með blóði, en hún er gefin ungu fólki sem lifir áhættulífi og skiptir oft um bólfélaga," segir Þorsteinn og ítrekar varasöm tengsl áfengisneyslu og kynsjúkdóma.

„Fólk gengur af vitinu þegar það drekkur yfir ákveðið magn áfengis og útkoman eftir því. Margt hefur áhrif á ferðalög fólks og margt ber að varast. Barnshafandi konum má þannig helst ekki gefa nein bóluefni og betra að sitja heima," segir Þorsteinn og varar við ferðalögum með ung börn.

„Fyrsta ár barnsins er ónæmiskerfið enn að þróast og enn í fullu gildi það gamla heilræði að þvælast ekki með barnið hvert sem er. Ekki má gleyma að árlega deyja tíu milljón börn undir fimm ára úr niðurgangi, malaríu og lungnabólgu, og því miður á það ekki síður við börn sem koma í heimsókn til landa þar sem sjúkdómarnir eru landlægir."

Skoða má ráðlagðar bólusetningar fyrir ferðalög til flestra landa heims á: www.who.int/countries/en/

thordis@frettabladid.is



Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir á Miðstöð sóttvarna á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, minnir íslenska ferðamenn á að mánaðar fyrirvara þarf á bólusetningum áður en farið er á fjarlægar og framandi slóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Á FERÐ UM HEIMINN
Ógleymanleg ævintýri

AUSTUR PÝRENEAFJÖLL
21. - 27. apríl

KILIMANJARO
7. - 22. júní

Mt. BLANC
21. - 29. júní

UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. júlí

SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí
25. júlí - 1. ágúst *örfá sæti laus*
1. - 8. ágúst

MAROKKÓ
6. - 13. september

NEPAL
18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is · sími: 587 9999

GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
http://surprizetravel.is/gistingdk.html
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Á að veiða í sumar?
www.veidikortid.is
Nú er rétti tíminn til þess að undirbúa næsta veiðitímabil. Veiðikortið veitir aðgang að rúmlega 30 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins 5000 kr. Frí heimsending þegar verslað er beint á www.veidikortid.is
Tryggðu þér Veiðikortið í tíma!

Taktu tvöfalda vildarpunkta með þér í fríið
1000 Vildarpunktar
Vildarklúbbur
Bókaðu bílinn fyrir 1. maí á **www.hertz.is** og fáðu 1000 vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair.
Tilboðið gildir til 1 maí.
Hertz hefur yfir 7600 afgreiðslustaði í 146 löndum.
Hertz
www.hertz.is
Hertz Car Rental
Flugvallarvegi, 101 Reykjavik, Iceland
hertz@hertz.is. Tel. +354 522 44 00.
Fax. +354 522 44 01
SKAPAÐUR AUGLÝSINGASTOFA

Montreal í Kanada
frá kr. 37.317
Beint flug - vikulega í allt sumar
Heimsferðir bjóða beint vikulegt flug til Montreal í Kanada í allt sumar. Þetta er frábært tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.
Ekki missa af!
• Ólympíugarðinum
• Mount Royal Park
• LaRonde - skemmtigarðinum
• Grasagarðinum
• Insectarium - skordýrasafninu
• Casino Montreal
• Biodome safninu
Spennandi heimsborg!
• Fjölbreytt menning
• Himnaríki sælkerans
• Fjörugt næturlíf
• Frábært að versla
• Gott veðurfar
Verð kr. 37.317
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Fargjald B.
Verð kr. 58.515
Netverð á mann. Flug, skattar og gisting, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, á Hotel Les Suites Labelle m/morgunverði í 7 nætur (brottför 22. ágúst).
Bókaðu beint á www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síðu. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SÍA • NM32789
Ferðaskrifstofa Ferðamálastofu
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Eldrautt er hressandi. Láttu það eftir þér að sveiflast um í eldrauðum kjól við heimilisverkin og ímyndaðu þér að þú sért á dansleik við hirðina og danskortið sé þéttskrifað.

Sparilegir kjólar í kytru

Mæðgurnar Elín Guðmundsdóttir og Hjördís Þorfinnsdóttir tóku nýlega höndum saman og opnuðu vintage-kjólabúð á Selfossi.

MYND/GUÐMUNDUR KARL SIGURDÓRSSON

Mæðgurnar Hjördís Þorfinnsdóttir og Elín Guðmundsdóttir opnuðu búðina Hosiló um miðjan janúar.

Elín Guðmundsdóttir og móðir hennar, Hjördís Þorfinnsdóttir, hafa lengi haft áhuga á notuðum fötum.

„Áhuginn kviknaði þannig að ég og Magnea systir mín fengum nokkra gamla kjóla frá frænkum okkar sem við héldum mikið upp á. Við systurnar göngum talsvert í notuðum fötum en fyrir mitt leyti eru það aðallega fínir kjólar sem heilla," segir Elín Guðmundsdóttir, sem ásamt búðarekstrinum er nemi í náttúru- og umhverfisfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Þegar hún var í miðri prófatörn síðastliðið haust fóru hún og mamma hennar, Hjördís Þorfinnsdóttir, á flug með þá hugmynd að opna kjólabúð.

„Við byrjuðum fyrst með nokkra kjóla á slá heima hjá mér. Þá voru það aðallega vinir og kunningjar sem kíktu við. Um jólin fórum við síðan út til Bandaríkjanna og komumst í samband við frábæran heildsala sem er með kjóla og fylgihluti frá 1930 og upp úr. Við keyptum vörur af honum og vorum þá komnar með það mikið að við sáum ástæðu til að stækka við okkur. Mæðgurnar opnuðu svo búð í gömlu húsi að Austurvegi 33 um miðjan janúar. Hún ber nafnið Hosiló sem þýðir kompa eða kytra.

Grænn og glitrandin pallíettukjóll. Verð 8.000 krónur.

Gulur fifties-kjóll. Verð 7.000 krónur.

„Hugmyndin er að hafa verslunina kósí og heimilislega en nafnið er í raun komið frá langömmu minni og langafa í móðurætt. Þau áttu bæ í Biskupstungum og kölluðu eitt herbergið hosiló."

Búðin er opin á föstudögum frá tvö til sjö og á laugardögum frá ellefu til tvö en afgreiðslutíminn verður líklega lengdur í sumar. Aðaláherslan er lögð á kjóla en einnig er boðið upp á notuð veski, belti og aðra fylgihluti.

„Við vorum að taka upp stóra sendingu og búðin er því full af spennandi vörum. Við erum með allt frá hversdagskjólum upp í síða galakjóla" segir Elín.

vera@frettabladid.is

Full búð af sumarvörum

Emilía
Suðurlandsbraut 50
(bláu húsunum við Fákafen)
www.gala.is • Sími 588 9925
Opið 11-18 • 11-16 lau.

Sigga & Timo
GULLSMIÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

tvö líf
Holtasmári 1 · © 517 8500
Tvö Líf þriggja ára.
Afmælishátíð í Tvö Líf föstudag, laugardag og sunnudag, 20% afsláttur af öllum vörum. Allir sem versla fara í lukkupott þar sem fjöldi vinninga í boði.
Taktu helgina frá og fagnaðu með okkur.
Opið alla virka daga frá 11-18
Laugardaga frá 11-16
Sunnudaga 13-17
tvö líf
www.tvolif.is

Englabörnin
Outlet - Sala
Stendur í heila viku
Komið og gerið góð kaup á laugarvegi 51. (áður Iðunn)
Opnum alla daga kl 10.00.

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM
NÝ SENDING AF RÖNDÓTTU BOLUNUM FRÁ SAINT JAMES
SIGURBOGINN
www.sigurboginn.is
Laugavegi 80
sími 561 1330

Glæsileg sparidress
Mikið úrval - gott verð

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

Flott verð! Chevrolet Trailblazer LTZ T10 árg. 2002 ek. 130 þ.km. Leður, lúga ofl. Verð aðeins 1190 stgr.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

LITLA bílasalan
www.litla.is
S. 587 7777

Volvo Xc-70 4x4 9/2003, ssk., ek. 110 þ.km, leður, dr.kr., álf., ofl. Bílalán 1990 þús. Verð 2690 þús.

Hyundai Trajet 7manna, ssk., ek. 39 þ.km, grár, aukadekk, dr.kr., bílalán ca. 1850 þús. Verð 1950 þús., 1.eigandi.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

Infiniti FX45 4WD, nýskr. 03/'03, 46þ. km, ssk., álf., leður, lúga, dráttark., Venon ofl ofl. Verð 3.990þ. Tilboð 2.990 þ.

TOYOTA YARIS SOL PLUS, Nýskr. 03/06, 52þ. km, bsk, álf, litað g, spoiler, 15"dekk, vetrar og sumardekk ofl... Verð 1.968þ. TILBOÐ 1.690þ!!

Skoda Fabia Comfort, nýskr. 01/'05, ek. 34 þ. km, bsk. Verð 1.160 þ.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.notadirbilar.is

TOYOTA SELFOSSI

Toyota Land Cruiser 120 VX 38" (111773) 3/2006, diesel, ssk., ekinn 35 þús. km, 38" breyttur, læstur að framan, hlutföll, tölvukubbur, filmur, alvöru græja, full-breyttur. Ásett verð 7.190 þús. Áhvílandi 5.600 þús.

Toyota Selfossi
Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
http://www.toyotaselfossi.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Volvo S40 árg. 2006, ek. 23 þ.km, 2.4L. Sjálfskiptur, 170 hestöfl, leður, topplúga. Verð 2.990 þ. Tilboð 2.690 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 110905 S: 567 2700.

Suzuki Intruder VZR 1800K árg. 2007. Ónotað, 5 gíra, 125 hestöfl. Verð 1.690 þ. Nánari uppl. á www.arnarbilar.is rn: 110725 S: 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

100 bílar ehf

Cadillac Escalade 4WD, árg. 2002, ek.120þús.km, Sjálfsk. Verð 3590þús.kr. áhv.1000þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf
821-6292

Suzuki XL7 Luxury Limited, 7 manna, árgerð 2007, 3,6 cc, 250 hestöfl, ekinn 7 þúsund, leður, topplúga og mikill aukabúnaður. Verð kr. 3.790.000. S. 821 6292.

VW Transporter pick-up árgerð 2002, diesel, TDI, ekinn 130 þús., nýleg tímareim, sk.'09, 100% lánað. Verð kr. 1.290.000,- m.vsk. S. 821 6292.

Nissan Patrol árgerð 2000, 3.0, sjálf-skiptur, ekinn 160 þús., ný vél frá Kistufelli, sk. '09, 100% lánað. Verð kr. 1.750.000. Uppl. í s. 821 6292.

VW Transporter pick-up diesel árgerð 2005, ekinn 40 þús.km., álpallur, sk. '09, 100% lánað. Verð kr. 1.890.000,- m.vsk. S. 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu

Einn með öllu !
M. Benz ML 500, 2005 svartur, 304 hestöfl, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn ABS hemlar, Aksturstölva, Álfelgur, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, Glertopplúga, Hiti í sætum, Höfuðpúðar aftan, Innspýting, Kastarar, Leðuráklæði, Líknarbelgir, Loftkæling, Rafdrifið sæti ökumanns, Rafdrifnar rúður, Rafdrifnir speglar, Reyklaus, Samlæsingar, Smurbók, Stigbretti, Útvarp, CD, Veltistýri, Vökvastýri, Navigation og sími sem þarf bara að virkja. Yfirtaka á láni. Uppl. í s.822 8166.

- Tveir frábærir -
Touareq & Audi S4
Touareq V8 árg. '04 ek 50 þ. V. 4,8 með öllu. Audi S4 V8 Quattro árg. '05 ek. 40 þ. Ein skemmtilegasta götugræja landsins. V. 5,8 með öllu Góð lán áhvílandi, er til í að skipta þessum tveimur í einn bíl, margt kemur til greina; M5, M3, 911, M.Bens ofl. Uppl. í s. 894 9002.

Opel Vectra árg. '99 í góðu standi, ek. 111 þús km. V. 230 þús. Uppl. í s 867 2469

Suzki Grand Vitara árg. '05. 7 manna Ek. 71 þ. 6 cyl. 185 hö. V. 1980 þ. Hugsanleg skipti á bíl ca. 300 þ. S. 822 6343 Jón.

Toyota Avensis diesel, árg. '00. Nýtt hedd, kúpling ofl. Sk. '09. Ásett 670 þús. Tilboð 490 þús. Uppl. í s. 891 9800.

Corolla 96. Ek. aðeins 149þús. Beinsk. Sumar og vetrardekk. V 270þús. Tilboð 220þús. S: 6607050

600þús út + yfirtaka LEXUS IS 250 Sport ekinn 20 þús ath skipti uppl. 8679559

Land Rover Discovery 3 HSE 4x4 . Árgerð 2005. Ekinn 53 þ.km Sjálfskiptur. 7 manna. Aukasæti fellanleg ofan í gólf. Leðurinnrétting. 3 sóllúgur. Harmon Kardon hljómkerfi. Raddstýring. 19" álfelgur. Rafmagn, minni og hiti í fram og aftursætum. Hiti í framrúðu og rúðusprautum. Bakkskynjari. Loftpúðafjöðrun sem má hækkka og lækka. Verð 5.4 milljónir. Ekkert áhvílandi. Uppl. í síma 695 3822.

Einn á Gamla genginu Audi A4 2.0 Turbo Quattro árg. '07 ek. 18 þ. Verð 4290 þ. tilb. 3900 þ. S. 821 4068.

Til sölu VW Caddy life 1.9 TDI 5 manna, ek. 38 þús. Á götuna 10/2006 áhvílandi 1.250.000.- ásett verð 1.960.000. - Upplýsingar í síma 898 0502.

Lexus IS200 arg.02 ek.107000, leður, sjalfsk, glæny vetrar/heilsarsdekk, þjonustubok, mjög gott eintak. ahvil. ca 1290, verð 1600þus, simi 6973906 skoða skipti a odyrari.

Til sölu húsbíla efni, Ford e150 árg. '96 Uppl. í s. 899 5157.

Yfirtaka - Volvo S40 '04 ek. 79 þús.km. Ssk., leður, krókur, ný dekk. Sk. '09. Áhv. 1,9 m.kr. S. 865 0046.

Camaro '94 ssk. 6cyl. sk. '08 ný dekk góður bíll V. 690 þús. Ýmis skipti. S. 865 0046.

Til sölu Toyota Carina árg. '96, ssk., sk., ek., 153.000 þ.km, ný skoðaður. Tilboð kr 350.000 Uppl. í síma 820 7378 & 699 0415.

Mercedes Benz SLK 200 Kompressor. Glæsilegur sportbíl sem fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 895 1655.

Útsala !!!
2005 Benz E320 4matic, ek. 69 þ. Ssk. einn með öllu. Verð 3.990þ. S. 869 5336.

Engin útborgun. Toyota Yaris 2006 ek. 34.000. km. 15"álfelgur, spoiler ofl. Afborgun ca. 26-28 þ.pr. mánuð. Fæst gegn yfirtöku. Uppl. í s. 898 8583.

Santa Fe II diesel ssk. 12/'07. Með nánast öllu, 19" álfelgur ofl. ofl. Getur fengist á yfirtöku láns. Ath. skipti. Uppl. í s. 898 8228.

Golf '98 til sölu. V. 180 þ. Uppl. í s. 893 1940.

BMV árg. '97. Verð 450 þús. Uppl. í s. 893 1940.

Toyota LC-120 VX'03. sjálfsk. topplúga. Einn með öllu! ekinn 118 þús. 400 þús. út og yfirtaka á láni frá SP. Uppl. í síma 659 7531, Vignir.

Til sölu MB Atego 1223 árg. 2002 ek. 235 þús.km. (langkeyrsla) 12gíra. Kassi L7,20 B 2,45 H 2,38. Lyfta 1,5t. Góður bíll. Uppl. í s. 891 7993.

Subaru Legacy ssk., árg. 2000. Ekinn aðeins 112 þús. Fallegur bíll að innan sem utan. Verð 840 þús. áhv. 300 þús. Sjón er sögu ríkari. Uppl í síma 861 6104 & 555 1935.

Til sölu Land Cruiser árg. '99. Ekinn 97 þ. 35" br. Diesel, bsk. V.1600 þús. S. 661 6661.

Án efa ferðabíll sumarsins!. Chevrolet Van árg. 2002, ek. aðeins 39 þús. mílur. Glæsilegur í alla staði með leðri og öllum hugsanlegum þægindum í ferðalagið. Uppl. í síma 861 6104 & 555 1935. Sjón er sögu ríkari.

Hyundia Coupe 2003, ekinn 35 þús., vel með farinn bíll. Listaverð 1290 þ., áhvílandi 800 þ., 200 þ. út + yfirtaka. Sími 849 3866.

Ford Explorer limited árg.'06. Ek. 44 þ. Einn með öllu. Lækkað v. 3490 þús. Uppl. í s. 822 0497.

Nissan Terrano '96 til sölu 6 cyl. Ssk, rafmagn í rúðum, topplúga, krókur. Bilaður startari. Yfirtaka eða stgr. 100 þ. S. 847 2198.

Kia Grand Sportage, nýskr. 05/'00, ek. 74 þús., krókur, v+s dekk. Dekurbíll, mikið endurnýjaður. V. 470 þús. Uppl. í s. 565 2896 & 868 1210.

VW Golf Comfortline árg. '00. Ek 97 þús. 1600 vél. Verð 580 þús. Uppl. í síma 694 8840 Sigrún.

Sparneytinn og rúmgóður Nissan Primera 2002, ek. 92 þús., bsk. Verð 730 þús. Uppl. í s. 899 1178.

BMW 320i árg. '05, ek. 51 þ.km, 6 gíra. Topplúga, hálfleðruð sæti ofl. Umboðsbíll, 2 ára ábyrgð eftir. Áhv. 2,6 í ÍSK. V. 3.190 þ. S. 844 4711.

- Tilboð -
Kia Picanto '04 ek. 69 þ. 5g., 4 manna, sumard. fylgja. Ásett v. 690 þ. Tilb. 517 þ, yfirtaka. S. 693 0531.

Yaris 2007 1300 ek. 6000 ca. Simi 861 2327.

Toyota Avensis árg.'98 ek. 142 þ. Toppeintak, sjálfskiptur, 2000 vél. Dráttarkrókur. Verð 590 þ. S. 664 8363.

BÍLAR TIL SÖLU

HEIMS BÍLAR

Breyttur opnunartími
ótrúleg tilboð alla helgina, stórlækkuð verð

TILBOÐ 930 þús.
BMW 316I árg 7/2000 ek. 150 þ.km
Ásett 1.250 þ.
TILBOÐ 930 þ.

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • S. 567 4000 • www.heimsbilar.is

MMC Pajero árg. '98 ek. 235 þús. Ný upptek. vél hjá Heklu. 33"álf., ssk., diesel, kastaragr. + piaa kastarar, nýtt í fjöðrun, sk. '09. Smekklegur bill. Verð 850 þús. Sími 847 7663.

Vel með farinn Avensis '06. ek. 50 þús. Ssk. 1800 vél. Uppl. í s. 690 0131.

Mercedes Benz A 140 árg. '98 ek. aðeins 158 þ. Ný tímakeðja. Bíll sem á nóg eftir. Nýsk. '09 ásett á bílasölu 690 þ. en getur fengist fyrir 445 þ. Uppl. í síma 891 6769.

BMW 530 diesel, á sumartilboði! '02 ek. 230 þ. 4 dyra. Low profile sumard. fylgja Ssk. Ásett 2390 þ. Áhv. 1200 þ. V. 1850 þ. Einnig Dodge durango '04 ek. 55þ. Ásett 3495 þ. Tilboð! V. 2,8 mil. S. 895 0865 & 896 1391.

7 manna Caravan árg. '00 ekinn aðeins 111 þ.km. Nýsk. '09. Rúmgóður og góður bíll ásett 890 þ. til 1090 á bílasölum getur fengist á 750 þ. áhvílandi 600 þ. afborgun 15-19. Uppl. í síma 891 6769.

Benz C230 árg. '03, ek. 45 þús. Ásett verð 2.3, áhv. 1720, 34 þús. á mán. Gott stgr verði! S. 845 3663.

Kawasaki Vulcan 2000 árg. 2005 Koparperla/grátt. Mikið breytt hjól Ekið 4605 mílur. Glæsilegt hjól Verð 1390 Þ. Uppl. S:892-5005

35" breyting, vel útlítandi og topp viðhald alla tíð, viðhaldsbók. Staðgreiðsla eða skifti á nýlegum jeppa eða pickup, t.d. Mitsu L 200. S. 897 3015

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögnum og leigist ýmist viku eða helgarleigu. Þó kemur til greina að leigja mánaðarleigu fyrir apríl og maí. Uppl. gefur Erna Stefánsdóttir í s. 844 1259. Geymið auglýsinguna

Sparibaukur!

Yaris '05 ek. 38 þ. Mjög vel með farinn. Einn eigandi. S. 694 1490.

Toyota Tundra árg. '08. Allur aukabúnaður. V. 5.8 mil. S. 865 9637 & 899 0910.

Ford F 150 '05 ek. 54 þ. Allur aukabúnaður. V. 2750 þ. S. 865 9637 & 899 0910.

Vel með farinn Yaris '04, keyrður 67 þús., 5 dyra, silfurgrár V. 900 þús. S. 669 9256.

Til sölu 3 Citroen Berlingo. Árg.'07. Tveir bensín, einn disel. Gráir á lit. Ek. rúm 20 þús. Lán getur fylgt. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.

Nissan Micra árg.'04. Gullsanseraður á lit. Ek. 51 þ. km. Bsk. 4 dyra. Sumar-og vetrardekk. Yfirtaka á láni 900 þ. Uppl. í s. 824 1450, Stefán.

Suzuki Vitara 5 dyra árg. '98, bsk., ek. 130 þús. Gott eintak. Góður stgr. afsláttur. V. 300 þús. Uppl. í s. 893 2580 / 554 0972.

Til sölu Nissan Micra '98 3d., ssk., ek. 100 þ. km.Mjög vel með farin bíll. Verð 220 þ. stgr. Uppl. í s. 697 7236, Margrét.

Citroen Berlingo árg. '04, ek. 77 þús., fínn vinnubíll. Verð 870 þ. áhv. 600 þ. Skoða skipti. Uppl. í s. 892 5590.

VW Polo '03 ek. 68 þ. Vel með farinn konubíll. Ásett v. 1 mil. Tilboðsv. 750 þ. S. 663 4203.

Nissan Skyline R33 GTS. árg. '93 flutturinn '06 tilboð óskast. Uppl. í s. 899 7775 eftir kl. 19.

Subaru Forrester '98 ek. 245 þ. S + v dekk fylgja. Sk. '09. V. 200 þ. S. 896 8779.

Skipti óskast á Izusu Trooper '00 diesel. Og Land Cruiser 120 GX diesel '05. Uppl. í s. 893 1533.

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögnum og leigist ýmist viku eða helgarleigu. Þó kemur til greina að leigja mánaðarleigu fyrir apríl og maí. Uppl. gefur Erna Stefánsdóttir í s. 844 1259. Geymið auglýsinguna

Toyota Rav 4 '98 Ek. 120 þ. Bsk. Mjög gott eintak. Áhv. 450 þ. Ca. 17 þ./mán. V. 590. 5 dyra. Rauður 2000 vél. S. 695 7054.

Renault Megane '97. Ek. 150 þ. Sk. '09 V. 90 þ. S. 865 7044.

Toyota Carina E, árg. '95, nýskoðaður. Uppl. í s. 867 0221 Ragnar.

Pontiac Bonnewille '92 þarfnast lagfæringar. S. 899 2060.

VW Golf 1.6, árg. '98, ek. 174 þús. 16" álf. bsk, filmur, ný kúpling. V. 390 þús. S. 848 8870.

0-250 þús.

Til sölu Nissan Primera, ssk., 6 þrepa skipting og 2000 vél. Uppl. í s. 845 1425.

Huyndai Accent árg.'01, ek. 148000 þ.km. Beinskiptur. Áhv. 150 þús. Afb. 9 þús. á mán. Verð 250 þús. Sími 821 7837.

VW Polo árg. '98 til sölu. Ek. 106 þús. km skoðaður '09. Verð 230 þúsund stgr. Góður og fallegur bíll. Uppl. í síma 820 4640.

Peugeot 406 árg. '98, ek.165 þ. Í mjög góðu standi. Dráttarkr, 7 manna. Verð 250 þ. GSM 898 5924.

Mazda '94 Selst fyrir mjög lítið. S. 821 8413.

Sprzedam Opel Omega 2.0 L, rok '98 przebieg 98 tys km, przeglad 2009. Cena 180 tys ISK.Tel po polsku 662 4894.

Tek að mér smá lakkviðgerðir og réttingar á bílum. S. 847 1350.

Óska eftir bíl á 100-200 þúsund. Þarf að vera skoðaður og í góðu standi. Vinsamlega sendu upplýsingar ásamt nafni ogsímanúmeri á magnus@granit.is

Ford Taurus St. '93 ssk. rafmagn CD. sum/vetrd. Ofl. ofl. Sk. '08 Góður bíl. V. 100 þ. S. 894 0166 & 553 3572.

Toyota Corolla station 4x4 árg. '96 ek. 167 þ. Verð 175 þ. Uppl. í s. 8971184.

Peugeot 406 árg. 97 ekinn 154 þús. Sk. '09. Nýlegar bremsur og tímareim. Verð 190 þús. S. 860 4484.

Hyundai Accent árgerð '98 nýsk. '09, ekinn 101 þús. nagla-, sumardekk, bsk. Verð 120 þús. Uppl. í s. 694 3212.

Renault Megane 1,6 bsk. árg. '98. Ek. 130 þús. ný skoðaður 10/'09. Bíll í toppstandi. Verð 170 þús. Uppl. í s. 660 1832.

Til sölu Dodge Stratus árg. '97, ekinn 100 þús. Upplýsingar í síma 869 6107.

Nissan Primera '98. ek. 225 þ. Verð 100 þ. S. 867 4570.

Tilboð 185 þ.

Nissan Terrano II árg. '96 topplúga, dráttarkrókur, rafm. í rúðum, í góðu standi. Tilb. 165 þ. S. 691 9374.

Opel Astra árg. '97 station sk. út árið. Verð 95 þús. Sími 699 7068.

Kia Sportage árg. '98 ekinn 140 þús., ný tímareim, 4x4, dráttarkúla. Verð 250 þús. Sími 863 6346.

250-499 þús.

Fiat Multipla 1.6. 6 sæti, sk. '09. ek. 110 þ. Tilb. Uppl. í s. 822 3346.

Toyota Corolla nýskr. 05/1999, 1600 cc, ek. 133 þ.km 5 dyra, bsk., 4 vetrar- / 4 sumardekk. Nýir bremsuklossar og -diskar. Verð 370.000. Uppl. s. 695 7547.

Subaru Legacy Outback '98 til sölu. Ekinn 185.000. Eðalvagn. Tilb.verð 380.000. Bein sala. Sími 699 4226.

Til sölu Jeep Wrangler '94 Í góðu ástandi. S. 847 2034.

Pajero, dísel, 7 manna, árg. '96, ek. 211 þús. Bsk. Ný tímareim, púst, vatnskassi, demparar, bremsur. Sk. '09. Verð 390 þús. Uppl. í s. 697 5476.

VW Vento árg. '98, 330 þús. Ekinn 110 þús., CD, konubíll, nýskoðaður. S. 660 8812.

Suzuki Sidekick '97, breyttur 33" góður jeppi. V. 350 þ. S. 847 3216 & 865 2288.

Corolla L/B árg '99, 5 dyra, rauður, ek. 177 þús., abs, cd, bsk., get sent myndir hb2@hive.is Hannes 868 0820. Ásett verð 330 þús.

VW Golf, árg. '00, ek. 97 þ., 4 dyra, bsk., 1.6 vél, nýsk., gullitaður. Fallegt eintak. Ás. verð 450. S. 663 0066.

Subaru Impressa árg. '98 ekinn 115 þ., 2.0 vél, dráttarkúla. Verð 300 þ. stgr. S. 860 2946.

500-999 þús.

VW Bora árg. 2000, ekinn 130.000. Ný tímareim, bremsur ofl. Verð 590.00 Uppl. í s. 894 2044.

Toyota Avensis 1800 árg.'98 ssk., ek. 160 þ. Góður bíll. Verð 500 þ. S. 660 3430.

Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Aðeins eitt verð kr. 29.900 m/vsk fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Verðvernd í bílasölu. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300.

VW Bora 2002. Ekinn 63 þús.km. Ssk. Verð 790 þús. stgr. Uppl. í síma 856 7463.

9 farþega Toyota Hiace 4x4 diesel árg. 7/2004. 81 þ.km sumar og vetradekk, dráttarkúla. Verð 1600 þ. Uppl. í síma 696 1050.

Subaru Forester b.sk. árgerð 2000, ekinn 166 þ.km. fallegur bíll í góðu ástandi, ný skoðaður. fæst á góðu verði. Uppl. í s. 867 9432.

Audi A6 árg. '97, 1800 vél, bsk, ek. 127 þús. V. 750 þús. Uppl. í s. 862 1299.

Skoda Fabia '00, ek. 81 þ.km, fæst gegn yfirtöku, áhv. 600 þ. Uppl. í s. 662 2883.

Toyota Corolla 1600vvti Terra Sedan, grár samlitaður, bsk. Nýr motor, nýjir demparar framan og aftan, nýtt í bremsum. abs rafmagn í rúðum fjarstýrðarsamlæsingar. Ekinn 187.000. Ný skipt um allar olíur og vökva. Verð 695 þús. Upplýsingar í síma 694 4439.

Til sölu KTM 450 EXC '05 ekið 56 tíma. Auka stærri tankur, stýris dempari, vifta, lægra sæti, mousse í dekkjum. Verð 680 þús. Uppl. í s. 690 3659.

Toyota Yaris árg. '04. Ekinn 95 þ.km. Skoðaður '09. Verð 630 þús. Uppl. í s. 866 9789.

MMC Lancer 2004 steingrár mjög vel farinn, til yfirtöku. Ek. 52 þús. áhvílandi 960 þús. ca. afborgun 28 þús. ca. á mán. Upplýsingar í síma 867 2580.

1-2 milljónir

Land Cruiser GX 90 árg'97, ekinn 207 þ. Ný tímareim. Uppl. í síma 822 2486 & 822 6842.

Renault Traffic árg. 2005. Ek. 70 þ. Verð 1600 þús. S. 660 6460.

Toyota Rav4 árgerð 12.10.01. Ekinn 93.000 km. Verð 1450 þús. S. 825 1015.

Til sölu Toyota Landcruser 90 ssk., 35" breyttur, diesel, ekinn 170 þ. S. 845 5007.

Toyota Rav4 '01 ek. 154þ. Leður. toppl., krókur. Verð 1390þ. Lán 800 þ. ath skipti. S. 860 9402.

Til sölu Mitsubishi L-200 '03 ekinn 65 þ.km pallhús fylgir. Verð 1600 þús. Uppl. í s. 690 3659.

2 milljónir +

Land Rover Discovery II SE árg 2002. Ek.66þ.km. V.2.7 m. Til sýnis og sölu hjá Bílasölu Guðfinns, Stórhöfða 15, s. 5621055

TOYOTA LC120 05/2005 GX DIESEL... TILBOÐ... Sjsk(5þrepa), Beisli, Filmur, Ek.94þkm. Toppeintak, Listaverð 4900þ..TILBOÐ 4290Þ.. Áhv. 3540þ(ísl. lán) Uppl. í S:699-6580

Til sölu Honda Accord árg. 2003 ekinn 71 þús. ssk. Verð 2.100.000 S. 898 1618.

X-trail Elegance árg. '06, ssk., leður, sóllúga, dráttarkr., sumar + vetrardekk á felgum, reyklaus. V. 2.990 þús. - tilboð 2.690 þús. Uppl. í s. 864 3801.

Til sölu. Mazda 6 MPS '06 ekinn 42 þ.km. Ath skipti. Verð 3.200 þús. Uppl. í s. 690 3659.

BÍLAR TIL SÖLU

BÍLAR TIL SÖLU

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 5. APRÍL 2008

STÍLL

Keppnisfólk í Kópavogi

HÖNNUN

Jean Nouvel heiðraður

HEIMA ER BEST

Upplifanir Ástrósar Gunnarsdóttur

SPM flytur í **Borgartún**

Sparisjóður Mýrasýslu hefur flutt afgreiðslustað sinn í Reykjavík úr Síðumúlanum í nýtt og glæsilegt húsnæði í **Borgartúni 26**.
Líttu endilega við.

SPM

HEIMILISHALD
MARTA MARÍA JÓNSDÓTTIR

Hefur ryk skaðleg áhrif á heilann?

Í gegnum tíðina hef ég verið mikil talskona framkvæmda. Hef æst öll upp þegar fólk nefnir framkvæmdir og hef hvatt fólk til að fara út í alls konar vitleysu. Þegar einhver hefur býsnast yfir ryki og drullu sem fylgir þessu hef ég ekki tekið neitt mark á því og fundist þetta vera algjört væl í fólki. Í dag eru að renna á mig tvær grímur. Í bráðum mánuð hef ég nefnilega sofið í stofunni, verið baðkarslaus og andað að mér ryki á milli þess sem ég hef ryksugað og skúrað til að varna því að hinn hlutinn af heimilinu eyðileggist í allri framkvæmdagleðinni. Svo hafa allt of margir klukkutímar farið í að rúnta á milli byggingarvöruverslana til að velja baðkar, vask, klósett, flísalím, múr og allt sem viðkemur heimilinu. Eitt kvöldið ætlaði ég til dæmis aldrei að sofna því ég gat ekki ákveðið hvort klósettið ætti að vera kantað eða hringlaga og nú get ég ekki ákveðið hvernig blöndunartæki ég á að kaupa. Fann reyndar ein um daginn en þegar ég leit á verðmiðann brá mér all svakalega. Þegar ég sagði vinkonum mínum frá því hvað tækin kostuðu hlógu þær og sögðu að ég hefði ekki hugsað mig tvisvar um ef blöndunartækin væru leðurjakki eða handtaska.

Eitt kvöldið ætlaði ég til dæmis aldrei að sofna því ég gat ekki ákveðið hvort klósettið ætti að vera kantað eða hringlaga og nú get ég ekki ákveðið hvernig blöndunartæki ég á að kaupa.

Fyrstu daga framkvæmdanna var ég svaka hress og fannst æsispennandi að sjá veggina á neðri hæðinni hrynja eins og spilaborg og sá fyrir mér að þetta yrði sirka viku vinna. Það gæti varla tekið nema eitt kvöld að sparsla í sárin og mála og múrarar og smiðir myndu rumpa baðherberginu af á þremur dögum.

Síðan framkvæmdir byrjuðu er ég búin að liggja í húsbúnaðarblöðum til að finna út hárréttu stemninguna og ég var svo niðursokkin í þessar pælingar að ég var löngu búin að gleyma því að ég byggi ekki ein. Þegar ég álpaðist til að ræða skipulag neðri hæðarinnar við eiginmanninn komst ég að því að við höfum mjög ólíkar hugmyndir. Meðan ég sá fyrir mér „daybed“, risastórt skrifborð, blómstrandi orkedíur, vanilluilm, róandi slökunartónlist og önnur smartheit var hann meira að hugsa um bjórdælu, poolborð, „lazyboy“ og risastórt sjónvarp. Ég minnti hann á að þetta væri fjölskyldurými, ekki leikvöllur fyrir hann og vini hans. Eitt augnablik hvarflaði það að mér að rykið væri farið að hafa skaðleg áhrif á heilastarfsemina og hann yrði kannski aldrei samur. Mér létti stórlega þegar hann viðurkenndi að hann væri bara að reyna að æsa mig upp.

Þótt það sé erfitt að hugsa skýrt í öllu rykinu geri ég mér grein fyrir því að framkvæmdirnar geta hugsanlega bætt líf mitt að einhverju leyti. Síðustu morgna hef ég nefnilega neyðst til að fara í sund til að þvo af mér rykið og það gæti ekki verið betri byrjun á deginum. Meðan ég syndi af mér spikið ímynda ég mér hvernig lífið verði eftir framkvæmdir. Þori þó ekki að vona að það verði í næstu viku.

● **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson tók mynd á heimili Ástrósar Gunnarsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is, Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Ása og Ína, dóttir hennar, búa til ávaxta- og grænmetissafa í eldhúsinu á hverjum morgni. Í horninu er borðkrókur með veggföstum bekk en sams konar bekkur var á æskuheimili Ásu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Komin heim í gamla góða Vesturbæinn

● Áslaug Ína Kristinsdóttir er fædd og uppalin í Vesturbæ Reykjavíkur. Þar hefur hún búið meirihluta ævinnar ef frá er talinn smá útúrdúr í Grafarholtið.

„Við fjölskyldan festum kaup á fallegu húsi í Grafarholti fyrir nokkrum árum en Vesturbærinn togaði í okkur og nú eigum við hæð á besta stað í 107. Það má því segja að við höfum gefið úthverfunum tækifæri,“ segir hjúkrunarfræðingurinn Áslaug Ína Kristinsdóttir, eða Ása eins og hún er ávallt kölluð, en sambýlismaður hennar er einnig alinn upp í Vesturbænum.

Ása er sérstaklega ánægð með eldhúsið en á því er örlítill sveitabragur. Í einu horninu er borðkrókur með veggföstum bekk en slíkur bekkur var einnig á æskuheimili Ásu. „Hann kemur sér vel þegar dóttir okkar fær frændsystkini sín og og vini í heimsókn. Þau raða sér í kringum borðið og þarna myndast svolítil Emil í Kattholtistemning. Síðan situr skottan og teiknar á meðan við foreldrarnir hjálpumst að við að elda en við höfum bæði mjög gaman af því,“ segir Ása.

Hún segist hafa verið komin með nóg af minimalíska stílnum sem var allsráðandi í fyrri húsakynnum hennar og valdi því skærustu flísarnar á markaðnum í nýja eldhúsið. „Nú vil ég frekar hafa líflegt í kringum mig,“ útskýrir hún glöð í bragði.

Ása segist gera mikið af alls kyns ávaxta- og grænmetissöfum í eldhúsinu ásamt Ínu dóttur sinni. „Ég fæ mér alltaf greipsafa á morgnana en gef Ínu appelsínusafa sem ég lauma stundum gulrótum út í.“

Ása segir Ínu hafa mjög gaman af því að hjálpa til við safagerðina og kemur hún með ýmsar frumlegar hugmyndir. „Hún fær að gera gúrku-, vínberja- og paprikusafa og finnst gaman að sjá mismunandi liti koma úr pressunni. Um daginn stakk hún þó upp á því að við gerðum lauksafa handa pabba hennar en ég reyndi að segja henni að það væri kannski ekki alveg nógu góð hugmynd,“ segir Ása kímin og bætir við að sú stutta hafi þó verið handviss um að slíkur safi væri einmitt eitthvað fyrir pabba hennar.

Ása er mjög ánægð með að vera komin aftur á heimaslóðir og finnst gott að geta farið allra sinna ferða fótgangandi. „Ég get rölt út í Melabúð, farið í bíó, sund og í helstu búðir sem mér finnst sérstakur kostur fyrir barnafólk. Þá er hægt að hafa börnin með og sýna þeim næsta nágrenni á meðan maður sinnir nauðsynlegum erindum.“

- ve

ECL stjórnstöðvar fyrir hitakerfi
Húseigendur!
Aukið þægindin og
lækkið hitunarkostnaðinn
með ECL stjórnstöð á hitakerfið
Kynnið ykkur kosti og verð
ECL stjórnstöðvarinnar frá Danfoss

Danfoss

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

TILBOÐ

20 %
AFSLÁTTUR

Persía
TEPPAGALLERÍ
Bæjarlind 16, Sími: 568 6999

OPIÐ : MÁN – FÖS : KL. 10 – 18, LAUGARDAG : KL. 11 – 16, SUNNUDAG : KL. 13 – 17.

íslenskar listakonur
fegurð - frumleiki - fagmennska
kíktu við... heitt á könnunni
gallerí THORS
Opið virka daga kl. 11-18, laugard. 11-16
Linnetstíg 2 - 220 Hafnarfirði
S. 565 0955 - www.gallerithors.net

lyfta.is
421 4037 · Njarðarbraut 3 · Reykjanesbær

Kíktu við í básnum hjá okkur
og þú getur unnið
THULE 1205 S



Sérstakir gluggar Institut du Monde Arabe í París kasta sérkennilegri birtu inn á ganga stofnunarinnar.

Hugrökk hugmyndaleit

● Arkitektinn Jean Nouvel hlýtur Pritzker-verðlaunin í ár, virtustu verðlaun arkitekta í heiminum. Tillaga að tónlistarhúsi fyrir Reykjavíkurborg er meðal þess sem hann hefur sent frá sér.

Franski arkitektinn Jean Nouvel hlýtur Pritzker-verðlaunin í ár sem veitt verða í Washington D.C. í júní næstkomandi. Pritzker-verðlaunin eru virtustu arkitektúrverðlaunin í heiminum í dag en þrjátíu ár eru liðin frá því að þau voru veitt í fyrsta sinn. Meðal þeirra sem hlotið hafa verðlaunin eru Frank Gehry, Paulo Mendez da Rocha og Zaha Hadid.

Að mati dómnefndar þykir hugrökk leit Jean Nouvel að nýjum hugmyndum og hvernig hann ögrar hefðbundnum gildum, í þeim tilgangi að teygja á takmörkum fagsins, standa upp úr á löngum ferli hans. Arkitektinn, sem er 62 ára gamall, þykir hugmyndaríkur, staðfastur og óseðjandi í skapandi tilraunamennsku sinni.

„Ég hef ætíð haft áhuga á arkitektúr sem endurspeglar samtíma okkar í stað þess að endurhugsa söguleg gildi. Verkin mín takast á við það sem er að gerast núna, tækni okkar og efnivið, og allt það sem við erum megn um að gera í dag," segir Jean Nouvel sjálfur.

Jean Nouvel vakti á sér heimsathygli með byggingu Institut du Monde Arabe (IMA) í París árið 1987, en sú bygging var reist fyrir tilstuðlan Francois Mitterand, þáverandi Frakklandsforseta. Í dag sinnir Jean Nouvel verkefnum víða um heim þó að stærstan hluta verka hans sé að finna í Frakklandi. Hann tók þátt í að hanna tillögu að tónlistarhúsi fyrir Reykjavíkurborg, en varð ekki fyrir valinu.

Nokkur verka hans er að finna í Bandaríkjunum, meðal annars Guthrie-leikhúsið í Minneapolis sem reis árið 2006 og 75 hæða turn við nýlistasafnið MOMA í New York-borg. Nýleg og þekkt verk hans í Evrópu eru Branly-safnið í París, óperuhúsið í Lyon og Agbar-turninn í Barcelona. Auk þess sem nú er í byggingu tónlistarhús í Kaupmannahöfn sem hann hannaði. Alls hefur hann lokið við tvö hundruð verk.

- kep

Franski arkitektinn Jean Nouvel tekur við hinum virtu Pritzker-verðlaunum fyrir arkitektúr í júní næstkomandi.
MYND/GEORGES FESSY

Institut du Monde Arabe (IMA) í París vakti athygli heimsins á arkitektúr Jean Nouvel.
MYND/GEORGES FESSY



Tour de Verre.

Tour de Verre er 75 hæða turn sem Jean Nouvel hannaði fyrir nýlistaafnið MOMA í New York og á að rísa við hlið safnsins.
MYND/ATELIERS JEAN NOUVEL

Í mars 2007 tilkynnti Louvre-listasafnið að það myndi opna útibú í Abu Dhabi og var Jean Nouvel valinn í verkið. Áætlað er að verkinu ljúki 2012, en hér má sjá teikningu af byggingunni.
MYND/GEORGES FESSY

Cartier-nýlistastofnunin í París sem Jean Nouvel hannaði og lokið var við árið 1993.
MYND/GEORGES FESSY

RÝMINGARSALA!

Vegna nýrrar vörulínu frá **King Koil Comfort solution**
verður rýmingarsala á öllum eldri gerðum næstu daga

á gamla genginu með allt að 30% afslætti.

AVERY Spine support (Full XL 135x203)	AVERY Spine support (Queen size 153x203)	AVERY Spine support (King size 193x203)	AVERY Spine support (Twin XL 97x203)	AVERY Spine support (Cal King size 183x213)
kr. 84.800	**kr. 89.900**	**kr. 129.800**	**kr. 68.900**	**kr. 129.800**

Enn eru til svefnsófar
og stillanleg rúm
á gamla genginu.

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknar-samtök kírópraktora) og Good housekeeping (stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum).



SVÆÐASKIPTUR STÍFLEIKI

Öll heilsurúm frá King Koil eru með 3 til 5 svæðaskiptum stífleika, bæði í gormakerfi og bólstrun, til að veita fullkomna þrýstijöfnun og réttan stuðning við axlir og mjóbak.

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

Ástrós lætur sér líða vel í hvítum leðursófa í stofunni heima. Þar sem vorbirtan lýsir upp innviði hreiðursins inn um sjarmerandi, gamaldags gluggana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Af þrá í holds-ins angan

Andi ástar og lífsmunúðar svífur yfir vötnum á draumkenndu og íðilfögru heimili dansarans, leikstjórans, danshöfundarins og Pilates-þjálfarans Ástrósar Gunnarsdóttur og fréttamannsins Þorfinns Ómarssonar í hjarta Reykjavíkur. Þar gefast endalaus tækifæri til upplifunar lífsins lystisemda, enda kann Ástrós að njóta og næra skilningarvitin sex að eigin geðþótta og þrám.

Þótt Ástrós hafi í nógu að snúast þessa dagana við Pilates-þjálfun og danssköpun með Láru Stefánsdóttur dansara gætir hún þess að skilja einkalífið ekki út undan né þær dásemdir sem felast í því að næra kropp og andann heima, þar sem alltaf er allra best.

„Mestur tíminn augnabliksins fer í vinnu með Láru, en saman erum við að setja upp dansverk sem við höfum unnið að á undanförnum vikum og verður frumsýnt 1. maí í Iðnó. Dansverkið köllum við Systur og það mun fjalla um hugsanir, langanir, ástríður og þrá tveggja ólíkra kvenna, og er rússíbanaferð um hugaróra og veruleika þeirra systra, þar sem losti, munúð, limir, sektarkennd, hreinleiki, trú, von, kærleikur, líf, dauði, spenna og umbreyting koma við sögu. Því má segja að þetta verði tær veisla fyrir skilningarvitin sem vissulega eru í góðu formi hjá mér þessa dagana," segir Ástrós glaðbeitt, en Hrafnhildur Hagalín kemur að verkinu með textagerð og Guðni Franzson leggur sitt á vogarskálar tónlistar. *- þlg*

Þetta fallega strengjahljóðfæri er sannkölluð heimilisprýði og gefur heimilinu ástarlegt yfirbragð, ásamt því að skapa ómþýða tóna.

Eldhúsið er matarlegt og beinlínis kallar á sælkeramatseld á gaseldavél með gylltum hnöppum; blómamálverki, hvítlauksknippi og koparpönnum allt um kring.

SJÓN

Best er að líta nakinn sambýlismann minn augum að morgni til. Líka gott og gaman að sjá fallegu undirfötin sem við Lára Stefánsdóttir ætlum að klæðast í sýningunni Systur og alltaf gaman að horfa á kisurnar mínar þegar þær eru í fótbolta eða bara að njóta þess að láta gæla við sig. Allt þetta gleður augað og þar með sálina.



SNERTING

Það þarf varla að segja hvaða snerting er best! Að snerta þann sem maður elskar er best af öllu. Snerting er nauðsynleg öllum. Snerting getur bætt samband fólks, hvort sem það á í nánu samneyti eða ekki.

LYKT

Lyktin af holdi mannsins míns á fyrsta sæti. Lyktin af matarundirbúningi og góðu víni á annað sæti. Lyktin af feldinum hennar Bellu þegar hún er nýkomin að utan á þriðja sæti. Það er svo magnað við lyktina að maður getur þjáðst af þrá og löngun eftir henni.

BRAGÐ

Fyrsta sætið er hið sama og af lyktinni. Annað sætið líka: góður matur, séreldaður af meistarakokki heimilisins og sérvalið vín af sama meistara. Það að missa bragðskynið tel ég vera eitt hið alversta. Hef oft lent í því í einn eða tvo daga í slæmu kvefi og óska engum að missa það alfarið.

HEYRN

Fátt jafnast á við fallega klassíska tónlist úr góðum græjum. Falleg tónlist gefur orku, skerpir einbeitingu og veitir vellíðan. Ég hef verið svo heppin í mínu starfi að þurfa oft og tíðum að vinna við og fá að semja hreyfingar við fallega tónlist. Tónlist er því stór hluti af mínu lífi, bæði í starfi og leik.

SJÖTTA SKILNINGARVITIÐ

Það er nauðsynlegt að rækta það. Ég tel að allir búi yfir því, á ólíkan hátt þó. Mitt hefur stundum truflað mig og ég hef lokað á það, en nú vil ég rækta það og opna sjálfa mig aftur fyrir hinu yfirskilvitlega.



Hvað ætlarðu að gera

MÁLARAR
MÚRARAR
PÍPARAR
RAFVIRKJAR
SMIÐIR
HÖNNUÐIR
BYGGINGAFRÆÐINGUR

Rafvirkjar
-Almennar raflagnir
-Símalagnir
-Tölvu og sjónvarpslagnir
-Tölvulagnir

Málarar
-Alhliða málningarþjónusta
-Þakmálun og undirvinna
- Sandspörtlun
-Lakkvinna

Múrarar
-Almenn múrvinna
-Flísalagnir
-Flotmúr
-Steining
Hraunhúðun, Filthúðun

Píparar
-Almennar pípulagnir
-Röramyndavél til ástandsskoðunar
-Viðgerðir og viðhald
-Uppsetning á rotþróm

Smiðir
-Öll almenn trésmíði
-Parketlagnir
-Pallasmíði
-Gifsveggir og loft

Langar þig að breyta, bæta eða byggja, eða jafnvel lagfæra eitthvað annað á heimilinu. **Fagmenn.is** eru með öflugt teymi iðnaðarmanna og veita alhliða þjónustu.

Fagmenn.is bjóða alla þjónustu á einum stað sem tryggir:
Samfellda verkframkvæmd
Ábyrgð á verkinu í heild
Skjóta og vandvirka þjónustu
Nákvæmar kostnaðaráætlanir
Magntölur og verklýsingar
Tilboðsbók



Fjölbýlið

Fagmenn.is eru og munu ætíð verða sérhæfðir í viðgerðum utanhúss.
Fagmenn.is halda úti vinnu allt árið um kring í húsaviðgerðum og ná þannig að byggja upp sérþekkingu á meðal sinna manna.
Það er mjög mikilvægt að allir liðir séu á sömu hendi, það er að einn verktaki sjái um alhliða viðhald.
Af þessu sparast bæði tími og fyrirhöfn fyrir verkkaupa og tryggir betri gæði.

fagmenn.is
ÖFLUGT TEYMI IÐNAÐARMANNA

Skeiðarás 10 - Garðabær - Sími 5 52 53 54
www.fagmenn.is - fagmenn@fagmenn.is
SÍMI 5 52 53 54

GAUKSHREIÐRIÐ XIX/08

„Við liggjum oft í faðmlögum og gerum ekki neitt," segja Steinunn og Brynjar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Keppnisfólk í Kópavogi

● Steinunn Garðarsdóttir og Brynjar Ingólfsson eru að gera upp íbúð við Kársnesbraut í Kópavogi auk þess að taka þátt í sjónvarpsþáttunum Hæðin. Þau búa því í tveimur ófullgerðum íbúðum.

Steinunn og Brynjar segjast vera í hálfgerðu millibilsástandi þar sem þau eru að gera upp nýkeypta íbúð í Kópavogi. „Framkvæmdirnar ganga vel en það er mikið eftir. Þetta er ekta íbúð fyrir ungt fólk og við ætlum að gera hana flotta. Síðast bjuggum við í hundrað ára gömlu húsi í miðbæ Hafnarfjarðar þar sem hlutirnir voru gamaldags," útskýra Steinunn og Brynjar og bæta við að sú nýja verði með öðru sniði. „Við erum óhrædd við að gera hlutina eftir okkar höfði og finnst gaman að blanda svolítið saman, til dæmis grófu og nýju."

Skötuhjúin kunna vel við sig í Kópavogi þar sem þau hafa útsýni af svölunum yfir hafið og Perluna auk þess sem stutt er í Nauthólsvíkina. „Við erum dugleg að fara í göngutúra og göngum oft Esjuna og reynum að taka hana á góðum tíma," segir Brynjar og bætir við að þau séu bæði keppnisfólk. „Lífið er keppni og við reynum alltaf að vinna, annars væri bara leiðinlegt."

Þau eru dugleg að bjóða fólki heim en segjast ekkert dugleg að elda fyrir gestina. Það sé helst þegar vel viðri að þau grilli en yfirleitt bjóði þau vinum heim í spjall og hvítvínsglas og stundum sé gripið í spil. „Við erum bæði rosalega mikil kúrudýr og ef við getum þá liggjum við bara í faðmlögum einhvers staðar," segir Steinunn.

„Við erum mikið í að gera ekki neitt, sem er mjög mikilvægt í öllum samböndum. Steinunn er sérstaklega mikið fyrir að vera lengi í baði," segir Brynjar hlæjandi.

Spurð um hvernig heimilislífið gangi fyrir sig segja þau galdurinn felast í því að vera ósammála. „Við erum frekar ósammála en á móti kemur að við vinnum vel saman. Við endum til dæmis alltaf með betri útkomu en við lögðum upp með, eftir að hafa rætt málin, og erum bara ánægð með að vera ekki sammála um allt." - rat

Steinunn og Brynjar unnu fyrir koníaksstofuna í síðasta þætti af Hæðinni.

Nýja íbúðin á Kársnesbrautinni er stælleg og flott fyrir ungt par.



EINN, TVEIR OG ÞRÍR 411.003

sæplast
Til liðs við náttúruna

Náttúran kallar
á bestu lausnir í umhverfismálum!

2600 ltr. þriggja hólfa rotþrær fyrir sumarhús.
Framleiddar samkvæmt leiðbeiningum UST
um uppbyggingu rotþróa.
Seldar í byggingavöruverslunum
um land allt.

Promens ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á rotþróm.

PROMENS

PROMENS DALVÍK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI: 460 5000 • FAX: 460 5001 • www.promens.is

MONGOOSE

ALVÖRU FJALLAHJÓL

VARIST EFTIRLÍKINGAR

Ný sending af flottum krakka- og barnahjólum

6-8ára
álstell, 7 gíra,
dempari standari

Rocadile AL 20”

Rocadile AL 24”

8-12ára
álstell, 21gíra,
dempari standari

Motomicro 16”

4-6 ára
Bretti fylgja
(Stelpuhjól með dúkkusæti)

Magnolia 16”

Motomicro 12”

Twinkle 12”

2-4 ára
Bretti fylgja
(Stelpuhjól með dúkkusæti)

GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16

FLOTTUSTU GRILLIN Í BÆNUM

16,5 kw/h

LANDMANN

39.900
VERÐ ÁÐUR 54.900

Þýsk framl

59.900
VERÐ ÁÐUR 69.900

Ryð-frítt

16,5 kw/h

Þetta er aðeins brot af úrvalinu Skoðið www.grillbudin.is

69.900
VERÐ ÁÐUR 79.900

12.900
VERÐ ÁÐUR 19.900

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Horft frá Bankastræti, inn Ingólfsstræti. Þarna standa falleg hús í hnapp, hvert með sínu sniði.

Lágreist hús í dönskum stíl við Þingholtsstræti 13. Húsið, byggt árið 1876, er friðað.

Fagra Reykjavík

Skipulagsmál í Reykjavík hafa verið ofarlega á baugi og sitt sýnist hverjum. Mikið hefur verið fjallað um veggjakrot og niðurrif illa hirtra húsa sem og nýbyggingar sem falla að sumra mati misvel að fyrra umhverfi. Þó má ekki gleymast að borgin státar líka af fallegum húsum og kennileitum sem gleðja augað. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana og myndaði fallega uppgerð hús sem mörg voru reist í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Þessi mannvirki eru óneitanlega mikil prýði og setja einstakan svip á höfuðborgina. Þau hafa öll sína sögu að geyma sem forvitnilegt er að skyggnast inn í.

- ve

Næpan við Skálholtsstíg 7 dregur nafn sitt af turni hússins sem minnir á garðávöxt sem var algengur í Reykjavík í byrjun tuttugustu aldar. Landshöfðinginn Magnús Stephensen lét reisa húsið árið 1903. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þær eru ófáar konurnar sem hafa gengið hnarreistar niður Bankastrætið.

Þingholtsstræti 11 var byggt árið 1870 í nýklassískum stíl. Helgi Helgason, snikkari, útgerðarmaður og tónskáld, á heiðurinn að húsinu. Í dag er þar tannlæknastofa.

Skólastræti 5 var reist af Einari Jónssyni snikkara. Það er tvílyft með klassískum miðjukvisti og hefur verið fallega haldið við.

Stjórnarráðið séð í gegnum verk myndlistarkonunnar Steinunnar Þórarinsdóttur. Það er lágreist en um leið er yfir því reisn.

Skólastræti 1 var byggt árið 1915 en húsinu hefur talsvert verið breytt síðan þá.

SUMARBÚÐIR KFUM OG KFUK

Skráning hefst í dag 5. apríl kl.12

LEIKJANÁMSKEIÐ

ÖLVER

HÓLAVATN

VATNASKÓGUR

VINDÁSHLÍÐ

KALDÁRSEL

Sjá flokkaskrár sumarbúðanna 2008 á www.kfum.is
56 flokkar í 5 sumarbúðum
20 leikjanámskeið
- eitthvað fyrir alla!
Sumarbúðir KFUM og KFUK

Skráningin hefst á glæsilegri vorhátíð KFUM og KFUK 5. apríl kl. 12 á Holtavegi 28 í Reykjavík.
Húsið opnar kl. 11:30

Fram koma:

Rannveig Káradóttir
Þátttakendur í starfi KFUM og KFUK
Stopp-leikhópurinn
Lalli töframaður
Skemmtiatriði úr sumarbúðum KFUM og KFUK
og margt fleira

KFUM KFUK

ODDI HÖNNUN P08.02.448

KFUM og KFUK Holtavegi 28 Reykjavík Sími 588 8899 www.kfum.is

www.ellingsen.is

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 90803 47

Líttu inn um helgina

Nýstárleg hugsun, frábær tæknikunnátta, vönduð viðskiptamannaþjónusta og skilvirkt sölukerfi hafa skapað Fleetwood yfirburðastöðu meðal framleiðenda fellihýsa, enda spannar saga fyrirtækisins rúm 40 ár.

Yfirburðir Fleetwood

1. Vínyl-gluggar tryggja góða dagsbirtu
2. Panel-„gólf“ að aftan og framan
3. Galvaníseraðir og málaðir stálveggir
4. Ryðfrír lyftibúnaður
5. Rúmgott geymsluhólf
6. Sterk grind, góð fjöðrun
7. Álklætt þak/lok gengur niður á hliðarnar
8. Útdraganleg trappa, stamt yfirborð
9. Heil hurð 62 cm
10. Eldhús einfalt og fljótlegt í uppsetningu
11. Færanlegt matarborð, inni eða úti
12. Tjalddúkur úr „Sunbrella 302“-öndunarefni
13. Heilt gólf án samskeyta
14. Útdraganleg rúm sem falla áreynslulaust á sinn stað

Opið
Mán. – fös. 10–18
Laugardaga 10–17
Sunnudaga 13–17

Ellingsen
– fullt hús ævintýra
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is

Horft niður stigann af svefnloftinu með bækurnar á hvora hönd.

Bókasafn í stiga

● Hönnuðirnir hjá Levitate leggja áherslu á að hönnun þeirra sé sniðug og einföld og best ef hún liggi í augum uppi.

Bækur taka oft mikið pláss en verða þó að vera uppi við til að grípa í enda eru þær líka fallegar á vegg.

Þegar hönnuðirnir hjá Levitate Architects í London fengu það verkefni að hanna svefnloft fyrir viðskiptavin sem vildi jafnframt gott pláss fyrir bókasafnið sitt leystu þeir það á skemmtilegan hátt.

Stiginn upp á svefnloftið var gerður að einu allsherjar bókasafni þar sem bækurnar fengu pláss upp veggina til hliðar við stigann en líka í stigaþrepunum sjálfum.Hillurnar eru úr hlýlegri eik og stigaþrepin sjálfstætt framhald af hillunum hvoru megin.

Stiginn er staðsettur beint undir þakglugga þannig að birtan streymir niður stigann svo hægt er að tylla sér í þrepin með góða bók ef því er að skipta. Góð nýting og falleg umgjörð utan um bækurnar en arkitektarnir hjá Levitate Architects vilja að hönnun þeirra sé spennadi og sniðug og jafnframt að þeirra lausnir líti út fyrir að vera augljósar þegar þær eru komnar upp. Að fólk hugsi „já auðvitað, það er eins og þetta hafi alltaf verið svona.“

Horft upp stigann. Bækurnar fengu líka pláss í stigaþrepunum sjálfum.

Sjá nánar á síðunni www.neublack.com - rat

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

HÚSGAGNA LAGERSALA

Engar Verðhækkanir!

Allar vörur á gamla **genginu**

LEÐUR SÓFASETT

TAU SÓFASETT

LEÐUR HORNSÓFAR

TAU HORNSÓFAR

TUNGUSÓFAR

TUNGUHORNSÓFAR

STAKIR SÓFAR

BORÐSTOFUSTÓLAR

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

BORÐSTOFU-HÚSGÖGN

ELDHÚSBORÐ

RÚMGAFLAR JÁRN

RÚM 120-150-180X200

FRAMLEIÐUM

Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.

ATH . verðið kemur á óvart

Verðdæmi: Sófar 3+1+1 = **99.900 kr**

Erum í Dugguvogi 2.
Sími 557-9510

Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Með blóm í hári eða vasa

Það skemmtilega við blómavasa er að þeir nýtast með og án blóma. Fallegur vasi prýðir heimilið hvort sem hann er tómur eða ekki, en auðvitað er alltaf gaman þegar tækifæri gefst til að setja fallegar rósir eða önnur blóm í vasa. Með aukinni hönnunar- og tískuvitund hafa vasarnir ekki aðeins orðið fjölbreyttari heldur er fólk einnig hugmyndaríkara þegar kemur að notkun þeirra. Flottir steinar eða marglitur sandur kemur oft vel út í gegnsæjum vösum og bambus eða grófar greinar í vasa geta sett sterkan svip á herbergið.

1. Grænn og svartur Taitan-vasi frá The Pier. Veglegur og fallegur og býður upp á marga möguleika. Hann kostar 2.990 krónur.

2. Þessi vasi er eilítið gróf-ur, með steypukenndri áferð, og gengur bæði sem inni- og útivasi. Hann fæst í ýmsum stærðum í Eggi í Kópavogi. Sá stærri kostar 1.799 krónur en sá minni er á 1.399 krónur.

3. Þessi Tomoco-rauði og gyllti vasi er flottur á borðstofuborði og getur vel staðið einn án blóma því hann er svo veglegur. Hann fæst í The Pier og kostar 2.990 krónur.

4. Sniðugir blómavasar á fæti sem fást í mörgum stærðum og einnig í hvítu. Fáanlegir í Eggi í Kópavogi. Sá minni kostar 1.649 krónur en sá stærri er á 2.449 krónur.

5. Þennan fallega út-skorna vasa er hægt að nota á marga vegu. Stórar og grófar skrautgreinar tækju sig vel út í honum en einnig fallegar rósir eða annað fíngerðara skraut. Vasinn fæst í The Pier í Kópavogi og kostar 4.490 krónur.

3 sérfræðingar

Sérfræðingar frá Montana, Erik Jørgensen og Carl Hansen verða
í verslun okkar **í dag föstudag kl. 9-18 og á morgun laugardag kl. 10-16**
Umsóknir skulu sendar til Kolbrúnar Ingibergsdóttur, framleiðslustjóra á netfangið kolbrun@frettabladid.is .

Umsóknarfrestur er til 11. apríl. Öllum umsóknum verður svarað

BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ visir.is 365

ÞAÐ ER GOTT AÐ BÚA Á SELFOSSI

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 14:00 – 14:30

Sóltún 13 - endaraðhús

5 herbergja með bílskúr

samtals 142,3 fm

Góð staðsetning, rétt hjá leikskóla.

Verð: 26,7 millj.

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 14:00 – 14:30

Tjaldhólar 1 - Parhús

4ra herbergja með bílskúr samtals 156,8 fm.

Í Suðurbyggð, rétt hjá Sunnulækjarskóla.

Nýtt fullbúið hús

Verð: 30,9 millj.

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 15:00 – 15:30

Álftarimi 5 - Íbúð 306

4ra herbergja með bílskúr samtals 125,9 fm.

Snyrtileg endaíbúð á efstu hæð.

LAUS VIÐ KAUPSAMNING

Verð: 20,9 millj.

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 15:00 – 15:30

Tröllhólar 2
Nýlegt einbýli

4ra herbergja með bílskúr samtals 201,9 fm.

Í Suðurbyggð, rétt hjá Sunnulækjarskóla.

Verð: 36,9 millj.

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 16:00 – 16:30

Grashagi 3c
Einbýli innst í botnlanga

4ra herbergja með bílskúr samtals 141,9 fm.

Í grónu og góðu hverfi.

Verð: 26,9 millj.

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 16:00 – 16:30

Fossheiði 62 - íbúð 201

4ra herbergja með AUKA ÍBÚÐ samtals 147,1 fm.

Endaíbúð á efri hæð.

Leigutekjur.

Verð: 23,9 millj.

Opið hús

OPIÐ HÚS Í DAG KL: 17:00 – 17:30

Tjaldhólar 9 - Parhús

4ra herbergja með bílskúr samtals 141,5 fm

Glæsilegt hús í Suðurbyggð.

Stutt í Sunnulækjaskóla

Verð: 32,9 millj.

Nýbygging - tilbúið innan 4 mánaða.

Hraunhella 1 einbýlis-hús í Suðurbyggð, nýju hverfi

Skv. teikningu 5 herb auk bílskúrs, samtals 205 fm.

Verð fokhelt: 22,9 millj.

Hægt að kaupa lengra komið.

Nýbygging – tilbúið innan 4 mánaða

Hraunhella 2, einbýlis-hús í Suðurbyggð, nýju hverfi

Skv teikningu 3 herb auk bílskúrs, samtals 183 fm.

Verð fokhelt 22,9 millj.

Hægt að kaupa lengra komið.

Suðurbyggð, eignalóðir á góðu verði – Nýtt hverfi

Úrval einbýlis-, par- og raðhúslóða.

Möguleiki á 90% fjámögnun frá seljanda.

Verð á einb.lóð frá kr. 5 millj.
Gatnagerðagjöld innifalin.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SNORRA OG MAGNÚSI

Osta og mjólkurbúðin

Um er að ræða rekstur verslunarinnar auk lagers.

Spennandi tækifæri fyrir sælkera.

Verð: Nánari uppl. hjá sölufulltrúa.

Leitum eftir

fleiri eignum

á söluskrá

Snorri s. 864 8090

Magnús s. 694 9999

ÞÓRUNN
Lögg. fasteignasali
Sími 512 3400
tse@remax.is

MAGNÚS NINNI
Sölufulltrúi
Sími 694 9999
maggi@remax.is

SNORRI
Sölufulltrúi
Sími 864 8090
ss@remax.is

RE/MAX Bær

FASTEIGNASALAN Í BÆNUM

Frum

Remax Bær • Malarhöfða 2 • Sími 512 3400

www.remax.is • Allar **REMAX** fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

ÞÓRUNN
Lögg. fasteignasali
Sími 512 3400
tse@remax.is

KRISTJÁN
Sölufulltrúi
Sími 699 6949
kristjan@remax.is

BENEDIKT
Sölufulltrúi
Sími 861 2743
benni@remax.is

RE/MAX Bær
FASTEIGNASALAN Í BÆNUM

Langholtsvegur 172
104 Reykjavík
OPIÐ HÚS sunnudag kl. 18:00 – 18:30
Verð. 19.500.000
88,6 fm 3 herbergja Góð staðsetning
Brunabótarmat. 11.300.000

Efstaleiti 43
230 Reykjanesbæ
OPIÐ HÚS sunnudag kl. 17:30 - 18:00
Ásett verð 30.700.000
Stærð 156,8 fm
Brunabótamat 26.200.000

Steinás 30
260 Reykjanesbæ
OPIÐ HÚS sunnudag kl. 16:00 - 16:30
Stærð 175,5 fm
Verð 41,800.000
Brunabótamat 30.150.000

Suðurgata 6
230 Reykjanesbæ
OPIÐ HÚS sunnudag kl. 16:00 - 16:30
Íbúð fyrir 55 ára og eldri
Stærð 70,7 fm
Verð 14.200.000
Brunabótamat 13.850.000

Strandgata
245 Sandgerði
Iðnaðarhúsnæði
Bókið skoðun
Verð 15.900.000
Stærð 224,7 fm
Brunabótamat 10.550.000

Suðurgata - Parhús
230 Reykjanesbæ
BÓKIÐ SKOÐUN
Verð 19.800.000
Stærð 129,1 fm
5 herbergja
Brunabótamat 18.800.000
Uppl. sími 861 2743 og 699 6949

Hólabraut 7
230 Keflavík
BÓKIÐ SKOÐUN
Verð: 17,200,000,-
Stærð: 106 fm
Brunabótamat: 16,050,000,-

Breiðhóll 9
245 Sandgerði
OPIÐ HÚS sunnudag kl. 15:00 - 15:30
Parhús
Stærð 180,5 fm
Verð 26.900.000

ATVINNA

Bifvélavirkjar/ Vélvirkjar

Vegna aukinna verkefna vantar okkur Bifvélavirkja /Vélvirkja / Verkstæðismenn til starfa sem fyrst.
Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515-2700 á skrifstofutíma.

Bifreiðastjórar
með hópbifreiðaréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

TILKYNNINGAR

VERKTAKAR MAGNI

Vantar nýlegan Jarðvegsvaltara 9-11 t.

Upplýsingar gefur Hilmar í síma 660-6111

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili

Hjúkrunarfræðingar/hjúkrunarnemar
Hjúkrunarfræðingar með áhuga á vinnu með öldruðum óskast til starfa sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Vinnuhlutfall samkomulagsatriði.

Hæfniskröfur:
- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt starfsleyfi.
- Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg.
- Frumkvæði í starfi, þolinmæði og jákvætt viðhorf.

Starfsmenn í umönnun:
Einstaklingar með áhuga á starfi með öldruðum óskast til starfa í sumar. Einnig eru lausar til umsóknar fastar stöður í haust.

Hæfniskröfur:
- Góð almenn menntun, æskileg
- Reynsla af umönnun aldraðra.
- Góð færini í íslensku krafist.
- Frumkvæði í starfi, þolinmæði og jákvætt viðhorf

Droplaugarstaðir er hjúkrunarheimili í miðbæ Reykjavíkur. Litlir kjarnar, heimilislegt umhverfi. Allir búa í einbýli, einnig hefur verið unnið að breyttum áherslum í skipulagningu og við umönnun íbúa heimilisins.

Komið er til móts við þarfir starfsmanna um sveigjanlega vinnutíma með Time Care tímastjórnunar kerfinu.

Á heimasíðunni er einnig að finna ýmsar upplýsingar um heimilið og starfsemi þess.

Nánari upplýsingar um ofangreind störf gefa
Ingibjörg Bernhöft forstöðumaður í síma 414 9502, netfang: ingibjorg.bernhoft@reyljavik.is og
Ingibjörg Þórisdóttir hjúkrunarstjóri í síma 414 9503, netfang: ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is

Launakjör eru samkvæmt samningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags

Umsókanreyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Droplaugarstaða www.droplaugarstadir.is og á skrifstofunni að Snorrabraut 58.

Umsóknum skal skilað á Droplaugarstaði, Snorrabraut 58 eða á ofangreind netföng **fyrir 1. maí 2008.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Virða þarf gildandi skipulag

Umræður um ástand húsa í miðborg Reykjavíkur hafa verið miklar og svo virðist sem borgarbúar hafi fengið nóg. Ásakanir um að eigendur hirði ekki um hús sín til að þrýsta á að leyfi fáist til niðurrifs hafa verið háværar. Á móti hafa svörin oft verið að upp á vanti í skipulagi. *Olav Veigar Davíðsson* blaðamaður leitaði álits þriggja þrautreyndra fyrrverandi embættismanna borgarinnar.

Miklar umræður hafa staðið að undanförnu um málefni miðborgarinnar. Hafa borgarbúar, embættismenn og kjörnir fulltrúar sammælst um að þeim hugnist ekki sú staða sem upp er komin þar sem auð hús grotna niður með tilheyrandi hættu og lýtum.

Leitað var til þriggja fyrrverandi embættismanna sem lengi unnu að skipulags- og byggingamálum í Reykjavík og þekkja því vel til aðstæðna í miðborginni. Þetta eru Þorvaldur S. Þorvaldsson, fyrrverandi skipulagsstjóri, Stefán Hermannsson, fyrrverandi borgarverkfræðingur, og Salvör Jónsdóttir, fyrrverandi sviðstjóri skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar.

Þau eru öll sammála um að núverandi ástand sé óviðunandi og fagna breyttum áherslum og auknum áhuga á skipulagsmálum. Vilja þau ekki kenna núverandi skipulagi um hvernig komið er heldur frekar vanvirðingu fyrir gildandi skipulagi. Þeim finnst vandinn ekki auðleystur en sjá þó leiðir til úrbóta, eins og eflingu skipulagssjóðs, uppkaup húsa og aukna virðingu fyrir gildandi skipulagi.



HÚS Í NIÐURNÍSLU Í MIÐBORGINNI

Stefán Hermannsson, fyrrverandi borgarverkfræðingur:

Hugsanlega má nýta skipulagssjóð

„Það hefur verið vaxandi stemming fyrir því að varðveita þessi hús og ég held að það sé í langflestum tilfellum hið besta mál," segir Stefán Hermannsson, fyrrverandi borgarverkfræðingur.

Stefán segir umræðu um hús í miðborginni hafa aukist þótt hún hafi verið viðvarandi nokkuð lengi. „Margir halda því fram að í flestum tilfellum séu menn að kaupa þessi hús til niðurrifs og láti þau drabbast niður. En ég veit ekki hvort það er alltaf rétt." Telur hann ljóst að orsökin sé að verulegu leyti fjárhagslegs eðlis. „Það er mjög dýrt að gera upp hús og nýtingarmöguleikarnir eru oft ekki mjög miklir."

„Ég vil nú ekki ganga svo langt að friða öll húsin í miðbænum. Mér finnst það nú allt of langt gengið en ef við lítum til borga í nágrannalöndunum er ljóst að hús í miðborgum þeirra hafa ekki alltaf staðið þar." Nefnir hann miðborgir Kaupmannahafnar og Stokkhólms sem dæmi. „Einhvern tímann hafa staðið þarna minni hús. Mér finnst svolítið langt gengið að friða hús sem eru með mjög lítilli nýtingu sem standa á allra bestu og dýrustu lóðunum. Það er orðið svolítið vafaatriði."

Hann telur borgaryfirvöld vera að reyna að taka sig á. „Ég held að stemning sé fyrir að gera eitthvað í málunum núna. En hvernig er mér ekki ljóst. Ekki kaupa þeir öll þessi vandræðahús." Um hugsanlegar leiðir nefnir Stefán að skipulagssjóður hafi haft það verkefni að hjálpa til við að þróa og varðveita byggðarmynstur í miðborginni, en starfsemi sjóðsins hafi verið breytt. „Kannski fannst mönnum að hugsunin þar hefði verið að kaupa meira til niðurrifs eða til að selja aftur frekar en að kaupa til að stuðla að enduruppbyggingu. Það hefði vel mátt breyta áherslum í þeim sjóði og nýta hann til að borgin gæti stutt við þessa þróun með einhverjum hætti," segir Stefán, sem telur þá leið vel reynandi.

> Ég held að það sé þessi stemming fyrir að gera eitthvað í málunum núna.

Þorvaldur S. Þorvaldsson, fyrrverandi skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar:

Komist upp með að horfa framhjá gildandi skipulagi

„Mér finnst skelfilegt að miðborgin skuli vera í svona ástandi," segir Þorvaldur S. Þorvaldsson, fyrrverandi skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar. Hann segir ekki rétt að skipulag vanti fyrir miðborgina. „Það er til skipulag, deiliskipulag og þróunaráætlun um miðborgina þar sem tekið er á öllum þeim þáttum sem menn eru að ræða um í dag."

Segir Þorvaldur miðborgaráætlunina vera sérstakt yfirlit yfir hvernig menn vildu sjá Laugaveginn þróast. „En vandamálið er að aðilar hafa keypt upp hús og reiti og vilja byggja allt annað en skipulagið gerir ráð fyrir. Svo verða menn reiðir og segja að það sé ekki til skipulag." Þá hefjist vinna verktakanna við að fá skipulaginu breytt og slíkt ferli taki um eitt og hálft ár. Segir hann aðalvandann vera að of lengi hafi viðgengist að menn hafi komist upp með að horfa framhjá gildandi skipulagi.

Um vanda miðborgarinnar segir Þorvaldur enn frekar: „Ef stýra á uppbyggingu í miðborginni á borgin að eignast þá hluti sem hún ætlar að stýra." Á hann þar við að borgin kaupi þau hús sem um ræðir. „Það er erfitt að fara í uppkaup þegar búið er að spenna verðið upp. En maður stýrir ekki uppbyggingu og skipulagi í miðborg nema hafa völd á eignum." Borgin þurfi að kaupa hús af þeim sem felli sig ekki að gildandi skipulagi og byggi samkvæmt því. Þorvaldur telur þó ekki nauðsynlegt að Reykjavíkurborg standi í húsbyggingum. „Borgin getur látið hanna það sem hún vill láta byggja á reitunum og boðið það þannig út."

„Uppbygging á Reykjavík hlýtur alltaf að vera á okkar eigin forsendum, með bakgrunn í sögu Reykjavíkur; það er að við erum á Íslandi og á 64. breiddargráðu." Telur Þorvaldur Reykjavíkurborg eiga mikla sérstöðu og sérkenni sem okkur beri að virða og vinna út frá. „Hún er allt önnur en til dæmis austur-evrópskir bæir sem undanfarið hafa verið í umræðunni."

> Vandamálið er að aðilar hafa keypt upp hús og reiti og vilja byggja allt annað en skipulagið gerir ráð fyrir.

Salvör Jónsdóttir, fyrrverandi sviðsstjóri skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkur:

Ekki skipulagið heldur virðingarleysi

„Ég get ekki fallist á að það sé skipulaginu að kenna hvernig komið er," segir Salvör Jónsdóttir, fyrrverandi sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar. „Kannski liggur rót vandans í hvernig við umgöngumst umhverfi okkar, hús eða önnur menningarverðmæti af virðingarleysi."

Segir hún miðbæinn hafa verið í niðurníðslu eftir byggingu Kringlunnar og svo Smáralindar. Hún telur því að borgaryfirvöld hafi brugðist rétt við með miðborgaráætluninni en kannski hafi þau ekki verið nógu hörð við að fylgja henni eftir. „Þar kemur til okkar kúltúr. Við berum ekki virðingu fyrir umhverfinu og ekki heldur fyrir því sem sett er í skipulag."

Hún telur að til séu dæmi um að menn kaupi eignir sem þeir veðsetji fyrir miklu meira en þær eru virði í því augnamiði að byggja meira en leyfilegt er. Því sé aukin umræða um skipulagshagfræði af hinu góða. „Ég hef lengi haldið fram að það sé ógæfa íslensks skipulags að við höfum haldið hagræna þættinum alveg frá. Að húsin eigi að vera hugguleg en umræðum um kostnað sé haldið utan við."

„Auðvitað þarf að setjast niður og átta sig á hvert vandamálið er og hvernig má leysa það. Þá þarf að velta við steinum eins og hagrænu þáttunum og væntingum. Ef fjárfestar hafa verið að kaupa þarna og gera sér meiri væntingar en skipulagið gerir tilefni til, eins og ég er hrædd um að sé ansi víða, þá er það þeirra áhætta. Þeir eru í viðskiptum og taka áhættu en ég sem borgari ætla ekki að axla þá ábyrgð fyrir þá." Segir hún að skipulagi þurfi að breyta með málefnalegum rökum. „Því miður held ég að oft hafi verið látið undan þrýstingi og menn þurfa að átta sig á að það er ekki lengur í boði."

> Því miður held ég að það hafi oft verið látið undan þrýstingi og menn þurfa að átta sig á að það er ekki lengur í boði.

Hornsófi 2+h+2 Roma **144.000,-**

Sófasett 3+1+1 Nice **204.000,-**

Sófasett 3+1+1 Rome **158.400,-**

Sófasett 3+1+1 Nice **204.000,-**

Hornsófi 2+h+2 Paris **156.000,-**

OPIÐ til 20 alla daga

Láttu draumin rætast!

Óbreytt verð

síðustu 2 ár af

sérsmíðuðum sófasettum

Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og Holtagörðum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ekkert skemmtilegra en að leika

Í leikritinu Kommúnunni skipta fjórir hressir krakkar á aldrinum 12-13 ára með sér hlutverkum barna í sýningunni og halda brátt utan, meðal annars til Mexíkó, með sýningunni. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti þau **Sóllilju Baltasarsdóttur**, **Urði Bergsdóttur**, **Aron Brink** og **Rafn Kumar Bonifacius** sem sögðu henni allt um það hve gaman það væri að leika.

NÓG AÐ GERA Ungu leikararnir eiga fjölmörg áhugamál utan leiksins. Sóllilja Baltasarsdóttir er öll í hestunum og spilar á píanó, Aron Brink æfir fótbolta með Þrótti, Rafn Kumar er sexfaldur Íslandsmeistari í tennis og Urður Bergsdóttir syngur í kór og æfir frjálsar íþróttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hvernig kom það til að þið fenguð hlutverk í Kommúnunni?

Aron: Nína Dögg frænka mín er að leika í þessu og hún sagði mér að það væri prufa fyrir stráka í leikritið. Ég fór með nokkur atriði úr leikritinu sem ég var búinn að læra og komst í gegn.

Urður: Pabbi sá þetta bara í blaðinu en hann er leikari og ég ákvað að fara í prufuna með vinkonu minni.

Rafn: Það voru mjög margir krakkar í prufunum, yfir hundrað, en samt voru ekki mjög margir strákar. Örugglega ekki nema tíu strákar og allt hitt stelpur.

Urður: Stundum er eins og strákar, að minnsta kosti í mínum bekk, vilji ekki koma fram nema til að fíflast.

Rafn: Ég fór í prufuna eiginlega af sömu ástæðu og Aron, en móðurbróðir minn, Atli Rafn, sem er að leika í þessu leikriti, lét mig vita að það væru prufur.

Sóllilja: Ég var komin í næstsíðasta úrtak þegar ég komst að því að ég var að fara til Afríku með pabba og fjölskyldunni minni í frí og myndi því líklega ekki geta verið með. Ég var því rosalega vonsvikin og var hálfgrátandi af valkvíða, hvort ég ætti að fara til Afríku eða leika í Kommúnunni. En svo fór ég auðvitað til Afríku, enda ekki á hverjum degi sem maður kemst þangað. Pabbi kom mér svo á óvart einn morguninn og sagði mér að ég gæti samt fengið að leika í Komúnunni þannig að ég byrjaði að æfa aðeins seinna en hinir en var rosalega ánægð að þurfa ekki að velja á milli. Aron greyið, sem leikur á móti mér, þurfti hins vegar að bíða eftir mér.

Nú eru ykkar nánustu aðstandendur í leiklist eða tónlist – Baltasar Kormákur er pabbi Sóllilju, Sigurjón Brink tónlistarmaður er pabbi Arons, Stefán Jónsson leikstjóri er fósturpabbi Rafns og Bergur Þór Ingólfsson leikari er pabbi Urðar – fenguð þið einhverja leiðsögn frá listamönnunum?

Urður: Pabbi kenndi mér að tala hátt. Maður talar auðvitað allt öðruvísi á stóru sviði en til dæmis hér.

Aron: Hann pabbi kenndi mér bara að vera ég sjálfur – það myndi skila bestum árangri.

Rafn: Já, ég fékk aðallega kennslu í að tala hátt og skýrt. Manni finnst hálfasnalegt í byrjun að öskra. Svo er eitt sem ég get ekki sagt í þessu leikriti: Geir Hallgrímsson. Það kemur alltaf eitthvað skringilega út.

Sóllilja: Ég hef alltaf fengið góða leiðsögn hjá pabba og þá aðallega með það að tala hátt og skýrt. Annars er hann bara duglegur að segja mér að ég sé frábær og það hjálpar.

Hvert er hlutverk ykkar í leikritinu?

Aron: Við Rafn skiptumst á að leika sama hlutverkið, alveg eins og Urður og Sóllilja, en mamma og pabbi strákssins eru hippar sem búa í kommúnu. Pabbi okkar er frá Baskalandi, reykir hass og svona.

Rafn: Já, við erum tíu ára og reykjum og drekkum. Og reykjum í sýningunni. Við kyngjum að vísu ekki, púum bara.

Aron: Pála sýningarstjóri kenndi okkur að púa. Það er mjög vont bragð af sígarettunni og eftir allar sýningar lyktum við Rafn af bjúgum sem eru borðuð í leikritinu og reykingum.

Urður: Ég get ekki lengur borðað pylsur heima, við erum orðin svo þreytt á bjúgunum, þurfum að borða þau í hverri einustu sýningu. Við Sóllilja leikum litla smáborgarastelpu og mamma okkar og pabbi voru að skilja. Við erum því þunglyndar og eigum frekar erfitt. En svo er gaman í lokin.

Hvað vissuð þið um hippa áður en þið fóruð að leika í sýningunni?

Sóllilja: Ég held ég hafi eiginlega ekki vitað neitt um hippa. Eða jú – ég vissi að þeir klæðast mjög ljótum fötum. Og ég var líka búin að horfa á Veðramót og vissi að hippar gera byltingar.

Urður: Ég vissi að hippar væru mjög fáránlegir og alltaf með blóm í hárinu. Ég hef kynnst tónlistinni úr Hárinu í skólanum og ég hef heyrt að þeir hugsi mikið um kynlíf. Eins og kemur fram í leikritinu.

Rafn: Líka alltaf með fönkí gleraugu.

Aron: Ég vissi að þeir væru oft með peace-merki á sér og með sítt hár. Í síðum buxum og oft með klút í hárinu.

Rafn: Hippar voru uppreisnarseggir.

Höfðuð þið eitthvað leikið áður?

Sóllilja: Ég hef leikið í Frostrósamyndbandi og stuttmyndum og alls konar statistahlutverk í kvikmyndum, alveg frá því að ég var lítil. Ég lék til dæmis barnið í Djöflaeyjunni – þá var ég bara fjögurra mánaða.

Aron: Ég hef leikið í kvikmyndinni Blóðböndum. Og leikritinu Sitji guðs englar. Svo hef ég leikið í auglýsingum og þáttum með Stelpunum. Þegar ég lék í Blóðböndum var það líka Nína frænka mín sem benti mér á að fara í prufur þar og aðstoðarleikstjórinn í myndinni var líka að vinna við auglýsingar svo að hún benti á mig sem leikara í auglýsingum.

Urður: Ég hef bara leikið eitt hlutverk í Stelpunum og leikið í einni auglýsingu og svo hef ég talað inn á myndir – Narníu, Happy Feet og Bamba 2.

Rafn: Já, ég hef líka lesið inn á Bamba 2. Ég hef leikið í Kalla á þakinu og svo í auglýsingu sem mig langar helst ekki að sjá aftur.

Urður: Hann á við jólaauglýsingu Húsasmiðjunnar. Hann hleypur um og bendir á hluti.

Rafn: Ég hef líka lesið inn á fullt af teiknimyndum – talaði meðal annars fyrir Nemo.

Hvað er gaman við að leika og er skilningur meðal bekkjarfélaga ykkar?

Aron: Mér finnst skemmtilegast við að leika að þykjast vera einhver annar. Bekkjarfélögum finnst þetta bara fínt, held ég. Nei, nei, þau eru alls ekkert öfundsjúk, ja nema kannski stundum þegar ég fæ að sleppa skólanum. Upphitunin fyrir sýningar er líka mjög skemmtileg.

Urður: Já, við förum alltaf í fótbolta til að hita upp, í svona hálftíma, það er mjög gaman. Ég hef alltaf fylgst með pabba leika frá því að ég var lítil og fundist það mjög spennandi og mér finnst rosalega gaman að leika á sviði og vita að aðrir eru að skemmta sér. Vinkonur mínar styðja mig mikið í þessu og sýna leiknum mikinn áhuga.

Rafn: Mér finnst skemmtilegast að vera á sjálfu sviðinu. Ég hef alltaf farið mikið í leikhús frá því ég var lítill. Það er mikið af leikurum í fjölskyldunni og mig hefur sjálfan alltaf langað til að verða leikari.

Sóllilja: Mér hefur alltaf þótt mjög gaman að leika og þá sérstaklega að vera í kringum svona skemmtilegt fólk. Stemningin getur verið svo góð þegar fólk kemur saman til að vinna í kvikmyndum. Í sumar var ég til dæmis með pabba úti í Flatey þegar hann var að taka upp Brúðgumann og þá kynntist ég Ólafi Darra, Ilmi og fleirum sem eru skemmtilegasta fólk í heimi. Alltaf hlæjandi og segjandi brandara. Svo er auðvitað líka gaman þegar áhorfendur eru ánægðir.

En hvað er búið að vera erfiðast? Og hefur ekkert neyðarlegt komið fyrir á sýningu?

Sóllilja: Mér fannst svolítið erfitt að koma seinna inn í leikritið en hinir og allir búnir að kynnast mjög vel. En ég var fljót að kynnast þeim og Urður var auðvitað alltaf svo hress og heilsaði mér með hávaða hæ-i þegar ég kom.

Rafn: Æfingarnar. Ég sofnaði meira að segja á einni æfingunni.

Urður: Við klipum í tærnar á honum og hann kipptist varla við. Mér finnst erfiðast að ég hef ekki getað verið jafn mikið með vinum mínum.

Aron: Æfingarnar voru erfiðar, þær voru svo langar og þreytandi oft. Ég held að það versta sem ég hafi lent í á sýningu er að fá óstöðvandi hóstakast sem ég þurfti að reyna að halda niðri. Við erum nefnilega uppi á sviði allan tímann.

Urður: Það gerist yfirleitt eitthvað lítið en einu sinni var Árni Pétur að fara niður stigann á sviðið í frumsýningu og búningurinn hans festist í handriðinu og við rétt náðum að losa hann.

Rafn: Ólafur Darri er svo auðvitað bara alltaf sídettandi á öllum sýningum og veltandi einhverju um. Og Gael Garcia festi hárkolluna sína einu sinni í ljósakrónu á sviðinu og hún datt af.

Aron: Nína þurfti líka einu sinni að æla á miðri sýningu því hún var svo sjóveik eftir að hafa verið að leika í myndinni Brim fyrr um daginn.

Sóllilja: Einu sinni gat Aron ekki kveikt á kveikjaranum og þá kveikti ég á honum og einu sinni datt glóð ofan í teppið og við vorum dauðhrædd um að það myndi kvikna í. Þetta er yfirleitt mest Aroni að kenna, hann er ólátabelgur.

Höfðuð þið séð einhverjar myndir með Gael Garcia áður en þið hittuð hann?

Sóllilja: Ég veit í hvaða myndum hann hefur leikið og stefni á að sjá þær en ég hef því miður ekki séð neina enn.

Aron: Ég vissi að hann lék í Babel en ég hef ekki séð hana alveg alla.

Rafn: Ættingjar mínir hafa sagt mér að Motorcycle Diaries sé mjög góð og mig langar að sjá hana en ég hef ekki séð neina.

Urður: Ég hef ekki séð neina mynd. En Gael Garcia er ekki þannig gerð af frægum leikara sem vill bara vera í limmósínum, hann vill ekki vera fyrirferðarmikill.

Aron: Hann lætur ekki eins og Hollywood-stjarna.

Urður: Honum er til að mynda illa við myndatökur af sér.

Rafn Kumar Bonifacius, 13 ára

Urður Bergsdóttir, 13 ára

Aron Brink, 13 ára

Sóllilja Baltasarsdóttir, 12 ára

> Ég vissi að hippar væru mjög fáránlegir og alltaf með blóm í hárinu. Ég hef kynnst tónlistinni úr Hárinu í skólanum og ég hef heyrt að þeir hugsi mikið um kynlíf. Eins og kemur fram í leikritinu.

Ístölt
2008

í kvöld

Skautahöllin í Laugardal

5. apríl kl. 20.00 húsið opnar kl. 19.00

Sigurvegari Ístölts 2008 hlýtur glæsilegt 4hjól frá Fóðurblöndunni í verðlaun.

TOP REITER

Miðasala:
Top Reiter Kópavogi
Ögurhvarfi 2
Sími: 565 5151

FÓÐURBLANDAN
- gæði í hverri gjöf

BALDVIN OG ÞORVALDUR
Selfossi • sími: 482 1900

Morð sem breyttu heiminum

Í gær voru fjörutíu ár liðin frá því að mannréttindafrömuðurinn Martin Luther King var myrtur og var hann heimsbyggðinni allri mikill harmdauði. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* rifjaði upp nokkur af frægustu morðum fyrr og síðar.

FJÖLSKYLDAN EFINS UM MORÐINGJANN Dæmdur morðingi Martins Luthers King lést árið 1998 en hann hélt fram sakleysi sínu alla tíð.

SÁ MYRTI: Martin Luther King, fæddur í Atlanta í Georgíu árið 1929.

HVAR: Hótel Lorraine í Memphis í Tennessee. Skotinn til bana á svölum hótelsins þar sem hann var staddur með vinum sínum. King var staddur þar vegna verkfalls sorphreinsunarmanna í borginni.

HVENÆR: 4. apríl 1968.

MORÐINGINN: James Earl Ray, smáglæpamaður og innbrotsþjófur, játaði glæpinn en dró játninguna til baka þremur dögum síðar. Hann hélt fram sakleysi sínu alla tíð.

JARÐARFÖR: Ebenezer-baptistakirkjan en tvær athafnir áttu sér stað – ein 1.300 manna þar sem kirkjan tók ekki fleiri gesti í sæti, fyrir nánustu vini og fjölskyldu, og önnur seinna um daginn fyrir almenning. Milli athafna var gengið í gegnum Atlanta með kistu Kings frá kirkjunni að Morehouse þar sem síðari athöfnin átti sér stað. Mikill fjöldi safnaðist saman á leiðinni í þögn og einstaka staðar mátti heyra fólk kyrja frelsissöngva.

ÖRLÖG MORÐINGJANS: Hlaut 99 ára fangelsisdóm, lést í fangelsi árið 1998 úr nýrnasjúkdómi. King-fjölskyldan trúði því aldrei að Ray væri morðinginn.

ENGIN JARÐARFÖR Yoko Ono bað fólk um að biðja fyrir Lennon, líkt og hann hefði beðið fyrir heimsbyggðinni, og vildi enga opinbera jarðarför.

SÁ MYRTI: John Lennon, fæddur 9. október árið 1940 í Liverpool á Englandi.

HVAR: Lennon og eiginkona hans, Yoko Ono, voru að koma heim í íbúð sína í Dakota-byggingunni í New York. Lennon var skotinn á leið inn eftir að hafa veitt morðingja sínum eiginhandaráritun fyrr um kvöldið – einnig fyrir utan Dakota-bygginguna.

HVENÆR: 8. desember 1980.

MORÐINGINN: Mark David Chapman. Chapman átti við geðveiki að stríða, misnotaði eiturlyf og hætti í skóla. Hann vann sem öryggisvörður um tíma.

ÖRLÖG MORÐINGJANS: Chapman fékk lífstíðardóm og er enn þann dag í dag vistaður á réttargeðdeild í New York. Hann hefur fjórum sinnum sótt um reynslulausn og jafnoft verið synjað.

JARÐARFÖR: Daginn eftir dauða Lennons lét eiginkona hans þau orð falla að engin jarðarför yrði haldin. Hinn 14. desember söfnuðust hins vegar milljónir manna saman á ýmsum stöðum í heiminum í tíu mínútna þögn til heiðurs Lennon – og var það að ósk Yoko Ono. Stærsti hópurinn kom saman í Central Park í New York.

MORÐINGINN SÝKNAÐUR Ekki er langt síðan bréf kom fram í dagsljósið þar sem Pettersson játaði á sig morð Olof Palme.

SÁ MYRTI: Olof Palme, fæddur 30. janúar árið 1927 í Stokkhólmi í Svíþjóð.

HVAR: Palme var á leið heim úr kvikmyndahúsi í Stokkhólmi ásamt eiginkonu sinni. Hann var án lífvarða.

HVENÆR: 28. janúar 1986.

MORÐINGINN: Christer Pettersson, smáglæpamaður og eiturlyfjasjúklingur.

ÖRLÖG MORÐINGJANS: Pettersson var ekki handtekinn fyrr en rúmum tveimur árum eftir morðið og var sakfelldur. Nokkrum árum síðar var hann sýknaður fyrir hæstarétti og þá meðal annars vegna þess að morðvopnið hafði aldrei fundist. Pettersson lést árið 2004 en árið 2007 kom fram í dagsljósið bréf sem hann skrifaði til kærustu sinnar árið 1986 þar sem hann játar á sig morðið.

ÖRLAGARÍK VERSLUNARFERÐ Anna Lindh var að leita að fötum fyrir kappræður um upptöku evrunnar sem gjaldmiðils í Svíþjóð.

SÚ MYRTA: Anna Lindh, fædd 19. júní 1957 í Stokkhólmi.

HVAR: Verslunarmiðstöð í Stokkhólmi. Lindh var í verslunarferð með vinkonu sinni að velja föt fyrir kappræður.

HVENÆR: 11. september árið 2003.

MORÐINGINN: Mijailo Mijailovic, 25 ára gamall sænskur innflytjandi af serbneskum uppruna.

ÖRLÖG MORÐINGJANS: Mijailovic hlaut lífstíðardóm og situr hann nú í sænsku fangelsi. Hann sagði að „raddir í höfði sér" hefðu stjórnað gerðum hans og hann hefði ekki ætlað að verða Lindh að bana.

MYRTUR Í LEIKHÚSI Abraham Lincoln var fyrsti forseti Bandaríkjanna sem var myrtur.

SÁ MYRTI: Abraham Lincoln, fæddur 1809 í Hardin-sýslu í Kentucky.

HVAR: Í leikhúsinu Ford´s Theatre í Washington-borg þar sem hann fór að sjá leikritið Our American Cousin ásamt eiginkonu sinni. Hann dó daginn eftir af skotsárinu.

HVENÆR: 14. apríl 1865.

MORÐINGINN: Leikarinn John Wilkes Booth. Morðið var hluti af áætlun um að steypa ríkisstjórninni en hann, í félagi við aðra, var andvígur sameiningu Norðurs og Suðurs.

JARÐARFÖR: Jarðarförin var hinn 19. apríl en lík hans var flutt um 2.700 kílómetra leið, frá Washington, í gegnum New York og alla leið til Springfield í Illinois. Milljónir manna vottuðu forsetanum virðingu sína á þeirri löngu leið.

ÖRLÖG MORÐINGJANS: Var myrtur 11 dögum síðar af sambandssinnum.

STUND SEM ALLIR MUNA Flestir sem aldur hafa til muna hvar þeir voru staddir þegar tilkynnt var um lát John F. Kennedy.

SÁ MYRTI: John F. Kennedy, fæddur 1917 í Brookline í Massachusetts.

HVAR: Dallas í Texas. Kennedy var skotinn í forsetabifreiðinni þar sem henni var ekið við opinbert tækifæri eftir Dealey Plaza.

HVENÆR: 22. nóvember 1963.

MORÐINGINN: Lee Harvey Oswald, 24 ára. Oswald vann á þessum tíma afleysingastarf á bókasafni – Texas School Book Depository – en úr þeirri byggingu er Kennedy talinn hafa verið skotinn.

ÖRLÖG MORÐINGJANS: Oswald var myrtur tveimur dögum eftir morð Johns F. Kennedy, þar sem verið var að flytja hann í fangelsi. Enn þann dag í dag eru smíðaðar kenningar um hver eigi raunverulega sök á morði Kennedys.

JARÐARFÖR: Tveimur dögum eftir morðið var kista Kennedys flutt til þinghússins í Washington þar sem almenningi gafst kostur á að votta Kennedy virðingu sína. Hundruð þúsunda manna flykktust til þinghússins. 25. nóvember fór jarðarförin sjálf svo fram.

Opið í dag frá kl. 12 til 16

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl

Smelltu á www.notadir.brimborg.is og veldu þann nýja.



Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan

Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á **heilar 200.000** krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldruslunni í verð.

Druslan öðlast nýtt líf í dag

Nú áttu útborgun upp í betri bíl

Komdu bíldruslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrusluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrusla upp í hvern betri bíl.

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

200.000 krónur fyrir drusluna

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldruslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum, dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir...

... Hannes Hólmstein Gissurarson.

Líklega hefði Hannes sloppið miklu betur ef rektor Háskólans hefði ákveðið að gera ekki neitt strax eftir að hann var dæmdur fyrir höfundarréttarbrot. En meðan rektor var að vandræðast með hvernig ætti að snúa sér í málinu birtust fréttir af háskólastúdent í USA sem var rekinn úr skóla fyrir að stela brandara frá Hugleiki, Kistan tók sig til og spurði fjölda háskólamanna sem flestir voru á því að rektor ætti að gera allt annað en ekki neitt og fréttaskýringar birtust sem leiddu í ljós að texti Hannesar var ekki alltaf Hannesar heldur annarra. En þrátt fyrir allt þetta heldur Hannes stöðu sinni sem gerir vikuna góða fyrir Hannes. Hann sagðist í Kastljósi ekki ætla að verja sig með því að segja að hann hafi ekki gert neitt annað en Laxness gerði né heldur rifja upp meiðyrðamál sem maður við Háskólann tapaði heldur rísa upp sem nýr og betri maður.

... Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur

Hún flýgur nú um heiminn í einkaþotu sem utanríkisráðherra. Veður í völdum og lúxus. Af gömlum vana hneykslast gamlir kommar og enn eldri kratar en enginn nennir að pæla í því. Og það sem meira er: Þeir sem rísa upp henni til varnar gegn býlífisandskotum eru úr innsta kjarna íhaldsins. Þeirra á meðal meistari ljósvakans, Ingvi Hrafn, sendir þeim fingurinn og segir þetta röfl. Þessi ferðamáti sé hinn eini rétti og vert fyrir ríkisstjórnina að íhua þann möguleika að kaupa sér þotu.

... Guðjón Guðmundsson

Einhver snjallasti íþróttafréttamaður landsins er nú endanlega að slá í gegn sem skemmtikraftur. Hann hefur ávallt verið orðheppinn en aldrei sem nú og veltust fótboltaáhugamenn um af hlátri og elskuðu sinn mann þegar hann lýsti stuðningsmönnum Fenerbahce, sem atti kappi við Chelsea sem: „fjörutíu þúsund Halim Al-ar" í bráðsmellinni lýsingu. Til að fyrirbyggja allan misskilning bætti hann því við að Tyrkir væru hið ágætasta fólk. En hver er svo sem að segja að svo sé ekki um Halim?

Slæm vika fyrir...

... Orkuveituna

Í góðri trú auglýstu þeir gömlu líkamsræktartækin sín til sölu: Kálfavél, fótakreppur, kviðvélar, tvo ljósabekki og fleira. Blaðasnápur Vísis kannaði málið og fyrir einhvern undarlegan misskilning hafði hann það eftir starfsmanni OR á Akranesi að tækin hentuðu líklega betur fyrir landsbyggðarfólk en aðra. Þá breyttist hin ágæta bílskúrssala Orkuveitunnar í martröð. Landsbyggðarblöðin sturluðust og Eiríkur Hjálmarsson upplýsingafulltrúi fór í málið. Niðurstaða hans var að ummælin væru uppspuni blaðamanns. Og nú spyrja menn: Er sveitamaðurinn gramari í garð Orkuveitunnar eða Vísis? Því enginn vill eiga reiði landsbyggðarinnar yfir höfði sér.

... Ingibjörgu Þórðardóttur

Fyrir þá sem ekki vita er Ingibjörg formaður Félags fasteignasala. Og þeir eru í djúpum. Sér nú fyrir endann á gríðarlegri velmegun stéttarinnar sem hefur verið í veislu undanfarin ár. En nú er eins og almenningur sé hættur að hlusta á fasteignasala. Fasteignamarkaðurinn hefur snöggkólnað á fyrstu þremur mánuðum ársins og veltan 25 milljörðum minni það sem af er ári miðað við á sama tíma fyrir ári.

... Fóstbræður

Öðru vísi mönnum áður brá en meðal þeirra sem lágu eftir á klippiborðinu þegar Ólafur Jóhannesson, af öllum mönnum, var að ganga frá endanlegri útgáfu myndar sinnar Stóra planið, voru Jón Gnarr, Steinn Ármann, Sigurjón Kjartansson og Þorsteinn Guðmundsson. Fóstbræðurnir, með Radíusívafi, fuku fyrir framvinduna.

Forsetafrúin slær í gegn

Söngfuglinn, fyrirsætan og ný forsetafrú Frakklands, Carla Bruni-Sarkozy, sló rækilega í gegn hjá breskum tískuspekúlöntum þegar hún fór með eiginmanni sínum í opinbera heimsókn til Bretlands fyrir skömmu. Fatastíl hennar var lýst sem óaðfinnanlegum og í anda Jackie Kennedy og virðist sem Bruni hafi risið í vinsældum eftir umdeilt samband hennar við forsetann. Allur fatnaður sem Bruni klæddist í ferðinni var fenginn hjá tískuhúsinu Christian Dior sem fékk sína bestu auglýsingu síðari tíma í kjölfarið. Andstæðingar Sarkozys hafa gagnrýnt valið á Dior vegna tengsla forsetans við viðskiptajöfurinn Bernard Arnault sem á stóran hlut í Dior-húsinu. Hvað sem því líður er ljóst að Carla Bruni-Sarkozy er orðin leiðandi í tískustraumum með sinni klassísku og afar frönsku blöndu af fallega sniðnum kápum, kjólum og flatbotna ballerínuskóm. - amb

HELGARKROSSGÁTAN

MP & BH (111)	SÁLA	VEFJAR-HÖTTUR		SMJAÐRA / TRÉ		KRINGUM	DJAMM									
NÚNA			HEIÐRA / HULDU-MAÐUR													
MORÐS / DANS-LEIKJA						KUSK / FISKUR			VANSKILA / LUMMÓ	GAT						
	VERKFÆRI	ÁTT	HJARTAR-DÝR	ÞVOGL				SAUMSPOR / VELTA		(2)						
ALDIN					AFHENDING / ANGAN						HVOLF / STANDA VIÐ					
				MILDUN					KEPPNI / VÍN					FAÐMLAG		
KLÆÐI / HEILU		HJÁSÓL / FRÍA				BÓL / BARDAGI				BENDA / HLJÓÐFÆRI						
				ANGRA / KAÐALL			GLYRNA / ÍRAFÁR	(4)					ÓNEFNDUR / VANAVERK			
LITUR			(3)		MAKA / DREPA			SIGTI / VEITTU EFTIRFÖR				GALDRA-STAFUR / HVAÐ				
MANN-ÞYRPING			ÓNN			SAMSTÆÐA / DANS					HÍBÝLI / PLAT				BAKKI	
KVK GÆLUNAFN					LANGAR / SKELFING				STEIN-TEGUND / RJÚKA					TÆKIFÆRI		
				SEFA			HJARA / SAMTÖK					VÆTLA / ÓÐ				
										ÓSKAR	(1)					
				SVARA				ÁGÆTI								

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

ENNEMM / SÍA / NM32722

KLASSÍSKAR FERMINGARGJAFIR

Te & kaffi opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga.**

Myndir: Daníel Bergmann og Ester Rut Unnsteinsdóttir

Melrakkasetur Íslands auglýsir eftir hugmyndum að merki (logo)

Merkið þarf að vera einfalt en skýrt og þannig hannað að hægt sé að nota það í lit eða svart-hvítt

Þemað er íslenskur refur

Farið verður yfir allar tillögur en höfundur verðlaunatillögunnar fær að launum **50 þúsund krónur !**

Áhugasamir sendi tillögu(r) , á stafrænu formi (C D), til Melrakkaseturs Íslands, Grundarstræti 3, 420 Súðavík, merkt "samkeppni"
fyrir 1. maí 2008

14:00	MIKAEL LIND SPILAR PÍANÓTÓNLIST Í ANDA SATIE
14:30	JÓN MAGNÚS ÁRNASON LES EIGIN LJÓÐ
15:00	1701 BÝR TIL RAFTÓNLIST AF MIKILLI HÆFNI
15:30	EMIL HJÖRVAR PETERSEN LES EIGIN LJÓÐ
16:00	HLJÓMSVEITIN RÖKKURRÓ ER MEÐ FALLEGT KRÚTT-POPP SEM HEILLAR GESTI UPP ÚR SKÓNUM

– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA gettu betur

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR KEPPIR VIÐ BJÖLLUNA

Ég get verið tapsár. Finnst ekkert skemmtilegt þegar fólk drífur fram spil og leiki í veislum og eitt af því sjónvarpsefni sem ég er lítið hrifin af eru spurningakeppnir. Ég á erfitt með spennuna sem sprettur upp í kringum svona þætti og reyni að draga andann djúpt. Þvottadrengurinn er aftur á móti mjög hrifinn af þeim. Hann tekur sér stöðu og hækkar vel í sjónvarpinu og reynir að svara öllum spurningum. Talar við liðin eins og hann sitji í sjónvarpssal með þeim, bollaleggur meðan klukkan tifar og gleðst hraustlega með sínu liði þegar svarið er rétt. Eins skammast hann og rífst við liðsmenn sína þegar þeir svara rangt, sérstaklega þegar hann vissi rétta svarið og var búinn að öskra það á sjónvarpið áður en tíminn rann út.

Ég tek engan þátt í þessu. Geri bara öðru hvoru meinlegar athugasemdir við hamaganginn í þvottadrengnum og þykist ekkert skilja í honum að sleppa sér svona. Ég get samt ekki fært mig í annað herbergi, er auðvitað að hlusta og svara öllu í huganum.

Málið er að ég þori ekki að leyfa mér að fylgjast með því ég er tapsár. Ég sleppi mér alveg þegar ég tek þátt í svona leikjum og þvottadrengurinn hefur fengið að kenna á því þegar við erum saman í liði. Ég stekk upp í æsingi, rífst og skammast þegar við klúðrum spurningu og er alveg jafn æst þegar við svörum rétt. Ríf í hár mér, slæ frá mér og hrindi þvottadrengnum fram af stól.

Ég verð bara að bæla þetta niður. Anda djúpt þegar Gettu betur, Útsvar eða Skarpari en skólakrakki byrja á skjánum og þvottadrengurinn hefur tekið sér stöðu. Ég tek ekki þátt í þessu og læt ekki spóla mig svona upp. Má ekki láta spóla mig upp. Geri bara meinlegar athugasemdir við vitleysisganginn í þvottadrengnum alltaf hreint.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÚTSÖLU MARKAÐUR SKÍFUNAR SKEIFUNNI 17

Geisladiskar, DVD og leikir á frábæru verði

OPIÐ ALLA HELGINA 11-18

S·K·Í·F·A·N

Kl. 16
Söngvarar úr fjórum kórum í Reykjavík halda tónleika í dag kl. 16 í Sölvhóli, tónleikasal Listaháskóla Íslands, Sölvhólsgötu 13. Öll tónlistin sem flutt verður er samin af kórfélögunum sjálfum undir handleiðslu tónlistarmannsins Gunnars Ben. Flytjendurnir eru félagar úr kórum Iðnskólans í Reykjavík, Menntaskólans við Sund, Kvennaskólans í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum opinn.

menning

menning@frettabladid.is

Krystalstónleikar í dag

Í dag kl. 17 heldur áfram kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðmenningarhúsinu. Flutt verða verk eftir þýska tónskáldið Louis Spohr (1784-1859), en á sinni tíð var honum hiklaust stillt upp við hlið Mozarts og Beethovens þegar talað var um mestu tónskáld samtímans. Spohr var afkastamikið tónskáld, fiðluvirtúós og dáður hljómsveitarstjóri og kennari.

TÓNLIST Ingibjörg, Einar og Katie á æfingu í vikunni. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ/

Þetta verða fjölbreyttir tónleikar þar sem ýmis stíleinkenni hins merka tónskálds fá að njóta sín, en Spohr var þekktur fyrir að tileinka sér hratt strauma og stefnur í tónlist og sér þess vitaskuld stað í verkum hans. Leikinn verður kafli úr Tríói fyrir hörpu, fiðlu og selló, en Spohr skrifaði mikið af verkum þar sem harpa er í áberandi hlutverki, enda eiginkona hans hörpuleikari í fremstu röð. Þá verða flutt þrjú sönglög, og bætist þar sópransöngkonan Ingibjörg Guðjónsdóttir í hóp hljóðfæraleikaranna. Að lokum verður síðan leikinn oktett fyrir fiðlu, tvær víólur, selló, klarínettu, tvö horn og kontrabassa.

Hljóðfæraleikarar á tónleikunum eru Katie Buckley hörpuleikari, Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari, sellóleikarinn Margrét Árnadóttir, Einar Jóhannesson á klarinett, víóluleikararnir Þórunn Ósk Marinósdóttir og Þórarinn Már Baldursson, hornleikarnir Jósef Ognibene og Emil Friðfinnsson og Richard Korn kontrabassaleikari.

Þetta er kjörið tækifæri til að kynnast þessum forvitnilega tónsmið í glæsilegum húsakynnum Þjóðmenningarhússins þar sem andi aldanna svífur yfir vötnum. - pbb

Tilnefningar birtar til Þýðingarverðlaunanna

Í vikunni var tilkynnt um tilnefningar valnefndar til Íslensku þýðingarverðlaunanna sem afhent verða af forseta Íslands á Gljúfrasteini í lok apríl. Í dómnefnd sátu bókmenntafræðingar og blaðamenn, allt valinkunnir fagurkerar á íslenskar og erlendar bókmenntir, þau Silja Aðalsteinsdóttir, Árni Matthíasson og Fríða Björk Ingvarsdóttir.

BÓKMENNTIR Ljóðskáld liggja í þýðingum - Eiríkur Örn tilnefndur

BÓKMENNTIR Sigurður Pálsson líka fyrir frábæra þýðingu á sálfræðitrylli

Tilnefndar bækur til Íslensku þýðingarverðlaunanna 2008 eru eftirtalin verk en þrátt fyrir barlóm útgefenda var kraftur í þýðingum úr erlendum tungumálum, bæði frumþýðingar af þeirri tungu sem verkin voru samin á og eins þýðingar sem snúið er af öðru tungumáli. Verkin eru þessi:

Brandarinn, Milan Kundera. Friðrik Rafnsson þýðir. JPV útgáfa. Brandarinn (Zert) var fyrsta skáldsaga Milans Kundera (1967), myrk saga um það hvernig hefndarhugur eitrar líf ungs manns. Friðrik Rafnsson hefur nú þýtt allar skáldsögur Kunderas og texti Brandarans ber með sér að þýðandinn er nákunnugur stíl höfundar.

Loftskeytamaðurinn, Knut Hamsun. Jón Kalman Stefánsson þýðir. Uppheimar. Loftskeytamaðurinn (Sværmere), ein skemmtilegasta bók Knuts Hamsun, segir frá Ole Rolandsen, drykkfelldum og sjálfumglöðum kvennamanni sem reynist þó eiga óvæntar hliðar. Jón Kalman nýtur þess augljóslega að þýða fyndinn og oft ósvífinn textann.

Módelið, Lars Saabye Christensen. Sigrún Kr. Magnúsdóttir þýðir. Mál og menning. Módelið (Modellen) er um virtan myndlistarmann sem lendir í alvarlegri siðklípu þegar hann stendur frammi fyrir því að verða blindur. Þýðingin fangar vel bæði kurteislegt yfirborð sögunnar og óhugnað undirtextans.

Móðurlaus Brooklyn, Jonathan Lethem. Eiríkur Örn Norðdahl þýðir. Bjartur. Móðurlaus Brooklyn (Motherless Brooklyn) gerist í heimi jaðarfólks í New York. Aðalpersóna og sögumaður þjáist af Tourette-áráttuhegðun sem meðal annars kemur fram í því að hann verður að snúa upp á orð sem hann heyrir og endurtaka þau í endalausum tilbrigðum. Það hefur ekki verið einfalt að endurskapa þennan óskapnað á íslensku.

Skíðaferðin, Emmanuel Carrère. Sigurður Pálsson þýðir. JPV útgáfa. Skíðaferðin (La classe de neige) hans Nicolasar litla byrjar illa og endar enn þá verr, og það er allt pabba hans að kenna. Tónn sögunnar er bernskur en þó mettaður orðlausri skelfingu sem þýðandi nær með miklum ágætum. - pbb

Unglingabækur til umræðu á ráðstefnu

Ráðstefna um barna- og unglingabókmenntir fer fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í Breiðholti í dag á milli kl. 10.30 og 14. Þetta verður í tíunda skipti sem ráðstefnan er haldin og er yfirskrift hennar að þessu sinni „Unglingabókin – meira en bara brjóst og bólur?“

Þátttakendur í ráðstefnunni kafa í heim unglingabókmennta á Íslandi bæði fyrr og nú. Frummælendur eru Ármann Jakobsson, Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir, Kolbrún Björnsdóttir og Kjartan Björnsson. Dagskrárstjórnandi ráðstefnunnar er Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn en áhugasamir geta kynnt sér dagskrá ráðstefnunnar betur á heimasíðu Gerðubergs: www.gerduberg.is - vþ

AÐALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON Dagskrárstjóri ráðstefnu um unglingabækur sem fer fram í Gerðubergi í dag.

LJÓTUR MAÐUR EÐA FALLEG SÁL? Úr leikritinu Sá ljóti sem frumsýnt verður á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í kvöld.

Ljótur maður á fjalirnar

Þjóðleikhúsið frumsýnir í kvöld leikritið Sá ljóti eftir þýska leikskáldið Marius von Mayenburg á Smíðaverkstæðinu í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur. Sá ljóti er nýjasta verk leikskáldsins sem hefur vakið mikla athygli í evrópsku leikhúslífi á undanförnum árum. Verkið er jafnframt fyrsta verk hans sem sviðsett er á Íslandi, en hið metnaðarfulla Útvarpsleikhús Ríkisútvarpsins hefur áður flutt leikrit eftir hann.

Í leikritinu kynnumst við Lárusi sem er óheppilega ljótur. Svo ljótur að honum er meinað að fara á ráðstefnu á vegum fyrirtækisins sem hann vinnur hjá. Sú ákvörðun kemur Lárusi algerlega í opna skjöldu og þegar vinnufélagar hans og eiginkona segjast skilja afstöðu fyrirtækisins fullkomlega tekur hann ákvörðun sem gjörbreytir lífi hans og útliti.

Sá ljóti er kolsvartur gamanleikur um samtímann, bráðsmellinn og martraðarkenndur í senn. Hér er tekist á við brennandi spurningar um samkeppnisþjóðfélag nútímans og fegurðardýrkunina, jafnframt því sem höfundur veltir upp tilvistarlegum spurningum um það hvað við erum í raun, og hvað greinir okkur frá öðrum manneskjum. Er það í raun og veru fallega fólkið sem lifir besta kynlífinu, hefur mestu völdin og upplifir mestu hamingjuna? Ef það er hægt að breyta andlitinu á fólki, af hverju ætti þá einhver að sætta sig við að vera ófríður? Er hægt að vera of fallegur? Leikhópurinn fer hráa og umbúðalausa leið að þessu hárbeitta verki og skapar úr því eftirminnilega sýningu þar sem list leikarans er í fyrirrúmi.

Leikarar í sýningunni eru Dóra Jóhannsdóttir, Jörundur Ragnarsson, Stefán Hallur Stefánsson og Vignir Rafn Valþórsson, en þau stunduðu öll nám á svipuðum tíma við leiklistardeild Listaháskóla Íslands og hafa meðal annars starfað saman áður undir merkjum leikfélagsins Vér morðingjar. Leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir en Sá ljóti er fyrsta leikstjórnarverkefni hennar í Þjóðleikhúsinu. Um leikmynd og búninga sér Stígur Steinþórsson. Hallur Ingólfsson semur tónlist en lýsingu hannar Hörður Ágústsson. Þýðandi verksins er Bjarni Jónsson.

vigdis@frettabladid.is

Færeyskur menningardagur; dans, tónlist og myndlist

Mikil færeysk menningarhátíð verður haldin á Kjarvalsstöðum í dag á milli kl. 14 og 18. Þar koma fram færeyskir tónlistarmenn og dansarar og boðið verður upp á leiðsögn um sýningu á verkum myndlistarmannsins Sámals Mikines. Að auki verður boðið upp á fróðleik um Færeyjar í máli og myndum allan daginn og færeyskir þjóðarréttir kynntir, íslenskum matgæðingum vafalaust til mikillar ánægju.

Hátíðin er haldin í tengslum við sýningu á verkum meistarans Mikines sem staðið hefur yfir á Kjarvalsstöðum undanfarnar vikur, en sýningunni lýkur nú á morgun. Mikines er einn helsti myndlistarmaður sem Færeyjar hafa af sér alið og mætti leggja stöðu hans í hugum Færeyinga að jöfnu við stöðu Kjarvals í hugum okkar Íslendinga. Mikines sótti sér helst innblástur í náttúru, landslag og líf Færeyinga.

Tengsl Íslands og Færeyja ná langt aftur í aldir og spanna hin ýmsu svið menningar og lista. Við undirbúning á sýningunni á verkum Mikines komst á gott samband aðila úr íslensku og færeysku menningarlífi sem skilar sér svo í dag í þessari menningarhátíð.

GRINDARDRÁP Málverk eftir Færeyinginn Samál Mikines.

Dagskrá hátíðarinnar hefst sem fyrr segir kl. 14 í dag með setningarathöfn. Að athöfninni lokinni býður Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur upp á sérlega fróðlega leiðsögn um Mikinessýninguna. Á meðal þess sem einnig verður á boðstólum er brúðuleikritið Vinátta í flutningi Leikbrúðulands Helgu Steffensen, færeysk tónlist í flutningi Tríós Katrínar Petersen, færeysk danssýning sem gestum býðst að taka þátt í og kynning á færeyskum þjóðarréttum á borð við skerpukjöt, rastakjöt, hvalkjöt og hvalspik. Nánar má kynna sér dagskrá hátíðarinnar á vef Listasafns Reykjavíkur: www.listasafnreykjavikur.is

- vþ

Domus Vox

Á morgun kl. 16 munu nemendur á framhaldsstigi í Söngskólanum Domus Vox standa fyrir söngskemmtun í anda Mozarts í húsnæði skólans á Laugavegi 116. Píanóleikari á tónleikunum er Antonía Hevesí, en dagskráin er sett saman af söngkonunni og kennara skólans, Ingu J. Backman. Þá lýkur áttunda starfsári Söngskólans Domus Vox, en hann hefur starfað undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur frá upphafi. Þetta er annar vetur skólans í nýju húsnæði hans á Laugavegi 116. Um þessar mundir eru nemendur skólans ásamt kórfélögum um tvö hundruð og sjötíu talsins. Þrír kórar starfa þar einnig undir sama þaki, kvennakórarnir Vox feminae og Gospelsystur Reykjavíkur og Stúlknakór Reykjavíkur. Nemendur og kórfélagar hafa ærna ástæðu til að fagna á morgun en þá tekur skólinn við myndarlegri gjöf, 150 nýjum stólum frá einum nemanda skólans. Því þótt konur vilji helst standa þegar þær syngja hátt er gott að fá sér sæti á milli. - pbb

SÖNGLIST Margrét J. Pálmadóttir, kórstýra og frumkvöðull, er sprautan á bak við starf Sönghússins Domus Vox.

Sequences í haust

Listahátíðin Sequences 2008 hefst laugardaginn 11. október og lýkur föstudaginn 17. október. Hátíðin verður haldin í þriðja sinn í haust og skarast við Airwaves sem verður á komandi hausti haldin dagana 15.-19. október. Myndlist og tónlist munu því takast í hendur í tvo sólarhringa á komandi hausti. Framkvæmdastjóri Sequences-hátíðarinnar er Tinna Guðmundsdóttir og listrænn stjórnandi Kristín Björk Kristjánsdóttir, betur þekkt sem Kira Kira.

Sequences er sjálfstæð listahátíð sem haldin er árlega. Hún var haldin í fyrsta skipti í Reykjavík árið 2006. Stofnendur hátíðarinnar eru Nýlistasafnið, Kling og Bang, Gallerí Dvergur, Bananananas og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar. Í aðalstjórn Sequences sitja: Dr. Christian Schoen, Nína Magnúsdóttir, Birta Guðjónsdóttir og Daníel Björnsson.

Tilgangur Sequences er að vera leiðandi í að sýna framúrstefnulega myndlist sem einblínir á óhefðbundin rými. Aðaláhersla er lögð á tímatengda list, s.s. gjörninga, myndbandslist, hljóðlist, tónlist, hönnun og samtvinnun þessara miðla. Má vænta að ráðning Kiru Kiru í stöðu listræns stjórnanda hátíðarinnar auki enn hlut tónlistar í dagskrá hátíðarinnar.

Sequences er afsprengi öflugs myndlistarumhverfis á Íslandi og er fyrsta listahátíðin sem sett hefur verið á laggirnar hér á landi sem einblínir eingöngu á myndlist. Yfir tvö hundruð listamenn hafa tekið þátt í hátíðinni sem gefur ungum íslenskum myndlistarmönnum tækifæri til að láta ljós sitt skína og á sama tíma að kynnast listsköpun erlendra myndlistarmanna sem vinna með sömu miðla. Sýningarstaðir hafa verið af mörgum toga og hefur hátíðin teygt anga sína um alla Reykjavík. Ásamt listamannareknum gallerí-um borgarinnar hafa stærri söfn og stofnanir tekið þátt í hátíðinni. Af þeim má nefna Listasafn Reykjavíkur, i8, Safn, Turpentine og Þjóðminjasafnið. Listamenn hátíðarinnar hafa einnig sýnt í óhefðbundnum sýningarrýmunum eins og í verslunum, almenningsrýmum og jafnvel á textavarpinu. Þetta hefur opnað fyrir margar fjölbreyttar tengingar milli listaverksins og áhorfandans.

Fyrir Sequences 2008 hefur tekið til starfa listræn stjórn sem er samansett af átta manns með víðtæka reynslu úr menningargeiranum. Stjórnin mun hafa umsjón með dagskrá Sequences í ár. Í henni sitja Huginn Þór Arason, Birta Guðjónsdóttir, Rebekka Silvía Ragnarsdóttir, Goddur, Katrín Ólína Pétursdóttir, Kristín Björk Kristjánsdóttir, Bjarki Bragason og Andrea Maack. Hefur listræn stjórn hátíðarinnar í haust valið fjörutíu listamenn til þess að skila inn tillögum að verki fyrir hátíðina. Tillögurnar verða síðan teknar til yfirferðar og ákveðin verk valin út frá listrænu inntaki og samspili við umhverfið. Með þessu ferli ætlar stjórnin að leggja áherslu á gæði umfram magn og efla hátíðina sem metnaðarfullt listrænt og rúmfrekt afl.

pbb@frettabladid.is

MYNDLIST Kira Kira, eða Kristín Björk Kristjánsdóttir, höfundur á ýmsum sviðum lista, er listrænn stjórnandi Sequences á komandi hausti.

PENZIM
Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensím-tækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is

Salurinn

FÖSTUD. 4. APRÍL KL. 20 OG LAUG. 5. APRÍL KL. 16 OG KL. 20
SÖKNUÐUR - TÓNLEIKAR Í MINNINGU VILHJÁLMS VILHJÁLMSSONAR.
UPPSELT!

SUNNUD. 6. APRÍL KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR MARGRÉT HRAFNSDÓTTIR OG HRÖNN ÞRÁINSDÓTTIR.
FRUMRAUN Í TÍBRÁ!

ÞRIÐJUD. 8. APRÍL KL. 20
SÖNGUR, FIÐLA, PÍANÓ
BRAGI BERGÞÓRSSON, ELFA RÚN OG KRISTINN ÖRN KRISTINSSON.
TÓNSNILLINGAR MORGUNDAGSINS!

MIÐVIKUD. 9. APRÍL KL. 20
KLARINETT OG PÍANÓ
VÍÐIR SMÁRI PETERSEN.
BURTFARARPRÓF FRÁ TR!

FIMMTUD. 10. APRÍL KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR
HÖRN HRAFNSDÓTTIR OG ANTONÍA HEVESI.

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Ljóðið leikur lausum hala

Verkið Sjöund verður opinberað á Torginu í Þjóðminjasafni Íslands í dag kl. 14. Verkið er eftir Gunnar Hersvein rithöfund og Sóleyju Stefánsdóttur hönnuð og felst í ljóðaumslagi og sjö grafískum ljóðamyndum. Með Sjöund er gerð tilraun til að sleppa ljóðinu lausu úr ljóðabókinni og fólk fær tækifæri til að senda ljóð hvert til annars. Gunnar Hersveinn les upp ljóð við þetta tilefni.

Umslög geyma oftast bréf og á þau er ritað nafn og heimilisfang og frímerki er límt í hægra horn. Sjöund Gunnars Hersveins er umslag sem uppfyllir þessi skilyrði, en er um leið einnig bréf. Móttakandi opnar umslagið, les nokkrar línur frá sendanda og ljóðabókina.

Gunnar Hersveinn er hugvísindamaður sem starfar við miðlun og sköpun sem birtist í ritstörfum, kennslu og blaðamennsku hjá Reykjavíkurborg, Lesbók, Víðskiptablaðinu, Listaháskóla Íslands og JPV útgáfu. Sjöund er fjórða ljóðabók höfundar. Sóley Stefánsdóttir er hönnuður og hugvísindakona sem hefur starfað við grafíska hönnun og rannsóknir innan hönnunar og myndrænnar miðlunar. Í verkinu Sjöund tekst hún, í samvinnu við Gunnar Hersvein, á við að opna möguleika ljóðlistar út fyrir hinar hefðbundnu ljóðabækur. Ljóð og lógó eru af sama meiði og hér gerir Sóley tilraun til að tefla þessum systkinum fram sem einni heild. Ljóð móta heim úr mörgum áttum, rétt eins og myndræn framsetning gerir ætíð. - vþ

GUNNAR HERSVEINN Flytur ljóð í Þjóðminjasafninu í dag í tilefni af sýningu á verkinu Sjöund.

Bókverk leikskólabarna

Sýning á bókverkum sem börnin á elstu deild leikskólans Sæborg unnu í vetur verður opnuð í bókaversluninni Útúrdúr á Njálsgötu 14 í dag kl. 15.

Börnin fengu frjálsar hendur við gerð bókverkanna og spanna þau því breitt svið viðfangsefna. Á meðal þess sem sjá má á sýningunni eru því „sjóræningjabækur“, „prinsessubækur“, „jólasöngvabækur“, „ljósmyndabækur“ og „strumpasögur“. Börnin sáu sjálf um textagerð og myndskreytingu bókanna og er því hver bók persónulegt og einstakt listaverk.

FRJÁLSAR HENDUR Eitt af bókverkunum sem sjá má á sýningunni í Útúrdúr.

Sýningin stendur til 12. apríl næstkomandi. -vþ

SÝNINGIN ÞÍN ER Í BORGARLEIKHÚSINU

PANTAÐU MIÐA NÚNA!

HLÝLEGUR GAMANLEIKUR

GÍTARLEIKARARNIR
Eftir Line Knutzon

FRUMSÝNING Í KVÖLD

Lau. 05. apr. kl. 20.00 - **UPPSELT**
Sun. 06. apr. kl. 20.00 - **UPPSELT**
Lau. 12. apr. kl. 20.00 - **UPPSELT**
Sun. 13. apr. kl. 20.00 - **UPPSELT**
Lau. 19. apr. kl. 20.00 - **UPPSELT**
Sun. 20. apr. kl. 20.00
Lau. 26. apr. kl. 20.00

VINSÆLASTA ROKKÓPERAN

JESUS CHRIST SUPERSTAR
Eftir Tim Rice og Andrew Llyod Webber

ATHUGIÐ SÍÐUSTU SÝNINGAR

Sun. 06. apr. kl. 20.00
Lau. 12. apr. kl. 20.00
Sun. 13. apr. kl. 20.00
Lau. 19. apr. kl. 20.00
Sun. 20. apr. kl. 20.00
Fös. 25. apr. kl. 20.00
Lau. 26. apr. kl. 20.00

BRÁÐFYNDIÐ OG EINLÆGT

HETJUR
Eftir Gerald Sibleyras

ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSARI SÝNINGU!

Lau. 05. apr. kl. 20:00
Lau. 12. apr. kl. 20.00
Sun. 13. apr. kl. 20.00
Lau. 19. apr. kl. 20.00
Sun. 20. apr. kl. 20.00
Lau. 26. apr. kl. 20.00
Sun. 27. apr. kl. 20.00

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Prada-stuttmynd gerir lukku Ítalski hönnuðurinn **Miuccia Prada** gerði stuttmynd sem fylgir vor- og sumarlínu hennar eftir og nefnist „Trembled Blossoms“ (titrandi blómstur). Eftir að hafa vakið mikla hrifningu í Los Angeles fyrir skömmu var hún sýnd á ný í Tókýó. Stuttmyndin sýnir fiðrildi breytast í sólgleraugu á undraverðan hátt. Öllum helstu stórstjörnum Japans var boðið á sýninguna og svo í veglega veislu í kjölfarið í Aoyama Epicenter. Meðal þekktra andlita voru leikkonurnar **Ayumi Ito** og **Maki Sakai** og Babel-stjarnan **Rinko Kikuchi**, allar að sjálfsögðu klæddar í nýjustu Prada-línuna.

stíll

utlit@frettabladid.is

OKKUR LANGAR Í ...

svöl „old-stock“ Porsche sólgleraugu frá Nonnabúð, Laugavegi.

gullfallega og gyllta ballerínuskó frá Taryn Rose. Fást hjá Þráni skóara, Vegamótastíg.

töff hálsklút frá Dead sem er möst við blazerjakka vorsins frá Nonnabúð, Laugavegi.

DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Kurteisi ofar öllu

Eitt finnst mér oft gleymast þegar kemur að fyrirlestrum um góðan stíl. Það er endalaust hægt að predika í blöðum um hvernig á að klæða sig smekklega og hvernig á að fylgja nýjustu tískustraumum (án þess þó að reyna um of). En hvað er stíll ef maður kann ekki góða siði? Hvað er það eiginlega með þessa ágætu þjóð að þurfa alltaf að troða sér fram fyrir alla, biðja aldrei kurteislega um nokkurn hlut, þakka ekki fyrir sig, né sýna neitt sem ber vott af siðmenningu og herramennsku? Nú er ég alls ekki týpan sem ætlast til þess að karlmenn borgi fyrir mig kvöldverð né opni fyrir mér dyr, en hér í borg er vaninn frekar sá að hurðinni sé skellt, allhranalega, beint í andlitið á mér. Börn sem ég þekki ekkert eru gjörn á að ávarpa mig með þjósti og frekju og nota aðeins boðhátt. „Gefðu mér að borða, ég er svöng,“ er dæmi um slíka setninganotkun en þegar ég var lítil var manni kennt að biðja pent og kurteislega. Þá bar maður virðingu fyrir fullorðnu fólki og var bara frekar feiminn við það. Núna er eðlilegt að skipa manni fyrir eða ræða um hversu ömurlegan smekk maður hafi á sjónvarpstækjum. Ljótur orðaforði hjá hvaða aldurshópi sem er fer líka óstjórnlega í taugarnar á mér, hvort sem það eru karlmenn, konur eða börn, og ég vildi að fleiri væru meðvitaðir um hversu mikill sjarmi er falinn í því að nota íslenskuna rétt. Á skjánum segja okkar ágætu sjónvarps„stjörnur“ hluti eins og ÉG VILL í stað ég vil og STÆÐSTA húsið í stað þess stærsta og svo þjást afar margir af þústarveikinni eins og ég kalla hana. Þið vitið, þú veist, þú veist í öðru hvoru orði. Annað sem mér finnst að ætti að skrifa bók um er endalaus notkun tyggigúmmís á landinu. Wrigley‘s hlýtur að stórgræða á okkur miðað við tyggjóklessurnar sem skreyta götur miðborgarinnar. Hættum að agnúast út í graffarana og sektum fólk fyrir að henda tyggjói á gangstéttina. Svo er varla hægt að tala við afgreiðslumanneskju í búð nema hún tali í gegnum tyggjójapl. Meira að segja ansi fullorðnar konur láta smella í tyggjói við furðulegustu tækifæri: í boðum, á hárgreiðslustofum eða jafnvel í símann þegar þær tala við fólk. Hefur enginn tekið eftir því að tyggjótyggerí setur svona undarlega tómlegan svip á andlitið, rétt eins og kýr á beit? Svo, að síðustu, er bara nokkuð sem er svona almenn ókurteisi, þegar fólk yfirheyrir mann um fáránlegustu hluti eða lætur hvað sem er detta út úr sér. Fólk hittir kannski bekkjarfélaga sína eftir tíu ár og segir: „Nei, ég þekkti þig ekki aftur, þú varst einu sinni svo flott,“ eða „Þú ættir nú ekki að borða franskar kartöflur í þinni vigt,“ og þar fram eftir götunum. Svo ég tali nú ekki um liðið sem virðist hafa áhyggjur af giftingum og barneigum annarra, svo miklar að þetta er það eina sem það spyr um. „Manners before morals,“ sagði snillingurinn Oscar Wilde í Lady Windermere‘s Fan. Ég geng nú ekki svo langt að segja að kurteisi sé framar siðgæði, en kurteisi fegrar og hún kostar jú ekki neitt.

STÍLHREINT Smart grá kápa með svörtum bryddingum við há leðurstígvel frá Etro.

ALKLÆÐNAÐUR Fyrirsætan Freja Beha Ericssen lítur út eins og bandarískur flughermaður á tískupalli Moschino fyrir haust og vetur 2008.

HERNÁM Á TÍSKUPÖLLUNUM

Ítalskir hönnuðir sóttu óspart innblástur til hermennsku fyrir næsta haust og vetur. Herklæði sáust í ýmsum myndum, allt frá spælum á öxlum, orðum og gylltum hnöppum hjá Moschino yfir í rússneskan kósakkastíl hjá Gucci. Mikilvægt er að ná sér í fallega sniðinn hermannalegan jakka til að nota við aðsniðnar buxur eða síð pils.

amb@frettabladid.is

AÐSNIÐIÐ Falleg flauelsföt með rússnesku hermannaívafi frá Gucci fyrir haust og vetur 2008.

KÓSAKKI Falleg hvít skyrta með víðum ermum í rússneskum stíl frá Gucci.

STRÍÐSHRJÁÐ Dásamlegur hvítur hermannajakki við svartar buxur og kósakkaskyrtu hjá Gucci.

HERMANNARAUTT Sláandi fögur eldrauð kápa í hermannastíl frá Gucci.



Vor í Kaupmannahöfn!

Come2 Scandinavia er með tvær íbúðir í miðborg Kaupmannahafnar. Einungis 15mín gangur að Ráðhústorgi. Þetta er frábær og ódýr lausn fyrir hópa og fjölskyldur sem vilja hafa það gott yfir helgi eða viku í Köben. Erum einnig með góð verð á bílaleigubílum.

Nánari upplýsingar á www.come2scandinavia.com

COME 2 SCANDINAVIA

Sími: +45 3325 6425 • Netfang: info@come2scandinavia.com

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

ego dekor

Borðstofuskenkur
Tvær stærðir:
Br:180xD:50xH:85
Br:240xD:50xH:85
Verð frá: 124.000,-
Einnig fáanlegur í svörtu háglans

Borðstofuborð
Stærð: 200x100
Einnig fáanlegt í svörtu háglans
Verð: 98.000,-

HÁGLANS HÚSGÖGN Í HVÍTU OG SVÖRTU

Bókaskápur - eik
Stærð: Br:240cmxD:35cmxH170cm
Einnig fáanlegur með
svartri háglans hurð
Verð: 176.000,-

Zen leðurstóll
Verð: 16.500,-

Sjónvarpsskenkur
Einnig fáanlegur í svörtu háglans
þrjár stærðir
Verð frá: 77.000,-

Tito sófaborð
Stærð: 140cmx70cm
Einnig fáanlegt í svörtu, rauðu
og sandbrúnu háglans
Verð: 48.000,-

Quant skápur
stærð: Br:100cmxD:40cmxH105cm
Einnig fáanlegur í svörtu, rauðu
og sandbrúnu háglans.
Verð: 77.000,-

Rio stóll
Fáanlegur í svörtum, brúnum, hvítum,
rauðum og fjólubláum lit.
Verð: 14.800,-

Pink Dream tungusófi
Stærð: 360X150XTungubr:152
Fáanlegur í tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Verð: 198.000,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

> ENDURFUNDIR

Lost-parið Evangeline Lilly og Dominic Monaghan hafa tekið saman að nýju. Þau kynntust við tökur á Lost-þáttaröðinni, en skildu að skiptum skömmu eftir að persónu Monaghan í þáttunum var komið fyrir kattarnef. Fjórir mánuðir í sundur reyndust hins vegar of erfiðir og parið er komið saman aftur.

fólk

folk@frettabladid.is

Samið um frið í Morfísstríði

Fulltrúar MR og MH skrifuðu í gær undir friðarsamkomulag þess efnis að sátt skyldi ríkja milli þessara stríðandi fylkinga síðustu klukkustundirnar fyrir úrslitaviðureign Morfís milli skólanna í kvöld. Keppnin hefst klukkan átta og fer fram í Háskólabíói. Á meðan á keppninni stendur mega áhangendur ræðuliðanna hvetja sitt lið með drengilegum hætti. Um leið og tilkynnt er hverjir hafa borið sigur úr býtum á hins vegar að ríkja sátt og samlyndi milli skólanna.

Ekki mátti miklu muna að upp úr syði á nýjan leik í gær þegar íþróttahúsinu sem MH-ingar afhentu keppinautum sínum á fimmtudag var skilað aftur, nokkuð löskuðu. MH-ingar töldu MR-inga hafa sýnt sér mikla móðgun með þessu athæfi sínu en leiðtogum hinna stríðandi fylkinga tókst að róa mannskapinn. Að sögn talsmanns herliðs MR-inga var það ekki ætlunin að lítilsvirða gjöfina heldur var einfaldlega ekki pláss fyrir húsið í gamla skólanum.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu undanfarna viku hafa nemendur skólanna beitt öllum brögðum til að koma höggi á andstæðinga sína. Grunnt var á því góða því MH-ingar voru aðeins hársbreidd frá því að vera kærðir sökum ítrekaðra brota á reglum Morfís. - fgg

BROTHÆTTUR FRIÐUR Melkorka Rut, gjaldkeri nemendafélags MH, og Magnús Þór, forseti Framtíðarinnar, undirrita friðarsamkomulag við Tjörnina í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Brad Pitt mun að öllum líkindum fara með hlutverk **Percys Fawcett** í væntanlegri mynd um ævintýri hans, en Fawcett er sagður hafa verið fyrirmynd eilífðartöffarans **Indiana Jones**. Hann hvarf árið 1825, þá á ferð um frumskóga Amazon. Myndin mun kallast Lost City of Z og segir söguna af þessari miður vel heppnuðu för Fawcetts.

Nýr vefur
Golfsamfélag
fyrir *alla* kylfinga
golfspjall.is

Brjáladist í flugvél

Ofurfyrirsætunni Naomi Campell hefur verið sleppt lausri gegn tryggingargjaldi eftir að hún var handtekin grunuð um að hafa ráðist á lögregluþjón. Atvikið átti sér stað á Heathrow-flugvellinum í London.

„Lögreglan fór inn í flugvél British Airways og fjarlægði einn farþega," sagði talsmaður British Airways. Skömmu áður hafði fyrirsætan fengið þau tíðindi að önnur af tveimur töskum hennar hefði týnst á flugvellinum og virðist hún hafa misst stjórn á sér við það. Campell hefur löngum átt í vandræðum með skap sitt og virðist síður en svo vera að mýkjast með aldrinum.

NAOMI CAMPELL Ofurfyrirsætan hefur löngum átt í vandræðum með skap sitt.

Oliver tekið fagnandi

Það var margt um manninn þegar veitinga- og skemmtistaðurinn Oliver var opnaður að nýju eftir yfirhalningu. Boðsgestir virtust hinir ánægðustu með útkomuna og miðað við fjölda gesta virðist breyttur og bættur staður eiga upp á pallborðið hjá breiðum hópi landsmanna.

MANNMERGÐ Það er óhætt að segja að það hafi verið margt um manninn þegar Oliver var opnaður að nýju í breyttum og bættum búningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hanna og Margrét Ósk.

Lára og Sirrý.

Elísabet Cochran hönnuður, Guðjón Bjarnason arkitekt og Erla Þórarinsdóttir myndlistarmaður.

Sóley hjá Emm, Snorri úr Sprengjuhöllinni og Jón Atli hárdoktor.

www.17juni.is

Frá sýningu götuleikhússins 2007

Skemmtiatriði á 17. júní

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Auk hefðbundinna skemmtiatriða er áhugi á hópatriðum og sýningum og er leitað að leik-, tónlistar-, dans- og öðrum listhópum til að troða upp á útisviðum og á götunni. Einnig er óskað eftir hópum, félagasamtökum og öðrum sem vilja standa fyrir eigin dagskrá á sviðum eða í samkomutjöldum í samráði við þjóðhátíðarnefnd.

Umsóknir um flutning atriða, uppákomur og viðburði er hægt að fylla út á vefnum www.17juni.is en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást.
Umsóknarfrestur rennur út þriðjudaginn 6. maí.

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is 17juni.is

Debenhams er langstærsta verslun með hágæða tískuvöru á Íslandi, á fjórða þúsund fermetrar á tveimur hæðum í Smáralind.

Meginmarkmið fyrirtækisins er að bjóða allt í HINN FULLKOMNA FATASKÁP, auk snyrtivöru og fylgihluta.

Í Debenhams fást nú öll helstu merki tískuvöru í heiminum í dag. Um helmingur varanna eru merki Debenhams, s.s. Red Herring, Maine, J.Taylor, Babbleboom, Ted Baker, Ticket to Heaven, Tigerlilly, Collection, Collection Petite og Casual Club.

Auk þess vinna þekktir fatahönnuðir undir merkinu Designers at Debenhams. **Þeir eru** John Rocha, Jasper Conran, Julian Mcdonald og Betty Jackson.

Meðal annarra þekktra alþjóðlegra merkja í Debenhams má nefna: Mexx, Esprit Collection, Esprit Casual, Esprit EDC, Cottonfield, 66 N, Jackpot, Pilgrim, Part Two, Gerry Weber, Turnover, Solid, 66°N, Bruuns Bazaar, Tamaris, Imperial, InWear, Deca, BZR, IKKS, Matinique, Gardeur, Finucci, Polo frá Ralph Lauren, Boss, Sand, Oasis, Jane Norman, Sisley, Wallis, Warehouse, Park, Friis & Company, Femilet, Triumph, Mac, Estee Lauder, Clinique, Shiseido, Lancome, Helena Rubenstein, Biotherm, Origins, Kanebo, Clarins.

Viltu vinna í Debenhams?

Okkur vantar:

- Förðunar- eða snyrtifræðing í snyrtivörudeild
- Starfsmann í dömudeild/ barnadeild/ herradeild

Vinnutími: Fjórir virkir dagar í viku frá kl. 11 til 19 og önnur hver helgi.
Umsækjendur verða að vera orðnir 25 ára.
Umsóknarfrestur til 21. apríl.

Umóknir berist til Svans Valgeirssonar rekstrarstjóra (svanur@debenhams.is) eða í verslunina í Smáralind.
Umsóknareyðublöð fást á kassavæðum í versluninni.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

PENSILL Í MUNNI Eftir slysið var Ólöf lömuð en lét það ekki stöðva sig í að sinna list sinni.

Minningarþáttur um Ólöfu Pétursdóttur

Næsti þáttur Sjálfstæðs fólks er með sérstæðara móti. Jón Ársæll fjallar um Ólöfu Pétursdóttur sem jarðsett var fyrir viku.

„Þetta er mjög sérstakt mál. Við erum búnir að fylgjast með Ólöfu frá því í sumar. Fréttum að hún væri farin að mála á ný eftir slysið. Þá kemur í ljós að aðferð hennar er að mála með pensilinn í munni sér," segir Jón Ársæll sjónvarpsmaður.

Á sunnudagskvöldið er á dagskrá Stöðvar 2 einstakur þáttur í viðtalsþáttaröðinni Sjálfstætt fólk. Hann fjallar um Ólöfu Pétursdóttur sem var jarðsett fyrir viku. Greint er frá hetjulegri baráttu hennar en Ólöf lamaðist þegar hestur hennar hnaut og hún féll af baki sumarið 2006. Í samráði við fjölskyldu Ólafar ákvað Jón Ársæll að ljúka við gerð þáttarins og er hann nú sýndur til að heiðra minningu Ólafar en eiginmaður hennar er Friðrik Pálsson, fyrrverandi stjórnarformaður Landsímans. Jón Ársæll hélt áfram að heimsækja Ólöfu og ræða við allt til dauðadags.

„Það var mikið áfall að missa þessa konu sem var í blóma lífsins þrátt fyrir lömun," segir Jón Ársæll sem telur sig ríkari að hafa fengið að kynnast henni. Hann neitar því að þetta hafi tekið á hann þrátt fyrir harm sem getur og fylgir erfiðleikum og andláti. „Nei, því það var stöðug birta í kringum Ólöfu. Hún leit á erfiðleikana sem verkefni, leysti þá í sjálfu sér og það smitaði út frá sér. Ég sjálfur stóð ekki frammi fyrir sorg heldur í hina áttina þannig að ég fékk trú á manninn eftir að hafa kynnst Ólöfu. Hún sigraðist á erfiðleikum á glæsilegan hátt."

Jón Ársæll segir það hafa skipt miklu máli að fjölskylda Ólafar sem og hún sjálf komu afskaplega hreint fram og forðuðust að skoða þá stöðu sem uppi var á of tilfinningalegum nótum heldur tóku henni með æðruleysi. „Ólöf var einstakur persónuleiki og sérfræðingur í að skilja hismið frá kjarnanum," segir Jón en á ekkert svar við þeirri spurningu hvar þröskuldurinn liggi þegar fjölmiðlar eru annars vegar – sem oft eru sakaðir um að fara yfir ákveðin mörk í þeim efnum. Jóni Ársæli er það einkar lagið að fjalla um persónuleg og viðkvæm málefni þannig að allir telja sig mega vel við una. „Ég reyni að vinna starf mitt, hvert sem það er, eins vel og unnt er. Umgangast fólk eins og manneskjur og hlusta á það."

jakob@frettabladid.is

JÓN ÁRSÆLL Næsti þáttur hans er með óvenjulegu móti en þar ræðir hann við Ólöfu Pétursdóttur sem nú er látin.

ÓLÖF PÉTURSDÓTTIR Jón Ársæll fylgdist með henni allt frá í sumar og greinir frá hetjulegri baráttu hennar.

Friðrik Örn býður fólki í þyrluferð

„Ég gerði bara samning við Þyrluþjónustuna og þeir taka bara sinn hlut af söluverði myndarinnar," segir ljósmyndarinn Friðrik Örn Hjaltested. Hann opnar sýningu í dag í verslun Sævars Karls og hyggst bjóða öllum þeim sem kaupa mynd þann daginn í þyrluferð um Reykjavík. Áhugasamir þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að reiða fram fúlgur fjár fyrir myndirnar og komast þar með í þyrluflugið því hver mynd kostar aðeins 88 þúsund krónur. Að sögn Friðriks eru myndirnar stórar og aðeins eru til tvö eintök af hverri.

Myndirnar á sýningunni eru allar teknar úr þyrlu og Friðrik segir að hugmyndin hafi kviknað þegar margir ræddu við hann um möguleikann á þyrluflugi. „Fólki fannst þetta mjög spennandi, þegar maður kom úr fluginu, veðurbarinn og vel klæddur. En flestir létu aldrei verða neitt úr þessu en gefst núna tækifæri til að láta drauminn rætast," segir Friðrik. Sýningin hefst klukkan eitt og stendur til klukkan fjögur.

- fgg

HÁLFUR ÚTÚR ÞYRLUNNI Friðrik Örn smellir mynd af Reykjavík og er hálfur útúr þyrlunni.

FRIÐRIK ÖRN Býður þeim sem kaupa af sér mynd í þyrluferð í dag.



Þjáning Bítlakvenna

YOKO ONO Ekkja Johns Lennon segir ekki auðvelt fyrir konur að tengjast Bítlunum.

Yoko Ono, ekkja Bítilsins Johns Lennon, segir það ekki hafa verið auðvelt hlutskipti fyrir konur að tengjast Bítlunum. „Ég held að allar eiginkonurnar hafi þjáðst án þess að mikið bæri á því. Þær þjáðust en héldu engu að síður út, myndi ég segja," sagði Yoko. Bætti hún við að hún vorkenndi Paul McCartney vegna skilnaðar hans við Heather Mills. Telur hún jafnframt að Mills þurfi að gera sitt besta og reyna að komast í gegnum sín mál. „Varðandi þau bæði þá er mjög erfitt fyrir par að ganga í gegnum svona lagað, sérstaklega fyrir fólk sem er þekkt og fylgst er með hverju fótspori þeirra," sagði hún.

Yoko hefur ekkert talað við Paul eftir skilnaðinn við Mills enda telur hún að hann vilji ekki ræða það mál meira en þörf krefur. „Það eina sem ég get sagt er að það er ekkert auðvelt fyrir konur að tengjast Bítlunum."

Ætlar ekki að gefast upp

Breski leikarinn Daniel Craig segist ætla að halda áfram að leika James Bond eins lengi og kostur er. „Ég ætla að halda áfram að leika Bond eins lengi og liðamótin mín segja til um," sagði hinn fertugi Craig. „Ég ætla mér ekki að gefast upp alveg strax."

QUANTUM OF SOLACE Daniel Craig í nýju Bond-myndinni.

Upptökur á 22. Bond-myndinni, Quantum of Solace, standa nú yfir og er myndin væntanleg í október. Þetta verður í annað sinn sem Craig leikur njósnara hennar hátignar, OO7. „Við leikum í hverju hasaratriðinu á fætur öðru. Við lékum í bardagaatriði þar sem maður fellur í lausu lofti í gegnum vindgöng. Það var erfitt," sagði Craig, sem lék einnig í afar krefjandi flugatriði, sem var tvo mánuði í undirbúningi.

Aftur og aftur og aftur

Forseti Bandaríkjanna er ráðinn af dögum þegar hann er í heimsókn í Mexíkó og hefst leitin að morðinga hans.

Þær eru ekki margar myndirnar í dag sem líkjast meistaraverki á borð við Rashomon í leikstjórn Akira Kurusawa, en vísað er í hana í opinberum söguþræði Vantage Point. Í báðum myndum er fjallað um einn atburð frá mörgum sjónarhornum. Að ráðast í slíkt verkefni er asni öflugt og spennandi að vita hvort myndin gengi í raun upp. Pete Travis og Barry Levy eru báðir að þreyta frumraun sína á hvíta tjaldinu; Travis sem leikstjóri og Levy sem handritshöfundur.

Hugmyndin að baki myndinni, að fylgjast með nokkrum einstaklingum og „aðild" þeirra að morði á forseta Bandaríkjanna, er fín ef áhorfendur hafa lítið sem ekkert horft á sjónvarpsþættina 24. Fyrsta og annað sjónarhornið er næstum því alveg eins og ekki batnar það eftir þriðja sjónarhornið. Sama klipping, hraðspólun aftur á bak og klukka birtist á skjánum fyrir hvert einasta sjónarhorn, sem þreytist og verður fljótt leiðigjarnt.

Þær eru óháar stjörnurnar sem eru í aðalhlutverkum í Vantage Point; Dennis Quaid, Forest Whitaker, William Hurt, Matthew Fox og Sigourney Weaver. Stjörnurnar eru nú í misstórum hlutverkum, Weaver leikur nú bara smáhlutverk og beið ég spenntur alla myndina eftir að Fox (úr Lost-þáttunum) tæki á sínum stóra en svo varð aldrei. Hurt stendur ávallt fyrir sínu meðan persónu hans Whitaker er ofaukið og hann verður hálf asnalegur í sinni rullu.

Atli Örvarsson sér um tónlistina í myndinni og er þetta fyrsta „stórmyndin" þar sem hann er fremstur á víglínunni, en hann vann áður með meistara Hans Zimmer. Tónlistin er afar áberandi og þá sérstaklega í spennuatriðunum þar sem hún fer fram úr öllum væntingum.

Í Vantage Point eru í raun fínustu spennuatriði en hún dregst á langinn með sífelldum endurtekningum. Hún minnir örlítið á gamanmyndina Groundhog Day, þar sem áhorfendur fylgdust með Bill Murray upplifa sama daginn aftur og aftur – nema í Vantage Point tapar myndin áhorfendum sínum með hverju nýju atriði og verður aldrei fyndin.

KVIKMYNDIR

Vantage Point

Leikstjóri: Pete Travis. Aðalhlutverk: Dennis Quaid, William Hurt, Matthew Fox, Sigourney Weaver, Forest Whitaker.

★★

Stórleikarar ná ekki að bjarga þessari spennumynd, sem verður langdregin með sífelldum endurtekningum.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is



NÚ Á 2 STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RAFMAGNSVERKFÆRI

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

1290-
BORVÉL 500W

3990-
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

2995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V

1295-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN

4995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V

5890-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W

4995-
BELTASLÍPIVÉL 900W

2290-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM

2990-
RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

1290-
HLEÐSLUBORVÉL 12V

1390-
STINGSÖG 350W

1490-
SLÍPIROKKUR 600W

9990-
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W

15.948-
RAFSUÐA

12.900-
KEÐJUSÖG RAFM.

2950-
HJÓLSÖG 1400W

17.988-
BÚTSÖG 2100W

RAFSTÖÐVAR
800W **19900-**
2200W **34900-**
5500W **59500-**

1995-
SLÍPIMÚS

2995-
FRÆSARI

4995-
BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

> Stórmót í badminton og sundi

Meistaramót Íslands í badminton hófst í gær í TBR-húsunum við Gnoðarvog og stendur yfir um helgina. Mótið er hápunktur vetrarins hjá íslensku badmintonfólki en úrslitaleikir í öllum flokkum verða leiknir á morgun, sunnudag. Ragna Ingólfsdóttir, margfaldur íslandsmeistari í badminton, mun að öllum líkindum geta tekið þátt í öllum greinum í sínum flokki en hún meiddist í síðasta mánuði á móti í Króatíu og hefur verið í endurhæfingu síðan þá. Íslenskt sundfólk verður einnig í eldlínunni um helgina þar sem Íslandsmótið í 50 metra laug hófst í Laugardalslaug í gær og stendur einnig yfir um helgina.

sport

sport@frettabladid.is

BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON, FRAM: ER AÐ ÖLLUM LÍKINDUM Á LEIÐ TIL 2. DEILDAR LIÐS BITTENFELD Í ÞÝSKALANDI

Kominn tími á að ég takist á við nýja áskorun

Markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson hjá Fram er nýkominn frá Þýskalandi þar sem hann var að skoða aðstæður hjá Bittenfeld sem leikur í suðurriðli í 2. deild þar í landi.

„Ég vissi í raun ekki við hverju ég ætti að búast þegar ég fór út þar sem liðið er nýliði í 2. deildinni og er ekkert að gera neitt allt of góða hluti þar. Félagið kom mér hins vegar skemmtilega á óvart; mér leist mjög vel á allar aðstæður þar og mikið er lagt upp úr allri umgjörð í kringum liðið. Bittenfeld hefur farið upp um fjórar deildir á síðustu fimm árum og það er greinilega mikill metnaður í kringum félagið, en liðið sjálft er ungt og efnilegt," sagði Björgvin Páll, sem telur tíma til kominn að breyta aðeins um umhverfi og prófa eitthvað nýtt.

„Ég er náttúrlega bara tæplega 23 ára gamall, sem er mjög ungt að markvarðarárum, en mér finnst vera kominn tími á að ég takist á við nýja áskorun á mínum ferli. Ég held að það sé líka rétt ákvörðun hjá mér að vera ekkert að fara fram úr mér heldur fara til liðs þar sem ég á góðan möguleika á því að spila mikið og get þar af leiðandi tekið framförum og bætt minn leik. Ég er búinn að fá á mig sömu skotin í íslensku deildinni undanfarin ár og ég held að það verði mjög hollt fyrir mig sem markvörð að prófa að leika í Þýskalandi," sagði Björgvin Páll, sem á ekki von á því að Fram stæði í vegi fyrir því að hann færi til Bittenfeld.

„Ég er samningsbundinn Fram í eitt ár til viðbótar og mun klára tímabilið í N1-deildinni í ár en ég hef þegar spjallað við forráðamenn Fram og þeir skilja alveg að ég vilji reyna mig í Þýskalandi. Ég á því von á að félögin tvö komist að samkomulagi áður en langt um líður," sagði Björgvin Páll, sem vonast til að félagaskiptin hjálpi honum að festa sig í sessi í landsliði Íslands.

„Ég stefni auðvitað á að fá fleiri tækifæri með landsliðinu og ég held að þetta sé góð ákvörðun upp á það að gera líka, þannig að þetta gengur vonandi eftir," sagði Björgvin Páll að lokum.

BARÁTTA Arsenal er enn með í titilbaráttunni en Liverpool siglir lygnan sjó í fjórða sæti. NORDIC PHOTOS/GETTY

Arsenal og Liverpool mætast:

Sjö daga stríðið heldur áfram

FÓTBOLTI Arsenal fær Liverpool í heimsókn á Emirates-leikvanginn í dag í annað skiptið á fjórum dögum. Að þessu sinni er það í ensku úrvalsdeildinnni þar sem liðin eru sem stendur í þriðja og fjórða sæti.

Arsenal hefur ekki sagt sitt síðasta í titilbaráttunni og þarf nauðsynlega á sigri að halda til þess að hanga í toppliði Manchester United. Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, getur því tæplega leyft sér að hvíla lykilmenn. Robin van Persie getur ekki leikið vegna meiðsla og Abou Diaby tekur út leikbann.

Liverpool situr hins vegar sem fastast í fjórða sætinu og er átta stigum á eftir Arsenal og fimm stigum fyrir ofan erkifjendurna í Everton sem eru í fimmta sæti. Rafa Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, mun því líklega hrista upp í leikmannahópi sínum og leyfa sér að gera nokkrar breytingar til þess að hvíla lykilmenn fyrir seinni leik liðanna í Meistaradeildinni á þriðjudaginn næstkomandi.

Javier Mascherano verður í banni en breskir fjölmiðlar leiða líkur að því að tvíeykið öfluga, Fernando Torres og Steven Gerrard, verði hvílt og jafnvel muni Peter Crouch og Andriy Voronin byrja í fremstu víglínu.

„Ég verð að gera breytingar. Ég get ekki búist við því að leikmenn geti spilað þrjá leiki á sjö dögum, það er útilokað," sagði Benitez á blaðamannafundi í gær. - óþ

Þorleifur sprakk út gegn Sköllunum

Grindvíkingurinn Þorleifur Ólafsson var sá leikmaður í átta liða úrslitum Iceland Express-deildar karla sem bætti mest sinn leik frá því í deildarkeppninni. Fréttablaðið fór yfir framistöðu leikmanna.

KÖRFUBOLTI Keflavík, Grindavík, Snæfell og ÍR voru sigurvegarar átta liða úrslita Iceland Express-deildar karla og eru komin inn í undanúrslitin en Fréttablaðið hefur nú skoðað hvaða leikmenn stóðust prófið og gott betur þegar alvaran skall á, spennustigð hækkaði og liðin voru farin að spila um það að vinna Íslandsmeistaratitilinn eða fara í sumarfrí.

Það er 23 ára Grindvíkingur, Þorleifur Ólafsson, sem er sprunginn út og það var ekki nóg með að hann hækkaði sig mest allra í framlagi frá því í deildarkeppninni heldur var hann einnig sá íslenski leikmaður sem var með hæsta framlagið í átta liða úrslitunum. Þorleifur var með 19,7 stig, 5,7 fráköst og 4,0 stoðsendingar að meðaltali í leikjunum þremur og hækkaði sig bæði í stigum og framlagi í hverjum leik. Þorleifur var með 30 stig í oddaleiknum þar sem hann hitti úr 13 af 17 skotum sínum, þar af 4 af 6 fyrir utan þriggja stiga línuna.

AÐ SPILA VEL Grindvíkingurinn Þorleifur Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flake valinn bestur

Darrell Flake úr Skallagrími var með hæsta framlag í leik af leikmönnum átta liða úrslitanna en fjórir hæstu leikmenn á þeim lista urðu allir að sætta sig við að detta úr keppni. Þeim Flake, Milojica Zekovic (Skallagrími), Joshua Helm (KR) og Damon Bailey (Njarðvík) er því ekki að kenna hvernig fór því þeir skiluð sínu. Flake (25,0 stig, 12,7 fráköst og 56,1 prósent skotnýting) og Zekovic (27,3 stig, 7,3 fráköst og 65,4 prósent skotnýting) voru saman með 52,3 stig og 20 fráköst að meðaltali í leik.

Hæstur á listanum yfir þá sem komust áfram í undanúrslit er danski leikstjórnandinn hjá Grindavík, Adama Darboe, sem er rétt á undan Justin Shouse hjá Snæfelli. Adama var í fjórða sæti yfir þá sem hækkuðu framlag sitt mest en hann var með 19,3 stig og 8,7 stoðsendingar að meðaltali í leikjunum þremur gegn Skallagrími auk þess sem hann sá til þess að Alan Fall, franski leikstjórnandinn hjá Borgnesingum, lækkaði sitt framlag talsvert frá því í deildarkeppninni.

Menn hjá Njarðvík höfðu mestar áhyggjur af stóru mönnunum sínum eftir að landsliðsmiðherjinn Friðrik Stefánsson datt út en það voru hins vegar bakverðirnir sem brugðust. Brenton Birmingham og Hörður Axel Vilhjálmsson voru báðir meðal þeirra fimm sem lækkuðu sig mest frá því í deildarkeppninni og fóru saman niður um 23,7 framlagsstig í leik. Hér munar mestu um að þeir hittu ekki neitt og voru saman með aðeins 26,5 prósenta skotnýtingu (9 af 34) í leikjunum tveimur á móti Snæfelli.

Óðinn gaf mikið eftir

Það var hins vegar Akureyringurinn Óðinn Ásgeirsson sem olli mestum vonbrigðum í átta liða úrslitunum en hann lækkaði um 13,8 framlagsstig frá því í deildarkeppninni.

Óðinn var aðeins með 1,5 framlagsstig í leik gegn Keflavík en hann var með með 6,0 stig (15,1 í deildinni), 4,0 fráköst (7,0) og 26,1 prósenta skotnýtingu (46,5 prósent) í leikjunum tveimur. Þórsarar fengu fín framlög frá útlendingunum sínum en vantaði nauðsynlega meira frá sínum besta íslenska leikmanni.

Sá atvinnumaður sem brást var hins vegar Grindvíkingurinn Jamaal Williams, sem lækkaði um heil 11,3 framlagsstig í leik á sama tíma og landi hans í liði Skallagríms, Darrell Flake, var með hæsta framlag allra leikmanna. Grindvíkingar þurfa talsvert meira frá Jamaal ætli þeir sér að slá Snæfellinga út í undanúrslitunum. ooj@frettabladid.is

FRAMMISTAÐA LEIKMANNA Í 8 LIÐA ÚRSLITUM ICELAND EXPRESS KARLA

Hæsta framlag í leik

1. Darrell Flake, Skallagrími	31,3
2. Milojica Zekovic, Skallagr.	29,0
3. Joshua Helm, KR	26,7
4. Damon Bailey, Njarðvík	25,5
5. Adama Darboe, Grindavík	25,3
6. Justin Shouse, Snæfell	25,0
7. Nate Brown, ÍR	24,3
7. Andrew Fogel, KR	24,3
9. Þorleifur Ólafsson, Grindavík	23,0
10. Cedric Isom, Þór Ak.	22,0

Hver gaf mest í (Mesta hækkun á framlagi frá því í deildinni)

Þorleifur Ólafsson, Grindavík	+11,7
Arnar Freyr Jónsson, Keflavík	+11,1
Milojica Zekovic, Skallagrími	+10,5
Adama Darboe, Grindavík	+9,7
Helgi Jónas Guðfinnss., Grind.	+8,2
Andrew Fogel, KR	+7,3
Axel Kárason, Skallagrími	+4,6
Magni Hafsteinsson, Snæfell	+4,3
Guðmundur Jónsson, Njarðvík	+4,1
Slobodan Subasic, Snæfelli	+3,8

Hver gaf mest eftir (Mesta lækkun á framlagi frá því í deildinni)

Þorsteinn Gunnlaugss., Þór Ak.	-5,8
Igor Beljanski, Grindavík	-5,8
Sigurður Þorvaldsson, Snæfelli	-5,9
Allan Fall, Skallagrími	-6,1
Brynjar Þór Björnsson, KR	-7,7
Jón Norðdal Hafsteinss., Keflav.	-8,3
Brenton Birmingham, Njarðvík	-11,2
Helgi Már Magnússon, KR	-11,2
Jamaal Williams, Grindavík	-11,3
Hörður Axel Vilhjálms., Njarð.	-12,5
Óðinn Ásgeirsson, Þór Ak.	-13,8

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 5. apríl
Framhús kl. 15:00
Fram - Akureyri
Vestmannaeyjar kl. 15:00
ÍBV - Haukar
Vodafone höllin kl. 16:00
Valur - Stjarnan

N1 DEILD KVENNA
Laugardagur 5. apríl
Mýrin kl. 15:00
Stjarnan - Akureyri
Strandgata kl. 16:00
FH - Grótta
Ásvellir kl. 17:00
Haukar - HK

Hermann Hreiðarsson ætlar sér að spila undanúrslitaleik bikarsins í dag þrátt fyrir slæman skurð á fæti:

Hermann er með stóra holu í fætinum

FÓTBOLTI Hermann Hreiðarsson ætlar að gera allt til þess að missa ekki af fyrsta möguleika sínum á því að spila á Wembley-leikvanginum. Portsmouth mætir West Bromwich Albion í undanúrslitaleik ensku bikarkeppninnar klukkan 12.15 í dag en með sigri kemst félagið í sinn fyrsta bikarúrslitaleik síðan árið 1939; fyrir upphaf seinni heimsstyrjaldar.

Hermann er að leika sitt ellefta tímabil í enska boltanum en á enn eftir að spila á Wembley.

Hermann fékk ljótan skurð á fótinn í leik gegn Wigan um síðustu helgi þegar hann og félagar hans í Portsmouth unnu sinn fimmta leik í síðustu sjö deildarleikjum. Sauma þurfti þrjú spor og Hermann hefur síðan verið í sérstakri meðferð til þess að verða góður fyrir leikinn. Hann hefur meðal annars dvalið í sérstökum súrefnisklefa til þess að hraða batanum.

„Hermann er ákveðinn að spila með en hann var með stóra holu í fætinum og þetta leit virkilega illa út," sagði Harry Redknapp, stjóri Portsmouth, fyrir leik. Það hefur aukið enn á mikilvægi þess að Hermann spili leikinn að varamaður hans, Noe Pamarot, er ennþá að glíma við hnémeiðsli og geti okkar maður ekki spilað með bendir allt til þess að Lauren spili þá í „öfugum" bakverði.

Það eru líka vandamál fyrir Redknapp framar á vellinum því vængmaðurinn John Utaka glímir við tognun aftan í læri og hetja liðsins að undanförnu, framherjinn Jermain Defoe, má ekki spila þar sem hann spilaði með Tottenham í bikarnum.

HÖRKUTÓL Hermann Hreiðarsson er tæpur fyrir undanúrslitaleikinn í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

„Auðvitað munum við sakna hans. Hann er búinn að skora átta mörk í sjö leikjum en við vorum líka búnir að spila stóran hluta tímabilsins án hans og stóðum okkur þá vel. Við erum með Kanu, Milan Baros og David Nugent svo að þetta verður í lagi," sagði Redknapp en Baros á enn eftir að skora sitt fyrsta mark fyrir félagið þrátt fyrir að vera búinn að spila tíu leiki fyrir Portsmouth.

Tap hjá Portsmouth yrði sögulegt fyrir þessa elstu keppni í heimi því þá myndu í fyrsta sinn mætast í úrslitaleiknum tvö lið utan efstu deilar síðan deildarkeppnin var tekin upp í Englandi 1888-89. Í hinum undanúrslitaleiknum, sem fer fram á sunnnudaginn, mætast 1. deildarliðin Barnsley og Cardiff. - óój

OPIÐ ALLA HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA • STÚTFULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM
ALLAR FARTÖLVUR TIL AFGREIÐSLU STRAX • OPIÐ Í DAG 10-18

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

iP4500 PRENTARI
9.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

2GB MINNI
4.990
2GB Dual DDR2 800MHz Gold vinnsluminni

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

LEIKJA HEYRNARTÓL
4.990
Athugið aðeins 1 stk. á mann

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

9600GT SKJÁKORT
19.900
512MB 2000MHz GDDR3 minni

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum

Aðeins þessa helgi, meðan birgðir endast

22" SKJÁR
26.900
700:1, 5ms, 1680x1050, VGA og DVI HDPC

STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPIÐ ALLA HELGINA
OPIÐ Í DAG
10:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með 20.2% vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

ÓSÁTTUR Rivaldo finnur til með samlanda sínum Ronaldinho.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Rivaldo gagnrýnir Barcelona:

Ronaldinho á betra skilið

FÓTBOLTI Barcelona hefur orðið fyrir miklu áfalli eftir að í ljós kom að framherjinn Ronaldinho verður frá keppni í allt að því sex vikur. Brasilíumaðurinn snjalli hefur átt erfitt uppdráttar á þessu keppnistímabili vegna lærmeiðsla og meintra deilna við forráðamenn félagsins og Rivaldo, fyrrverandi leikmaður Barcelona, hefur gagnrýnt félagið fyrir framkomu sína í garð samlanda síns.

„Það er sorglegt að sjá framkomu forráðamanna Barcelona í garð síns besta leikmanns. Þeir eru að snúa aðdáendum gegn honum og gera hann að blóraböggli þegar illa gengur og það bendir til þess að þeir séu að reyna að bola honum burt frá félaginu. Aðrir leikmenn félagsins fá einnig vel borgað og það vel og þurfa einnig að bera ábyrgð," sagði Rivaldo í nýlegu viðtali við spænsku útvarpsstöðina Ona FM. - óþ

Enska úrvalsdeildin:

Mútumál að koma upp?

FÓTBOLTI Enska knattspyrnusambandið, FA, rannsakar nú ásakanir sem sambandinu bárust um að leikmaður í ensku úrvalsdeildinni hafi þegið mútur fyrir að láta reka sig út af í leik í þeim tilgangi að reyna að hafa áhrif á úrslit umræddsleiks.

Enska dagblaðið The Independent segist hafa heimildir fyrir því að atvikið hafi átt sér stað í ensku úrvalsdeildinni fyrir ekki meira en tveimur árum og að leikmaðurinn hafi reynt að fá þrjá meðspilara sína til þess að leika sama leik. Fyrir vikið á leikmaðurinn að hafa þegið greiðslu upp á um 50 þúsund pund frá enskum veðmangara.

Leikmönnum í ensku úrvalsdeildinni er óheimilt samkvæmt reglum FA að veðja á leiki eða deildarkeppnir sem þeir taka þátt í sjálfir. „Við munum skoða málið og athuga hvort fréttin eigi við rök að styðjast," sagði talsmaður FA í viðtali við BBC Sport. - óþ

Keflavík Íslandsmeistari í þrettánda sinn

Keflavík vann eins stigs sigur á KR, 91-90, í gær og tryggði sér titilinn. Keflavík varð fyrsta liðið til þess að vinna sex leiki í röð í úrslitakeppni kvenna. Kesha Watson var kosinn besti leikmaður lokaúrslitanna.

KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í þrettánda sinn með eins stigs sigur, 91-90, á KR í Toyotahöllinni í gær. Keflavík vann alla þrjá leiki lokaúrslitanna en fengu verðuga keppni frá nýliðum KR sem töpuðu báðum leikjum sínum í Keflavík með aðeins eins stigs mun. Keflavíkurkonum tókst hins vegar að verða fyrsta liðið til þess að vinna alla leiki úrslitakeppninnar síðan það þurfti að vinna sex leiki til þess að verða Íslandsmeistari.

Kesha Watson átti verk óunnið þegar hún yfirgaf Keflavík í fyrra með silfrið. Hún ætlaði sér að verða Íslandsmeistari og sýndi það í verki með því að eiga frábæra úrslitakeppni. Kesha kórónaði frammistöðu sína með því að taka enn einu sinni liðið á herðar sér í seinni hálfleik þegar hún skoraði 27 af 36 stigum sínum. Kesha átti líka lokaorðið í lokin og setti niður mjög erfitt skot til að koma Keflavík 89-97 og svo tvö víti skömmu síðar sem juku muninn í 91-87. Guðrún Ámundadóttir skoraði þriggja stiga körfu og fiskaði sóknarvillu þegar tvær sekúndur voru eftir en KR tókst ekki að nýta síðustu sóknina ekki frekar en í fyrsta leiknum.

„Það er alltaf jafn sætt að vinna meistaratitil hvort sem þú vinnur með einu stigi eða tíu stigum. Þetta fær maður að upplifa ef maður leggur mikið á sig. Við höfum lent í miklu mótlæti en það er það sem býr til meistara er hvernig lið yfirvinna mótlæti. Eftir öll meiðslin, veikindinn, svitan, tárin og blóðið þá getum við brosað af því að við komust í gegnum þetta allt," sagði Kesha sem átti verk óunnið síðan í fyrra. „Mér fannst ég ekki skila mínu besta í fyrra og ég var ósátt allt síðasta sumar að hafa misst af titlinum. Ég vissi ef að ég væri heil í vetur þá gætum við gert eitthvað," sagði Kesha sem er ekki búin að ákveða hvað hún gerir næsta vetur. „Ég er ekki viss og á eftir að skoða mín mál. Keflavík er samt mitt heimili að heiman og ég mun alltaf geyma Keflavík í hjarta mínu," sagði Kesha að lokum.

ÞRETTÁNDI ÍSLANDSMEISTARATITILINN Fyrirliðar Keflavíkur, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir og Marín Rós Karlsdóttir. lyfta hér Íslandsbikarnum eftir 91-90 sigur á KR í gær. Keflavík vann alla sex leiki sína í úrslitakeppninni. VÍKURFRÉTTIR/STEFÁN ÞÓR

KEFLAVÍK-KR 91-90 (43-45)

Stig Keflavíkur: Kesha Watson 36 (5 frák., 5 stolnir, 4 stoðs.), Susanne Biemer 12, Rannveig Randversdóttir 11 (6 frák.), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 10 (4 frák., 4 stoðs.), Margrét Kara Sturludóttir 8 (7 frák., 4 stoðs.), Pálína Gunnlaugsdóttir 6 (11 frák.), Birna Valgarðsdóttir 6, Halldóra Andrésdóttir 2.

Stig KR: Candace Futrell 38 (14 frák.), Sigrún Ámundadóttir 13 (11 frák.), Hildur Sigurðardóttir 11 (8 stoðs.), Guðrún Ámundadóttir 10, Helga Einarsdóttir 8 (8 stoðs., 6 frák.), Rakel Viggósdóttir 5, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 3 (4 frák., 4 stoðs.), Lilja Oddsdóttir

Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir, fyrirliði Keflavíkur tók við Íslandsbikarnum í leikslok en hún átti þrjá mjög góða leiki í úrslitunum. „Við sýndum mikinn karakter, við erum með frábært lið og vorum svo samheldnar í lokin. Það voru margar í liðinu að leggja í púkkið og við vegum hvora aðra upp," sagði Ingibjörg sem skoraði yfir 10 stig í öllum leikjum lokaúrslitanna. „Ég ákvað að trúa meira á sjálfa mig, skjóta meira, spila betri vörn og vera kærulausari," sagði Ingibjörg Elva að lokum en hún var með 10 stig, 4 stoðsendingar og 3 varin skot í gær.

Keflavík hefur gengið í gegnum mikið mótlæti á leið sinn að titlinum og liðið hefur misst út menn. Rannveig Randversdóttir fær jafnan það hlutverk að hlaupa í skarðið og spila þá stöðu sem vantar. „Mitt hlutverk í vetur hefur verið að leysa hitt og þetta en maður reynir bara að gera það sem maður getur. Ég ætlaði bara að mæta í dag og hugsa um ekkert nema að spila körfubolta. Jonni þjálfari bað okkur að líta á bikarinn fyrir leik og sjá hvað við vorum að spila fyrir en ég ákvað að líta ekkert á hann og ætlaði bara að koma og spila körfubolta," sagði Rannveig sem var með 11 stig, 6 fráköst og 5 stolna bolta á 23 mínútum í gær.

SIGURSTURTAN Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, fær hér vatnsgusu frá bandaríska leikmanni sínum, Keshu Watson. VÍKURFRÉTTIR/STEFÁN ÞÓR

KR-liðið átti mjög góðan leik og fékk framlög frá mun fleirum en í fyrstu tveimur leikjunum. Candace Futrell (38 stig, 14 fráköst) átti sinn besta leik í seríunni, Sigrún Ámundadóttir (13 stig, 11 fráköst) skilaði sínu og þá tók Helga Einarsdóttir (8 stig, 8 stoðsendingar) miklu meiri þátt í sókninni og Guðrún Ámundadóttir átti flotta innkomu af bekknum. Hildur Sigurðardóttir glímdi við meiðsli og villuvandræði en endaði með 11 stig og 8 stoðsendingar.

ooj@frettabladid.is

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

TÖLVULISTINN

ENN MEIRI LÆKKUN AÐEINS



OPIÐ ALLA HELGINA

NÚ ERU GEGGJUÐ TILBOÐ Á SPRENGJUNNI Í TÖLVULISTANUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI, AÐEINS 2 DAGAR EFTIR, ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!

2 DAGAR EFTIR

24" SAMSUNG SKJÁR

SAMSUNG

24" SKJÁR

24" Samsung 2493HM breiðtjaldsskjár sem styður 1080p full hd. 1920x1080 í upplausn , 10.000:1 í birtu 5ms viðbragðstími, með DVI, VGA og HDMI tengi

56.900

FRÁBÆRT SKJÁKORT Á SPRENGJUTILBOÐI

MSI GeForce N9600GT yfirklukkaða skjákortið er málið fyrir leikjaspilarann. Með 512MB 1900MHz minni og 700MHz core fer það létt með leikina. Kortið styður DirectX 10 og PCI Express 2.0. Á kortinu eru tvö Dual-link DVI tengi . Frábært sprengjutilboð sem þú mátt ekki missa af

GEFORCE 9600GT **18.900**

ACER ASPIRE 5315

1.80Ghz Intel Celeron M 540 • 2GB DDR2 minni • 120GB harður diskur • skrifari 15.4" WXGA skjár • Intel GMA X3100 skjákort • Windows Vista Home Basic

59.900

22" ACER SKJÁR

acer

22" Acer AL2216WBD breiðtjaldsskjár með 1680x1050 í upplausn, 700:1 í birtu 5ms viðbragðstími, svartur og silfraður

25.900

2GB MINNI

2GB DDR2 667MHz vinnsluminni á frábæru sprengjutilboði

VERÐ 3.990

CREATIVE EP-635



Creative EP-635 tappa heyrnartól frábær hljómur á ótrúlegu verði

VERÐ 2.990

MARGMIÐLUNARSPILARI

IcyBox MP302 3.5" margmiðlunarspilari frá RaidSonic, geymdu öll gögnin þín á einum stað.

9.990

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 21,45% breytilegir.

TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ 2%

REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **SELFOSS** • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | **HAFNARFJÖRÐUR** • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

dagskrá

> Kim Cattrall

Hin kynþokkafulla og síunga Kim Cattrall hefur gengið í gegnum margt í ástalífinu. Hún hefur gifst þrisvar, trúlofast enn oftar og einu sinni var hún í sambandi með fyrrverandi forsætisráðherra Kanada, hinum umdeilda Pierre Trudeau. Nú um stundir er hún með stjörnukokknum Alan Wyse. Cattrall leikur í myndinni Ice Princess sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VELTIR FYRIR SÉR ÖLLUM ÞESSUM MORÐRANNSÓKNUM

Hver drap líkið?

Á Íslandi er sem betur fer kannski ekki nema svona eitt morð á ári. Í alvörunni, það er að segja. Sé miðað við skáldskapinn hrúgast hins vegar upp líkin hér um allar trissur, bæði í reyfurum, bíómyndum og sjónvarpi. Þetta er líklega vegna lögmálsins um eftirspurn og framboð. Allt bendir til þess að almenningi finnist fátt skemmtilegra en að fá svar við spurningunni: Hver drap líkið?

Viku eftir viku fylgist almenningur því með störfum rannsóknarlögreglumanna. Kemur heim úr vinnunni og liggur með tærnar upp í loft og horfir á leikara þykjast vera löggur í vinnunni við að upplýsa morðmál. Erlendu þættirnir eru óteljandi og allir svipaðir. Bandarísku þættirnir fylgja einu módeli, þeir bresku öðru og þeir dönsku enn öðru. Flestir þessir þættir eru stakir. Eitt mál í hverjum þætti og ekki er farið fram á að maður hangi endilega yfir þessu í beit margar vikur í röð.

Íslensku þættirnir Pressan og Mannaveiðar hafa báðir gert þá kröfu til áhorfenda að þeir horfi á hvern einasta þátt í réttri röð. Maður væri alveg til í íslenska glæpaþætti sem hægt væri að glápa á í stöku lagi eins og CSI eða Taggart en bæði Pressan og Mannaveiðar eru auðvitað alveg ágætis stöff. Ég skil samt ekki af hverju Charlotte Böving þarf alltaf að vera reykjandi, sérstaklega þar sem hún kæmist aldrei upp með það í alvörunni og svo má sjá á tilburðunum að hún er ekki reykingamanneskja.

LÖGGUR HUGA AÐ LÍKI Kunnuglegt stef úr Mannaveiðum.

Ef almenningur fær leið á ímynduðum og ýktum heimi morðrannsókna sprettur kannski upp nýtt afþreyingarform í spennuþáttargerð – lífskjaraþættir. Fylgst er með ungu pari reyna að koma þaki yfir höfuðið í Reykjavík samtímans, borga af bílnum, námsláninu og dagvistargjöldunum. Helstu hæðum næðu þættirnir þegar parið færi út í búð að kaupa ost og kjúklingabringur og í hverri viku væru áhorfendur standandi á öndinni í lok þáttar: Hvað verða stýrivextirnir háir í næsta þætti, hvað verður krónan búin að falla mikið?

EKKI MISSA AF

▶ **12.20 WBA-Portsmouth**
STÖÐ 2 SPORT

▶ **18.10 Fantastic Voyage**
STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.30 Eight Below** STÖÐ 2

▶ **21.00 Boston Legal**
SKJÁREINN

▶ **21.50 Gods and General**
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn, Skúli skelfir og Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar
10.00 Einu sinni var... - Maðurinn
10.30 Kastljós
11.00 Kiljan
11.45 07/08 bíó leikhús
12.15 Jörðin og náttúruöflin (4:5)
13.10 Leyndarmál kynjanna (1:3)
14.05 Drottningarskrúði
14.35 Finni segir frá - Í landi vættanna
15.05 Ofvitinn (17:23) (Kyle XY II)
15.50 Íslandsmótið í handbolta Bein útsending frá leik Vals og Stjörnunnar í efstu deild karla.
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 Útsvar
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.45 Spaugstofan
20.10 Prinsessan á ísnum (Ice Princess) Kanadísk fjölskyldumynd frá 2005 um stúlku sem er staðráðin í að verða meistari í listhlaupi á skautum.
▶**21.50 Guðir og hershöfðingjar** (Gods and Generals) Bandarísk bíómynd frá 2003 um hershöfðingjann og stríðshetjuna Thomas "Stonewall" Jackson og framgöngu hans í þrælastríðinu. Meðal leikenda eru Jeff Daniels, Robert Duvall og Mira Sorvino. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Everyday People
08.00 In Her Shoes
10.10 Fantastic Voyage
12.00 Glory Road
14.00 Everyday People
16.00 In Her Shoes Rómantísk gamanmynd með Cameron Diaz og Tony Collette.
▶**18.10 Fantastic Voyage** Úrvalsmynd í ævintýralegum stíl um leiðangur sem fær það verkefni að bjarga lífi diplómats.
20.00 Glory Road
22.00 Radioland Murders
00.00 Gang Tapes
02.00 Breathtaking
04.00 Radioland Murders

STÖÐ 2

07.00 Barney
07.25 Krakkarnir í næsta húsi
07.50 Fífí
08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar um Könnuðinn Dóru, Gordon garðálf, Refinn Pablo og margar fleiri.
10.30 Yu-Gi-Oh! - Bíómyndin
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.50 Bold and the Beautiful
14.15 American Idol (24:42)
15.20 American Idol (25:42)
16.10 Friends (3:24) (Vinir)
16.40 Gossip Girl (13:13)
17.25 Sjáðu
17.55 Sjálfstætt fólk (Halla Linker)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.10 James and the Giant Peach
20.30 Eight Below (Hetjur heimskautsins) Spennandi mynd fyrir alla fjölskyldu úr smiðju Disney. Myndin er byggð á sönnum atburðum og segir frá ótrúlegum atburðum sem gerðust á Suðurskautslandinu. Landkönnuður stefndi þá lífi sínu í hættu við að hafa uppi á sleðahundum sínum sem yfirgefnir höfðu verið sex mánuðum áður. Aðalhlutverk. Bruce Greenwood, Paul Walker, Moon Bloodgood. Leikstjóri. Frank Marshall. 2006. Leyfð öllum aldurshópum.
22.25 The Skeleton Key (Beinalykillinn)
00.10 Coach Carter
02.20 Without a Paddle
03.55 Troy
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SPORT *besta sætið*

08.00 Formúla 1 - Barein Sýnt frá æfingum fyrir kappaksturinn í Barein.
09.00 FA Cup - Preview Show 2008
09.25 Utan vallar
10.15 Formula 3 (Oulton Park) Sýnt frá Formúlu 3 þar sem Íslendingar eiga sinn fulltrúa.
10.45 Formúla 1 - Tímataka Bein útsending frá tímatökunni í Barein-kappakstrinum.
▶**12.20 FA Cup 2008** Bein útsending frá leik WBA og Portsmouth í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar.
14.00 Augusta Masters Official Film
14.55 NBA körfuboltinn (Atlanta - Toronto)
16.50 Inside Sport (Steve McClaren / Ben Ainslie)
17.20 Spænski boltinn - Upphitun
17.50 Meistaradeild Evrópu (Arsenal - Liverpool)
19.30 Meistaradeildin (Meistaramörk)
19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Mallorca og Real Madrid í spænska boltanum.
21.50 Formúla 1 - Tímataka
23.25 Joe Calzaghe - Peter Manfredo

SPORT 2 *enski boltinn*

08.35 Premier League World
09.05 PL Classic Matches
09.35 PL Classic Matches
10.05 Goals of the season
11.00 Enska úrvalsdeildin - Upphitun
11.30 Arsenal - Liverpool (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Arsenal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
13.45 Man. City - Chelsea (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Man. City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Newcastle - Sunderland Sport 4. Blackburn - Tottenham Sport 5. Aston Villa - Bolton Sport 6. Fulham - Sunderland
15.55 PL Classic Matches
16.25 Newcastle - Reading
18.10 4 4 2 Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins.
19.30 4 4 2
20.50 4 4 2
23.30 4 4 2

SKJÁREINN

11.00 Vörutorg
12.00 World Cup of Pool 2007
12.50 Rachael Ray (e)
15.50 Top Gear (e)
16.40 Skólahreysti (e)
17.30 Psych (e)
18.20 Survivor. Micronesia (e) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Þetta er 15. keppnin og nú fer hún fram í Kína. Þættirnir eru sýndir glóðvolgir innan við sólarhring eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum.
19.10 Game tíví (e)
19.40 Everybody Hates Chris (e)
20.10 Jericho (e)
▶**21.00 Boston Legal** (e) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston. Alan Shore og Denny Crane ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og fara í mál við þjóðvarnarliðið fyrir að aðstoða ekki fyrirtæki sem varð fyrir vatnstjóni í miklu óveðri. Barnabarn Shirley Schmidt vill fara í mál við skólann sinn eftir að hún er rekin úr skólanum fyrir að segja sína skoðun og staða Lorraine hjá fyrirtækinu er í uppnámi eftir að hún ljóstrar upp um fortíð sína.
22.00 Life (e)
22.50 The Boondocks (14:15) Bráðfyndin teiknimyndasería með kolsvörtum húmor fyrir fullorðna. Aðalsöguhetjurnar eru bræðurnir Huey og Riley og afi þeirra, Robert. Bræðurnir alast upp í einu hættulegasta og grófasta hverfi Chicago en flytja í úthverfi með afa sínum og finna ólíkar aðferðir til að aðlagast breytingunni.
23.15 Svalbarði (e)
00.05 C.S.I. (e)
00.55 Law & Order (e)
01.45 Professional Poker Tour (e)
03.10 C.S.I. (e)
04.00 C.S.I. (e)
04.50 Vörutorg
05.50 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sSunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Besti afþreyingarvefurinn 2007

Samtök vefiðnaðarins völdu **visir.is** besta afþreyingarvefinn fyrir árið 2007.

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn sem hlýtur verðlaunin Afþreyingarvefur ársins 2007 er í senn fræðandi, áhugaverður, yfirgripsmikill og vinsæll en hefur um leið mikið afþreyingargildi. Vefurinn inniheldur allt sem góður afþreyingarvefur þarf að hafa, vel unninn texta, gott myndmál, útvarpsefni, sjónvarpsefni, sem og síaukna aðkomu notenda, sem er eitt af því sem skiptir sífellt meira máli hjá framsæknum vefjum í dag. Vefurinn verður að teljast inni í daglegum rúnti íslenskra netverja enda einn af fjölsóttustu vefjum landsins."

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Sjá vef Samtaka vefiðnaðarins – svef.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.10

Jói og risaferskjan

Ævintýramynd byggð á sögu Roalds Dahl um níu ára munaðarlausan strák sem sendur er til dvalar hjá frændfólki sínu. Vistin er ömurleg og stráksi finnur fljótt að hann er ekki velkominn. Mitt í eymdinni taka óvæntir og spennandi hlutir að gerast og strákur er fljótur að gleyma vandræðum sínum. Sagan einkennist af ótrúlegu hugmyndaflugi Dahls sem einnig samdi Kalla og sælgætisgerðina og Matthildi.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Arsenal-Liverpool

Stöð 2 Sport 2 kl. 11.30

Sannkallaður stórleikur á Emirates-leikvanginum í Lundúnum. Arsenal og Liverpool mætast öðru sinni á nokkrum dögum og þriðja viðureignin milli þessara liða fer svo fram á þriðjudaginn. Arsenal verður að sigra til að halda í vonina um titil en Liverpool berst hatrammlega fyrir Meistaradeildarsæti.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.00 Morgunfréttir
08.05 Útúr nóttinni... og inní daginn
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Að rækta fólk
15.20 Vorhret í sólskinskistunni
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.00 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Hundur í útvarpssal
19.00 Heimur óperunnar
20.00 Sagnaslóð
20.40 Hvað er að heyra?
21.30 Úr gullkistunni
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Á hljóðbergi: Dans le donjaon de Maitresse Cindy
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.00 Hollyoaks
15.25 Hollyoaks
15.50 Hollyoaks
16.15 Hollyoaks
16.40 Hollyoaks
18.00 Skífulistinn X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
19.00 Talk Show With Spike Feresten
19.30 Comedy Inc. (9:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
20.00 Hæðin (3:8)
20.45 George Lopez Show, The (18:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjörugu heimilishaldi þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúð hjónanna George og Angie og barnanna þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilisvinir setja gjarnan strik í reikninginn. Þetta er sjötta þáttaröðin af þessum skemmtilegu þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
21.10 X-Files (16:24)
21.55 Talk Show With Spike Feresten (4:22) Spike Feresten er einn höfunda Seinfelds og Simpsons. Þessi frábæri þáttastjórnandi fær til sín þekktasta fólkið í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi gróf.
22.20 Comedy Inc. (9:22)
22.45 Hæðin (3:8)
23.35 George Lopez Show, The (18:18)
00.00 X-Files (16:24)
00.45 Skífulistinn
01.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

9.30 EastEnders **10.00** The Weakest Link **11.00** Big Cat Diary **11.30** Big Cat Diary **12.00** Wildlife Specials **13.00** Animal Hospital - The Big Story **13.30** Animal Hospital - The Big Story **14.00** Animal Crime Scene **15.00** Animal Park: Wild in Africa **15.30** Animal Park: Wild in Africa **16.00** Ray Mears' Extreme Survival **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** The Weakest Link **19.00** May 33rd **20.30** Next of Kin **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Coupling **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** May 33rd **0.30** Next of Kin **1.00** Only Fools and Horses **1.30** Coupling **2.00** May 33rd

DR 1

9.15 Tidens tegn **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene **11.35** Family Guy **12.00** Xtra Factor **13.00** Truslen fra dybet **13.40** Her kommer eliten **14.15** Landsbyhospitalet **15.05** OBS **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Hvaffor en hånd med Casper Christensen **16.00** Løgnhalsen som togstewardesse **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Pigen og millionæren **19.45** Kriminalkommissær Barnaby **21.20** Kodenavn: Jane Doe **22.40** Anklaget

NRK 1

9.15 Gjensynet: Jan Høiland **10.15** Lån meg din kone **11.35** Kunnskapskanalen 2008: Førskolelek med språk **12.05** "Fra en annen virkelighet" **12.50** Salto, salmiakk og kaffe **14.35** Drømmerollen **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **16.00** Barnas supershow **16.30** Fra 7-ende til 8-ende **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Rett i lomma **20.10** Med hjartet på rette staden **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kjærlighetens kjøtere **23.05** P3tv spesial: Gunhild på sykkel **23.35** Dansefot jukeboks med chat **2.00** Country jukeboks

SVT 1

12.15 Andra Avenyn **12.45** Kobra **13.15** Uppdrag Granskning **14.15** Häxdansen **15.00** Så ska det låta **16.00** Bolibompahelg **16.05** Disneydags **17.00** Eva och Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Glasklart **19.00** Sixties **19.30** Svindlarna **20.25** Nätet **22.15** Rapport **22.20** Karl för sin kilt **23.15** Sändningar från SVT24

PERSÓNAN



Ásdís Rán Gunnarsdóttir

Aldur: 28 ára.
Starf: Fyrirsæta og framkvæmdastjóri.
Fjölskylda: Gift Garðari Gunnlaugsson fótboltamanni. Þrjú börn.
Foreldrar: Gunnar Vignisson, Egilsstöðum. Eygló Gunnþórsdóttir, Fáskrúðsfirði.
Búseta: Svíþjóð.
Stjörnumerki: Ljón.

Ásdís Rán vann sér þátttökurétt í áströlskum raunveruleikaþætti í vikunni með sigri í netkosningu.

Geiri á Goldfinger áfrýjar meiðyrðamáli

„Ég held að það sé algerlega fyrirliggjandi að ég er látinn gjalda míns orðspors. Svo var dómarinn alltaf hrjótandi," segir Ásgeir Davíðsson betur þekktur sem Geiri á Goldfinger.

Héraðsdómur sýknaði Vikuna, Elínu Arnar ritstjóra og Björk Eiðsdóttur blaðamann af skaðabótakröfu Geira en hann höfðaði mál vegna þess sem hann taldi ærumeiðandi ummæli. Krafðist Geiri fimm milljóna í skaðabætur en að sögn hans hefur þetta mál þegar kostað hann eina og hálfa milljón. Geiri telur furðulegt að hann skuli í dómnum teiknaður upp sem fífl sem taki allt til sín þegar litið er til setninga í Vikunni, í viðtali við Lovísu Sigmundsdóttur, sem féllu um sig. Dæmi: Geiri hefur alltaf gert mikið útá vændi og þá inni á stöðunum." Og: „Það var allur gangur á því hvort kúnnarnir borga Geira sjálfum fyrir þjónustuna eða stelpunum beint..." Og þannig má áfram telja. Geiri segir þetta hina mestu þvælu og telur fyrirliggjandi að fallið hafa dómar í meiðyrðamálum þar sem um er að tefla setningar sem hvergi jaðri við að vera eins meiðandi. Sú er skoðun Vilhjáms H. Vilhjálssonar lögmanns Geira sem hvatti skjólstæðing sinn til að áfrýja.

Málið tók sérkennilegan snúning í miðju réttarhaldi en þá var Lovísa leyst frá málinu á þeim forsendum að ekki hafi verið rétt eftir henni haft í Vikunni. Geiri telur að þá hafi einhvern veginn enginn verið til að dæma og hann situr uppi með óþverraleg ummæli um sig sem standi.

GEIRI Á GOLDFINGER Það er verið að flá mig lifandi og nú er komið veiðileyfi á mig.

„Það er verið að flá mig lifandi. Mestar áhyggjur hef ég af því að nú sé komið algert veiðileyfi á mig. Eitthvað það alerfiðasta sem ég hef þurft að eiga við í gegnum árin er þetta að menn hafa verið að koma til mín í gegnum árin og sagt: Ef þú gerir ekki þetta og ekki hitt þá fer ég bara í blöðin. Sem betur fer hafa blaðamenn vísað þessu frá sem hverju öðru bulli. Þar til nú. En nú er staðan sú að menn virðast hafa leyfi til að ljúga upp á mig hverju sem er og komast upp með það," segir Geiri.

- jbg



LÁRÉTT 2. hálfgras **6.** í röð **8.** traust **9.** næra **11.** 950 **12.** þúsundasti hluti **14.** hanga **16.** tónlistarmaður **17.** arr **18.** stansa **20.** tveir eins **21.** ferðast.
LÓÐRÉTT 1. íþróttafélag **3.** tveir eins **4.** pinkulítið **5.** rými **7.** skái **10.** einkar **13.** sníkjudýr **15.** flatormur **16.** náinn **19.** ólæti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. stór, **6.** rs, **8.** trú, **9.** ala, **11.** lm, **12.** millj, **14.** sláta, **16.** kk, **17.** sig, **18.** æja, **20.** ðð, **21.** rata.
LÓÐRÉTT: 1. fram, **3.** tt, **4.** örlítið, **5.** rúm, **7.** sláskja, **10.** all, **13.** lús, **15.** agða, **16.** kærr, **19.** at.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Íslandi.
2. Íslenskir.
3. Bakka við Húsavík.

GRÉTAR MAR: GERÐIST BÍTLAGEGGJARI STRAX TÍU ÁRA

Alþingismaður í bítlareisu

„Ég er ekki búinn að fá það staðfest en já, ég hef mikinn áhuga á að fara þessa ferð," segir Grétar Mar Jónsson alþingismaður.

Enn er ekki búið að ganga frá hundrað manna þátttakendalista þeirra sem hyggjast fara í pílagrímsför á bítlaslóðir í Liverpool um mánaðamótin maí-júní. Jakob Frímannsson formaður FTT segir að þeir sem séu félagar njóti forgangs og séu öruggir með. Aðrir sem sótt hafi um verði enn um sinn að bíða milli vonar og ótta. Aðspurður um hvernig hlutfallið væri, hversu margir félagsmenn hafi skráð sig til fararinnar svaraði Jakob og vitnaði í fleyg ummæli ónefnds rótara: „Það er svona 60/50!" Sagðist ekki geta gefið frekari upplýsingar fyrr en búið væri að ganga frá umsóknum og fyrir lægi staðfestur listi.

Einn þeirra fyrstu sem sóttu um að fá að fara með, þó ekki sé félagi í FTT, er bítlageggjarinn og alþingismaðurinn Grétar Mar: „Ef Guð lofar fer ég. Hljómar, mín hljómsveit, er að spila í Cavern klúbbnum. Ég er að fara að hlusta á þá frekar en Paul McCartney þó hann sé góðra gjalda verður. Þarna verða vinur minn Rúnar Júlíusson og Sandgerðingurinn Erlingur Björnsson. Ekki skemmir fyrir að uppáhalds fótboltafélag mitt er Liverpool."

Grétar segist hafa orðið bítlageggjari strax við tíu ára aldur. „Og fékk að safna hári yfir eyrun og stæla goðin. Það var erfitt því þá var maður sendur til rakara og ekkert nema herraklipping í boði." John Lennon er uppáhalds Bítill Grétars og hann á flestar plötur Bítlanna. „Erfitt að gera upp á milli laga. Frábær flest allt frá She loves you yeah, yeah, yeah."

Fyrir utan stjórnarmenn í FTT; Aðalstein Ásberg, Sigurð Flosason, Fabulu, Samúel Samúelsson eru fjölmargar stjörnur sem hyggjast fara:

Karl Hermannsson, fyrsti söngvari Hljóma, Óttar Felix Hauksson og Þorsteinn Eggertsson svo aðeins fáeinar kempur frá bítlatímanum séu nefndar. Að auki eru félagar á borð við Hrafn Gunnlaugsson, Jón Ólafsson, Sverri Stormsker og Grím Atlason skráðir til leiks sem og Bjartmar Guðlaugsson, Þorgeir Ástvaldsson, Tryggvi Hubner og Vilhjálmur Guðjónsson. Fjölmiðlamenn verða og með í för, þannig verður Elsa María í Kastljósinu frá RÚV og Egill Eðvarðsson hyggst gera kvikmynd um förina miklu. Þá hefur Fréttablaðið heimildir fyrir því að viðskiptajöfrarnir Sindri Sindrason, Jafet Ólafsson, Bolli Kristinsson og Tryggvi Jónsson hafi allir verið með fyrri skipunum til að sækja um.

jakob@frettabladid.is



GRÉTAR MAR JÓNSSON Grétar vill helst ekki missa af því þegar hans hljómsveit – Hljómar – stíga á stokk í Cavern.

VIÐSKIPTAJÖFRAR VILJA MEÐ Blaðið hefur heimildir fyrir því að þeir Jafet Ólafsson, Sindri Sindrason, Bolli Kristinsson og Tryggvi Jónsson séu ofarlega á biðlista.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bubbi Morthens heldur áfram að tjá sig í gegnum aðdáendasíðu sína Bubbi.is. Nýjasta útspil hans er textar við tvö lög af væntanlegri plötu sem kemur út í sumar. Annars vegar er um að ræða titillagið Fjórir naglar og hins vegar Til paradísar fást öngvir miðar. Þrátt fyrir að textarnir lýsi báðir sársauka og myrkri virðast þeir hafa hitt í mark hjá aðdáendum Bubba, sem sjá nú loksins rofa til í bið sinni eftir nýju efni frá kónginum.

Birgitta Birgisdóttir leikkona og **Örvar Smárason** eiga von á sínu fyrsta barni. Þetta kemur fram í nýjasta hefti Séð og heyrt. Birgitta og Örvar gengu í það heilaga í Súðavíkurkirkju síðasta sumar með mikilli viðhöfn og hafði Birgitta á orði að þar hefði draumur hennar ræst. Varla er þó eftirvæntingin minni á heimili skötuhjúanna þegar von er á nýjum erfingja.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni er **Baltasar Kormákur** farinn til Bandaríkjanna en hann er að fara að leikstýra kvikmyndinni Run for Her Life með Dermot Mulroney í aðalhlutverki. Kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason hefur verið fenginn til að stjórna tökunum en ekki er langt síðan annarri stórmynd hans, Stopping Power, var slegið á frest. Baltasar hyggst augljóslega ekki lenda í neinum tungumálaörðugleikum því samkvæmt vefsíðu Ásgríms Sverrissonar hefur **Elísabet Ronaldsdóttir** verið fengin til að klippa myndina. **- fb/fgg**

Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér ?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér frímiða í bíó.

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: 585 8300 / 585 8330 eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

Ísland í risa Eurovision-partí

Eurobandið og Páll Óskar munu stíga á svið í Eurovision-veislu í London 25. apríl. Að sögn Páls Óskars er fyrirmynd kvöldsins íslensku Eurovision-partíin sem hann hefur haldið á Nasa. „Barry Viniker, ritstjóri esctoday.com, sendi mér e-mail, þar sem hann hafði sagðist hafa séð eitthvert myndskeið úr síðasta Eurovision-partíi sem ég hélt á Nasa á Youtube. Hann hugsaði með sér að ef ég gæti gert þetta á Íslandi hlyti að vera hægt að gera þetta úti líka," útskýrir Páll Óskar, sem segir Eurovision-aðdáendur í Bretlandi hreinlega hafa verið svelta hvað svona viðburði varðar. Hann segir þar fyrir utan gríðarlega mikilvægt fyrir Íslendinga að kynna bæði sig og lagið fyrir utan landsteinana. „Ég veit að Charlotte Perelli, sem vann sænsku keppnina, er að strauja Austur-Evrópu, sem er það sem við myndum gera ef fjármagnið væri fyrir hendi," segir Páll Óskar. Eurobandið verður þó í Kaupmannahöfn 24. apríl, og er Úkraína einnig á dagskrá, að sögn Páls Óskars.

KYNNING Í LONDON Eurobandið mun flytja This Is My Life á viðburðinum í London í lok mánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL R.

Enn sem komið er hafa Eurobandið, Páll Óskar og Ani Lorak frá Úkraínu staðfest komu sína til London. Eurobandið mun að sjálfsögðu flytja This Is My Life, en Páll Óskar mun hins vegar syngja Eurovision-lag Íslands frá árinu 1997, Minn hinsti dans, auk hins vinsæla Allt fyrir ástina. Því hefur verið snarað á ensku og heitir á því máli I Did It All For Love. Páll Óskar kveðst hafa hug á því að taka plötuna Allt fyrir ástina upp á ensku, og leita út fyrir landsteinana í kynningu á henni ef áhugi sé fyrir hendi. Flutninginn á Minn hinsti dans segir hann koma til með að einkennast af nostalgíu, þó að leðurdressið eftirminnilega verði ekki með í för. „Nei, ég er kominn með annan búning sem er helmingi meira glamúrús," segir Páll Óskar og hlær við. „Tímarnir breytast og mennirnir með."

- sun

Upplifðu sumarið með okkur

á sýningunni í Fífunni 4.-6. apríl!

Kynningar, fræðsla og skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Skemmtidagskrá

Laugardagur kl. 14:00
Skoppa og skrýtla
Elín Eyþórsdóttir söngkona
Róbert Örn Hjálmtýrsson trúbador
Félag blómaskreyta - félagar búa til brúðarvendi

Sunnudagur kl. 14:00
Skoppa og skrýtla
Magni Ásgeirsson söngvari
Elín Eyþórsdóttir söngkona
Róbert Örn Hjálmtýrsson trúbador

Skoppa og Skrítla

- syngja og dansa fyrir börnin á Sumar 2008

Sýningin er opin sem hér segir:
Föstudag 4. apríl kl. 16:00 – 19:00
laugardag 5. apríl kl. 11:00 – 19:00
sunnudag 6. apríl kl. 11:00 – 18:00

Aðgöngumiðar:
Miðaverð fyrir fullorðna er kr. 1.000. Helgarmiði kr. 1.500.
Kr. 500 fyrir 12-16 ára og ellilífeyrisþega og frítt fyrir börn

Við erum á sýningunni Sumar 2008

Alice á Íslandi
ABC barnahjálpin
Allianz
Arinvörur
Atlantsolía
B Spain
Betri svefn ehf
B&L
Borgarprýði ehf
Brekkmann ehf
Cera snyrtihús ehf
Draumakot Olgu
Enjo á Íslandi
Esjugrund
EON arkitektar
Erlendar eignir
Fagsýningar
Félag blómaskreyta
4You ehf
Ferðaþjónusta bænda,
Bændaferðir
Fjarkennsla ehf
Fuglaverndarfélag íslands
Garðyrkja ehf
Gámaþjónustan
GNLD
Gosbrunnar ehf
Græni Hlekkurinn
Hrein fjárfesting
Hiin Húsin - Thorsson & Kruse
Sales ehf
Holtsmúli ehf
Hótel Freyja
Icefin ehf
Indriðastaðir
Innigarðar ehf
Ísrör ehf
Kafarinn ehf
Kiwanisklúbburinn Katla
Kílhraun ehf
Kornið
Kópavogsbær
Kríunes
Lyfta ehf
Logy ehf
Mima ehf (Cfmoto)
Motormax ehf
Nobis ehf
NOVA
Ofnasmiðja Reykjavíkur
Purity Herbs
Rúmgott
Securitas
Sumarhúsaþjónustan
Sumarhúsið og garðurinn
Stansverk
Sævar Helgason
Svansson ehf
Trégaur
Vatnsvirkinn ehf
Vélaborg
Villimey
Xelenta
Þróttur
Þórsteinn Gauti Þórðarson

Sumar 2008
Fífunni í Kópavogi 4.–6. apríl 2008

Tugir sýnenda, hundruð áhugaverðra hluta og þúsundir hugmynda

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími: 578 4800, www.rit.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

GULL BYLGJAN 909

BAKÞANKAR
Guðmundar
Steingrímssonar

Einkaþota

ÉG á vin sem fór einu sinni til útlanda í einkaþotu, starfs síns vegna. Þvert á hugmyndir mínar á þessum tíma um að í einkaþotum væri einstaklega þægilegt að vera og að stólar væru þar rúmgóðir og hægt að teygja úr sér og skeggræða andans mál í rólegheitum, tjáði þessi vinur minn mér að lokinni ferðinni að einkaþotan hefði í raun verið einstaklega óþægileg. Smáðar sinnar vegna hristist hún eins og þvottavél og í henni var heldur ekki hægt að standa uppréttur. Fyrir utan tímasparnaðinn var ekkert sérstaklega þægilegt við ferðina í einkaþotunni.

ÞESSI dómur opnaði augu mín pínulítið. Af hverju hafði ég talið að einkaþotur væru svona spes? Í raun eru þetta bara litlar flugvélar sem henta stundum vel fyrir hóp sem er allur að fara á sama staðinn, utan alfaraleiðar. Sjálfsagt eru til rosaflottar einkaþotur, alveg eins og það eru til rosaflottir heitir pottar og rosaflott hús, en flestar einkaþotur eru bara eins og flugvélarnar í leigufluginu úti á Reykjavíkurflugvelli – sem þúsundir Íslendinga hafa nýtt sér í gegnum tíðina – nema flestar flugvélarnar þar eru með skrúfuhreyfli en ekki þotuhreyfli.

ÞAÐ er nákvæmlega ekkert merkilegt við það að hópar ferðist um í einkaþotum, að því gefnu að það teljist hagstætt miðað við aðra ferðakosti. Að ráðamenn og fylgdarlið hafi ákveðið að nýta sér þennan möguleika til þess að komast fljótt og vel á leiðtogafund Nató er ekkert merkilegra en að þessi hópur hafi hugsanlega þurft að leigja sér rútu líka. Nákvæmlega sama hugsunin býr að baki því að leigja flugvél og leigja rútu.

AÐ kalla svona flugvélar einkaþotur er afskaplega villandi. Ingibjörg Sólrún og Geir Haarde eiga ekki þessa þotu. Þau eru ekki komin á það stig ennþá, að þau séu farin að fjárfesta í samgöngutækjum saman, þó svo kossinn hafi verið innilegur á Þingvöllum. Þessi þota var því ekkert þeirra „einka“ neitt. Þetta var bara leiguþota.

OG þá fer þetta allt saman að verða ennþá síður merkilegt. Ég get ekki séð annað en að hugtakið leiguflug, áðurnefnt, eigi afskaplega vel við þennan ferðamáta. Og ef þetta er leiguflug, þá er spurning hvort reiðir þingmenn telji ekki við hæfi að storma upp í pontu og hneykslast á för tugþúsunda Íslendinga til sólarlanda á ári hverju í leiguflugi. Eða eins og hinir reiðu ættu þá að kalla það, í þágu samkvæmninnar: Í einkaþotu.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 5. apríl, 96. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	6.30	13.30	20.32
Akureyri	6.11	13.15	20.21

Heimild: Almanak Háskólans

Vorið nálgast

VÅREN blómapottur galvaníserað, ryðfrítt stál innanmál Ø11 H11 cm **95,-**

VÅREN kassi m/handfangi galvaníserað, ryðfrítt stál L30xB15, H10 cm **595,-**

VÅREN blómastöng ýmsir litir **195,-/3 í pk.**

VÅREN teppi 100% pólyester ýmsir litir L170xB130 cm **495,-/stk.**

595,-

VÅREN blómapottur m/handföngum galvaníserað, ryðfrítt stál innanm. Ø26, H10 cm

VÅREN kassi m/handföngum galvaníserað, ryðfrítt stál L40xB30, H10 cm **895,-**

395,-/stk.

VÅREN púðar ýmsir litir L35xB35 cm

VÅREN blómamerkingar galvaníserað, ryðfrítt stál 20 stk. B7, H15 cm **195,-**

VÅREN púðar ýmsar tegundir, ýmsir litir L50xB50 cm **695,-/stk.**

VÅREN vefnaðarvara ýmsar tegundir, ýmsir litir B150xL300 cm **995,-**

AGEN skápur m/hurð hvítt B38xD30, H56 cm **3.990,-**



VÅREN blómagrindur ýmsir litir B18, H59 cm **195,-/stk.**

VÅREN garðkanna galvaníserað, ryðfrítt stál H14 cm 0,5 l. **295,-**

AGEN hangandi körfur 100% sterkar júta-basttrefjar, handofið, hvítt 3 stk. H128 cm **1.990,-**

995,-

SALVIA standur f/blómaker galvaníserað, ryðfrítt stál L51xB19, H16 cm

VÅREN púðar 100% silki ýmsir litir Ø35 cm **1.190,-/stk.**

VÅREN gervikvistur kirsuberjablóm, hvítt L84 cm **295,-**

AGEN karfa m/handföngum handofin, hvítt Ø52, H51 cm **3.490,-**

VÅREN mottur hvítt/grænt L90xB60 cm **1.490,-/stk.**

1.290,-/stk.

VÅREN púðar 100% silki, ýmsir litir L38xB18 cm

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
IKEA FOOD

Mexíkóréttur
m/grilluðu grænmeti, hrísgrjónum og kjúklingasalsasósu

Nýr réttur!
660,-
IKEA FOOD

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008